



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

4. nóvember 2007 – 300. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## SUNNUDAGUR



### Jón gaf stjórnunum vatn

Stórleikarar drukku Icelandic Glacial á BFI-kvikmyndahátíðinni.

FÓLK 30

### Fákeppni og neytendavernd

Illugi Gunnarsson og Svandís Svavarsdóttir velta fyrir sér hvort opinbert eftirlit með markaðnum sé nægjanlegt hér á landi.

BITBEIN 8

### Þjóðskáld skilið út undan

Friðrik Olgeirsson segir Davíð Stefánsson hafa liðið fyrir litla stjórnmálaþátttöku.

FÓLK 30

### Jafnt í stórleiknum

Arsenal og Man. Utd gerðu jafntefli í toppslag enska boltans í gær. William Gallas bjargaði stigi fyrir Arsenal með marki í uppþóttartíma.

ÍPRÓTTIR 22

### VEÐRIÐ Í DAG



**HVÖSS SUÐVESTANÁTT** um allt Vesturland, stormur um tíma á Vestfjörðum. Hægari vindur annars staðar, úrkoma vestanlands, en þurr eystra.

VEÐUR 4

## Offita aldraðra áhyggjuefni

Öldrunarlæknir segir vaxandi offitu og hreyfingarleysi munu hrjá eldri borgara í auknum mæli og afleiðingar þess verða heilbrigðistkerfinu þungur baggi. Fólk verði að huga vel að eigin heilsu á efri árum.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Lífaldur hækkar og öldruðum fjölga hlutfallslega. Það er ljóst að mörg ný vandamál munu steðja að heilbrigðiskerfi okkar vegna þessa,“ segir Tryggvi Egilsson, öldrunarlæknir á Landspítalanum og Hrafnistu.

Tryggvi hefur gert athugasemdir á þeim heilsufarsvandamálum sem líklegt er að hrjá eldri borgara í framtíðinni. Hann telur kvíðvænlega tíma fram undan. „Vaxandi offita, hreyfingarleysi og afleiðingar þess munu reynast heilbrigðiskerfinu þungur baggi í framtíðinni auk þess sem búast má við fleiri tilfellum áunninnar sykursýki,“ segir Tryggvi. Þá telur hann að berklatilfellum gæti fjölgað verulega, sem og sýkingum vegna ónæmra baktería. Hann bendir á að litlar framfarir

hafi orðið í berklameðferð undanfarið og þróun sýklalyfja hafi ekki haldið í við þróun baktería.

Þó að komandi vandamál heilbrigðiskerfisins séu mikil tekur Tryggvi fram að ekki blasi við algert svartnætti. Miklar framfarir hafi orðið á meðferð ýmissa sjúkdóma, ljóst sé að margir aldraðir séu að verða meira sjálfbjarga með fjölgun gerviliðaaðgerða og augnaðgerða auk annarra úrræða svo sem gönguhjálpartækja. Þá hafi dregið úr reykingum og það muni lækka tíðni erfiðra sjúkdóma.

Nýlega var haldin ráðstefna í tilefni afmælis tveggja hjúkrunarheimila Hrafnistu. Var þar litið til framtíðar í tengslum við öldrunarmál og segir Sveinn H. Skúlason, forstjóri Hrafnistu, að í framtíðinni verði lögð

áhersla á að aldraðir geti búið sem lengst á heimili sínu. Hann segir langa biðlista eftir hjúkrunarheimilum skýrast að hluta af því að fólk sé hrætt við að vera eitt, en með auknum stuðningi og heimaþjónustu verði hægt að draga úr biðlistum og auka þjónustu hjúkrunarheimila.

„Fólk verður samt að reyna að haga lífi sínu þannig að það geti verið sjálfbjarga þegar það verður eldri,“ segir Tryggvi. Hann bendir á að líkur séu að fjöldi aldraðra muni tvöfaldaast á næstu þremur til fjórum áratugum þótt Íslendingum í heild muni aðeins fjölga um fimmting. Fólk verði því að taka ábyrgð á sjálfu sér og reyna að tryggja velferð sína á efri árum. Það geri það best með því huga vel að eigin heilsu.

- kdk



**ÁRLEG HUNDAGANGA** Hundaræktarfélag Íslands stóð fyrir sinni árlegu hundagöngu niður Laugavegin í gær. Nokkur hundruð ferfælingar mættu til göngunnar í fylgd eigenda sinna. Hundarnir hegðuðu sér vel í göngunni og voru eigendum sínum til sóma. Var það mál viðstaddir að hundagangan hefði farið einstaklega vel fram í alla staði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Barnaverndarmálum fjölga: Minni tími fyrir alvarlegri mál

**BARNAVERND** Tilkynningum til barnaverndar fjölgaði mikið milli árshefninga 2006 og 2007. Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir tilkynningum hafa fjölgað mikið síðustu ár. Þó sé fjölgun starfsmanna barnavernda í sveitarfélögum ekki merkanleg. Það sé áhyggjuefni þar sem minni tími gefist til að sinna alvarlegustu málunum.

- kdk, - jss/ sjá síðu 4

## Vill losna við birgðirnar: Kona selur eigin brjóstamjólk

**BANDARÍKIN** Bandarísk kona, sem situr uppi með birgðir af eigin brjóstamjólk, hefur keypt dagblaðsauglýsingu til að reyna að finna kaupanda.

Konan segir að frystikistan sín sé full af brjóstamjólk, þar sem fjögurra mánaða dóttir hennar vill ekki drekka hana nema beint úr brjóstinu. Brjóstamjólk má geyma í hálf ár við góðar aðstæður.

- sgj

## Sigríður Snæbjörnsdóttir og Sigurður Guðmundsson eru komin heim frá Malaví: Mikilvægara að kenna fátækum að búa til peninga en ausa í þá fé

**ÞRÓUNARABSTOD** „Það er eitthvað að þegar vestræn ríki dæla peningum til Afríku í marga áratugi en ungbarnadauði eykst samt sem áður,“ segja Sigríður Snæbjörnsdóttir og Sigurður Guðmundsson í viðtali við Fréttablaðið í dag. Hjónin dvöldu við Apaflóa í Malaví í eitt ár og störfuðu við uppbyggingu heilbrigðisþjónustu.

Sigríður og Sigurður segja mikilvægara að kenna fátækum að búa til peninga en að ausa í þá fjármunum sem komast sjaldan til þeirra sem þá þurfa. „Einn höfðinginn þarna sagði „hættið að gefa okkur peninga og gefið



**SIGURÐUR OG SIGRÍÐUR** Eru komin heim eftir eins árs starf við uppbyggingu heilbrigðisþjónustu í Malaví.

okkur menntun í staðinn“. Og þetta er satt,“ segja þau.

Lífslíkur í Malaví eru um 43 ár og vannæring skerðir þroska margra malavískra barna. Þau segja nauðsynlegt að styrkja innviði samfélagsins, enda sé heimsókn til landsins líkt og ferðalag hundrað ár aftur í tímann. Í malavísku samfélagi skipa hjátrú og svartigaldur stóran sess og forneskjulegar hugmyndir hafa áhrif á samfélagsgerðina.

Hjónin segja sjálfsbjargarviðleitnina minnka þegar þjóðinni er kennt að rétta út hendurnar. „Fólk virðist oft bara bíða eftir að lifið renni hjá,“ segir Sigríður.

- kdp / sgj / sjá síðu 12

**KRAKKADAGAR**  
Opið í dag kl. 13 - 18  
Smiðing  
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERJA


**JUST 4 KIDS**  
OPNAR EFTIR  
**6**  
DAGA!





# Sum tryggingafélög eru ekki eins og flest tryggingafélög

## Ánægjuvog tryggingafélaga 2006



Samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni eru viðskiptavinir TM þeir ánægðustu af viðskiptavinum tryggingafélaga.

## Í einu tilliti erum við þó öll eins:

Okkur þykir gott að fá hrós fyrir vel unnin störf.

Samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni eru viðskiptavinir TM þeir ánægðustu af viðskiptavinum tryggingafélaga.

Að sama skapi getum við fullyrt að ef ánægjumæling færi fram á meðal starfsfólks félaganna myndi hún örugglega leiða í ljós að við erum það tryggingafélag sem er ánægðast með viðskiptavini sína.

Takk fyrir traustið!

TM Ánægja

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is



GJALDMIDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	58,85 59,13
Sterlingspund	122,51 123,11
Evra	85,13 85,61
Dönsk króna	11,420 11,486
Norsk króna	10,844 10,908
Sænsk króna	9,193 9,247
Japanskt jen	0,5123 0,5153

SDR 92,54 93,10

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
113,6952  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands



SKEMMDIR Aðkoman er ljót eftir eldsvoðann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eldsvoði á Seltjarnarnesi:

## Kveikt í rusli

**SELTJARNARNES** Eldur kom upp á svölum við Austurströnd á Seltjarnarnesi á sjöunda tímanum í gær. Slökkvilið var kvatt á vettvang og gekk greiðlega að ráða niðurlögum eldsins.

Að sögn slökkviliðs kom eldurinn upp í rusli og breiddist síðan í grindverk og sólpall. Talið er að um íkveikju hafi verið að ræða. Engin slys urðu á fólki. - rh

Sendinefnd SP í Búrma:

## Ræðir við herforingjastjórnina

**BÚRMA, AP** Sendinefnd frá Sameinuðu þjóðunum, undir forystu Ibrahim Gambari, kom til Búrma í gær. Þetta er önnur tilraun Sameinuðu þjóðanna til að sætta herforingjastjórnina og lýðræðissinnaða mótmælendur.

Gambari flaug beint til fundar við hæstráðendur herforingjastjórnarinnar. Fyrri viðræður þeirra höfðu reynst árangurslausar, en Gambari hafði einnig hitt Aung San Suu Kyi, leiðtoga lýðræðissinnaðra mótmælenda, sem situr í stofufangelsi. - sgi

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Ölvaður keyrði út af

Ölvaður ökumaður velti bíl sínum og hafnaði utan vegar á Holtavörðuheidi aðfaranótt laugardags. Maðurinn var einn á ferð. Hann var færður á lögreglustöðina í Borgarnesi þar sem tekið var blóðsýni. Bíllinn er ókufær eftir veltuna.

Sjálfstæðismenn gagnrýna mikinn hraða við ákvörðun um verkefni REI erlendis:

## Áfram útrás á Filippseyjum

**ORKUMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) fundaði í gær og ákvað að styðja áfram við bakið á Reykjavík Energy Invest (REI) í einkavæðingu á filippseysku fyrirtæki. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks sátu hjá við afgreiðslu málsins og segja heildarfjármögnun nema 12-15 milljörðum króna.

Í tilkynningu frá stjórn OR segir að með ákvörðuninni sé staðið vörð um hagsmuni almennings þar sem talsverðum fjármunum hafi þegar verið varið í verkefnið, auk þess sem standa þurfi vörð um trúverðuleika REI.

Unnið er að því að REI og Geysir Green Energy eignist ráðandi hlut í

filippseyska orkufyrirtækinu PNOC-EDC í bandalagi við heimamenn.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í stjórn OR gera alvarlegar athugasemdir við hraðann sem hafður var við afgreiðslu málsins. Í bókun þeirra kemur fram að svo mikið hafi legið á að haldinn hafi verið aukafundur í gær til að afgreiða málið. Fulltrúar í stjórn hafi haft sólarhring til að móta afstöðu til málsins.

Í bókun sjálfstæðismanna segir ennfremur að full ástæða sé fyrir OR og dótturfyrirtæki að halda að sér höndunum með skuldbindingar í áhættusömum sverkefnum í fjar-



STJÓRNARFUNDUR Stjórn OR fundaði á föstudag, en annar fundur var haldinn í gær til að ræða útrásarverkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lægum löndum meðan stýrihópur borgarráðs hafi ekki mótað stefnuna varðandi útrásarverkefni OR. - bj

## Á fjórða þúsund börn í vanda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda hefur fjölgað mikið á milli árshelminga 2006 og 2007. Langflestar eru frá lögreglu. Tilkynningum um kynferðisofbeldi gagnvart börnum fjölgaði um 54 á sama tímabili. Formaður Barnaverndar Reykjavíkur segir spurningu um hvort forræðissviptingu þurfi að beita oftar.

**BARNAVERND** Tilkynningum til barnaverndarnefnda hér á landi fjölgaði mjög á milli ára 2006 og 2007, um ríflega eitt þúsund. Á fyrstu sex mánuðum síðasta árs voru þær 3.321 talsins en samtals 4.383 á fyrstu sex mánuðum þessa árs.

Þetta sýna nýjar niðurstöður Barnaverndarstofu sem hefur nú borið saman fjölda tilkynninga milli fyrstu sex mánaða beggja ára. Samkvæmt þessu er aukningin á fjölda tilkynninga milli ára tæp 32 prósent. „Ég finn til með öllum þessum börnum hvort sem þau eru árgömul eða á unglingsaldri,“ segir Guðjón Ólafur Jónsson, formaður Barnaverndar Reykjavíkur. Hann segir að mörg þeirra mála sem koma inn á borð hjá Barnavernd séu vegna vímuefnaneyslu foreldra en það sé þó ekki einhlítt.

Samtals 3.078 tilkynningar voru af höfuðborgarsvæðinu og 1.305 af landsbyggðinni. Fjöldi barna sem tilkynnt var um reyndist vera 3.567, en í sumum tilvikum var tilkynnt oftar en einu sinni um sama barn. Til samanburðar var tilkynnt um 3.092 börn á



**BARNAVERNDARMÁL** Fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu sex mánuðum þessa árs reyndist vera 3.567, en í sumum tilvikum var tilkynnt oftar en einu sinni um sama barn. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

fyrstu sex mánuðum ársins 2006, þannig að aukningin milli ára er 15 prósent. Barnaverndarnefndir hófu könnun á högum 1.487 barna af þeim sem tilkynnt hefur verið um á þessu ári.

„Því miður er það þannig að mál fólks sem hefur verið í langvarandi vímuefnaneyslu

koma ítrekað inn á borð til okkar,“ segir Guðjón. Hann segir að vissulega spyrji starfsmenn Barnaverndar sig hvort ekki sé oftar ástæða fyrir forræðissviptingu en raun ber vitni. „Það er samt mjög harkaleg aðgerð að taka barn frá foreldri og því þarf að fara mjög varlega í þeim efnum.“ Fimm til tíu foreldrar eru sviptir forræði barna sinna á ári.

Fjölgun tilkynninga til barnaverndarnefnda má einkum skýra með fjölda lögregluskýrsla, að því er fram kemur hjá Barnaverndarstofu. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2006 bárust barnaverndarnefndum 1.813 tilkynningar frá lögreglu en á árinu 2007 voru þær 2.568.

Tilkynningum um kynferðisofbeldi gagnvart börnum fjölgaði á milli ára. Fyrstu mánuði 2006 voru þær 172 en 226 á árinu 2007. Fjöldi tilkynninga sem berast í

### MINNI TÍMI FYRIR ALVARLEGUSTU MÁLIN

„Síðustu fimm ár hefur fjölgun barnaverndarmála verið sérstaklega hröð,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu. Hann telur alvarlegt að starfsmönnum í barnaverndarnefndum sveitarfélaga hafi ekki fjölgað svo merkjanlegt sé og því sé álag á starfsmenn mikið.

Fjölgunin skýrist aðallega af breyttum starfsháttum lögreglu og vaxandi trausti almenn-

ings á barnavernd. Mörg þessara mála séu ekki af alvarlegum toga en þurfi samt sem áður að sinna.

„Það sem veldur mér helst áhyggjum er að með auknu álagi á starfsmenn gefst þeim minni tími til að sinna alvarlegum málum. Eg velti fyrir mér hvort við séum ekki komin að hættumörkum hvað þetta varðar,“ segir Bragi. - kdk



BRAGI GUÐBRANDSSON

# EIMSKIPS - Bikarinn

## Stjarnan - HK

í dag 4.nov kl 17.00  
Í íþróttahúsinu Mýrinni Garðabæ

Fjölmennum á fræbæra skemmtun og styðjum okkar lið

## VEÐURSPÁ

**um hádegi »**

**um hádegi »**

Kaupmannahöfn	9°C léttskýjað	London	13°C rigning	Eindhoven	12°C léttskýjað
Billund	9°C skýjað	Paris	14°C skúrur	Basel	11°C skýjað
Oslo	6°C léttskýjað	Frankfurt	13°C skúrur	Alicante	19°C léttskýjað
Stokkhólmur	7°C skúrur	Friedrichshafen	12°C léttskýjað	Róm	24°C skúrur
Gautaborg	6°C skýjað	Berlín	10°C skýjað	Las Palmas	23°C skúrur

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

**» á morgun**

Norðlæg átt, víða 5-10 m/s.

**» þriðjudagur**

Hvöss vestanátt, 14-20 m/s víða.



# SPÓLVÖRN

CINTAMANI gönguskórnir eru með Green Diamond sóla. Í sólanum eru þúsundir harðkorna sem gefa besta mögulega grip við allar aðstæður. Green Diamond er íslensk uppfinning.

Gerð: Hrund og Hróbjartur

Stærðir: Dömu 36-41 og herra 41-46

Efni: Leður með öndunarfilmu og vatnsvörn

Verð: 16.990 kr.

[WWW.CINTAMANI.IS](http://WWW.CINTAMANI.IS)



SPJARABU ÞIG



Var rétt af borgarráði að hafna samruna Reykjavík Energy Invest og Geysir Green Energy?

Já 76%  
Nei 24%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var það rétt ákvörðun hjá lögreglu að vísa Vítisenglum úr landi?

Segðu þína skoðun á visir.is



Hátt í milljón manns eru án heimilis eftir stórflóð í Tabasco-héraði í Mexíkó:

# Örvænting á flóðasvæðunum

**MEXÍKÓ, AP** Hundruð þúsunda flóðu flóðasvæði í austurhluta Mexíkó í gær. Á flæddu yfir bakka sína eftir gríðarmikla rigningu síðustu viku og hafa flóðin sökk um áttatíu prósentum af Tabasco-héraði.

Felipe Calderon, forseti Mexíkó, kallar flóðin einar verstu náttúruhamfarir síðari tíma. Einn hefur látist í flóðunum og er samfélagið nær lamað vegna þeirra. Drykkjarvatn og mat skortir og nær helmingur íbúa héraðsins, sem um tvær milljónir búa í, er nú án heimilis. Örvæntingarfullt fólkið gerði gripdeildir í stórmörkuðum til að seða hungrið.

Aðstoðarheilbrigðisráðherra landsins hefur varað við mögulegum kólerufaraldri. Um 150 heilsgæslustöðvar voru óstarfhæfar vegna flóðanna. Farsíma-samband liggur niðri.

Fjöldi fólks í Mexíkó hefur gefið peninga eða vistir í söfnunum fyrir fórnarlömb flóðanna. Bankar voru opnir á föstudag til að taka við framlögum, þrátt fyrir



Í LEIT AÐ ÞURRU LANDI í bænum Villahermosa voru tugþús- undir manna fastar á þökum húsa sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

að dagurinn væri Dagur hinna dauðu, sem er almennur frídagur.

Á föstudag lauk rigningunum, en von er á meiri úrkomu næstu daga. Óttast er að við það muni flóðin aukast á ný.

Fagna 200 ára afmæli 2011:

# Undirbúningur nefndar hafinn

**STJÓRNMÁL** Nefnd sem forsætisráðherra skipaði í sumar til að undirbúa hvernig minnst eigi þess að 17. júní 2011 verða liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta hefur tekið til starfa.

Nefndin auglýsir eftir hugmyndum um hvernig megi minnst tímamótanna, og geta áhugasamir sent forsætisráðneytinu póst. Einnig mun nefndin leita eftir hugmyndum frá stofnunum og samtökum sem tengjast minningu Jóns.

Nefndin á að skila fyrstu tillögum eigi síðar en í árslok 2008, og vinna síðan að undirbúningi hátíðarhaldana til 2011. - bj

## Eldri borgarar 60+

### Byrjendur

30 kennslustunda byrjendanaámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færara að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 6. nóv. og lýkur 27. nóv. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

### Framhald I

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 5. nóv. og lýkur 26. nóv. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

**TÖLVUSKÓLINN ÞEKING**  
FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210  
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS



# Veiðipjófar ræna laxi úr perlu Reykjavíkur

Erlendir veiðipjófar sluppu með sex hrygningarlaxa úr Elliðaánum í síðustu viku að sögn sjónarvotts. Hringt var í lögreglu en hún greip í tómt segir aðalvarðstjóri. Formaður árnefndar kveður stöðugt áreiti á Elliðaánnar áhyggjuefni.

**LÖGREGLUMÁL** Vitni segir tvo veiðipjófa hafa tekið sex laxa úr Elliðaánum fyrir sléttri viku án þess að lögregla sem gert hafi verið viðvart hafi komið á staðinn til að stoppa þá af.

„Þetta er framhald af því vandamáli sem við höfum þurft að glíma við,“ segir Haraldur Eiríksson, markaðsfulltrúi Stanga-veiðifélags Reykjavíkur sem leigir Elliðaánnar af Orkuveitu Reykjavíkur.

„Tveir menn birtust vopnaðir spónastöngum og hófu veiðar neðan við göngubrúna niður undan Breiðholtsbraut. Á skömmum tíma voru teknir sex laxar. Vitni hringdu á lögreglu en því miður mætti hún ekki á staðinn og því héldu mennirnir á brott með aflann óáreittir,“ er lýsingin á vef Stanga-veiðifélagsins.

Þórður Þórðarson, aðalvarðstjóri hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins, segir það ekki rétt að lögregla hafi ekki farið á staðinn. Hann segir að á sunnudaginn klukkan sex mínútur yfir þrjú hafi verið tilkynnt um tvo menn að veiðum í Elliðaánum. „Það voru sendir þangað lögreglumenn sem óku niður eftir reiðstíg með ánni en sáu engan,“ segir Þórður, sem kveður veiðipjófa í Elliðaánum iðulega vera útlendinga frá austantjaldslöndunum. „Þeir virðast ekki skilja neitt eða vilja heyra,“ útskýrir hann.

Elliðaánnar, sem hafa verið kallaðar perla Reykjavíkur, hafa átt undir högg að sækja á undanförmum áratugum vegna útpenslu byggðar og síaukinnar umferðar.



HEYVAÐSHYLUR Tveir þjófar eru sagðir hafa veitt sex laxa í Elliðaánum á sunnudaginn og horfið óáreittir með þá á braut þótt sjónarvottur hafi gert lögreglu viðvart. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Peir virðast ekki skilja neitt eða vilja heyra.

ÞÓRÐUR ÞÓRÐARSON  
AÐALVARÐSTJÓRI

Vaxandi veiðipjófnaður bætir þar ekki úr skák, sérstaklega ekki á viðkvæmum hrygningartíma laxins.

„Við erum með harðar reglur hvað varðar agn, kvóta og veiðitíma í Elliðaánum og Orkuveitan tvöfaldaði gæslu og líka nætur-gæslu þegar þetta vandamál var

hvað mest í sumar,“ segir Haraldur, en þetta virðist ekki duga til.

„Við erum áhyggjufullir gagnvart þessum veiðipjófnaði og þessu stöðuga áreiti sem ánum er sýnt. Hins vegar er reynt að stemma stigu við þessu með aukinni gæslu en ef einbeittur vilji er fyrir hendi er alltaf hægt að fara á svig við reglurnar. Þetta er lúalegt en ég held að menn viti kannski ekki betur,“ segir Þorleifur Fr. Magnússon, formaður árnefndar Elliðaánnar hjá Stanga-veiðifélaginu.

gar@frettabladid.is

Biblúmarapön unglunga úr æskulýðsstarfinu Meme í Digraneskirkju:

# Unglingarnir kepptust um Ljóðaljóðin

**BIBLIÁN** „Krakkarnir skemmtu sér hið besta við Biblúlesturinn,“ segir Stefán Sveinsson, leiðtogi í æskulýðsstarfi Digraneskirkju, um Biblúmarapön sem unglingar í 9. og 10. bekk úr æskulýðsstarfinu Meme stóðu fyrir frá klukkan 17 á föstudegi til klukkan 17 á laugardegi.

Stefán segist reyndar ekki viss um hvort það hafi verið félagsskapurinn eða lestur nýrrar þýðingar á hinni helgu bók sem varð til þess að krakkarnir skemmtu sér vel.

„Bókin er rúmlega 1.700 síður og af þeim tókst okkur að lesa 445 síður,“ segir Stefán. Hann telur að ef lesa hefði átt allar síðurnar hefði þurft um það bil fjóra daga til verksins. „Reyndar er líklegt að við hefðum þurft lengri tíma því við völdum úr kafla sem við töldum höfða vel til ungs fólks og slepptum þeim tyrfnustu,“ segir hann.

Telur Stefán líklegt að Ljóðaljóðin hafi vakið mesta athygli krakkanna en sá hluti Biblúnnar þykir nokkuð erótískur. „Jú, það var nú reyndar nokkur barátta um hvaða hópur fengi að lesa þau,“ segir Stefán og hlær. Hann segist ekki efast um að marapönin hafi kveikt frekari áhuga meðal unglunganna á textum bókarinnar. Allur lestur úr kirkjunni var sendur á netið og því



BIBLÚMARAPÖN Klara Rákel Grétarsdóttir les upp úr Biblúni þegar 22 stundir eru liðnar af marapöninu. Gunnar Óli Markússon bíður þess að taka við upplestrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

gátu áhugasamir ástvinir fylgst með unglungunum hvar sem þeir voru staddir í veröldinni. Lögð var áhersla á að krakkarnir væru snyrtilega klæddir við lesturinn en í hléum mátti klæðast náttfötum í kirkjunni. - kdk

ISIG barnasvunta  
**395,-**

**Kanntu jól að baka?**

Opið 10-20 virka daga | Laugardaga 10-18 | Sunnudaga 12-18

# ÍPRÓTTA- HETJAN

2 miðar í bíó!



## Komdu við hjá okkur og sparaðu pening á leiðinni í bíó!

ÍPRÓTTAHETJAN er frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna og okkur hjá Byr er sönn ánægja að bjóða þér á myndina.

Komdu í heimsókn, tæmdu baukinn þinn og þú færð 2 miða á myndina.\*  
– góða skemmtun!



\*Gildir á meðan birgðir endast.

BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | [www.byr.is](http://www.byr.is)







# Nýr BMW X5

BMW X5 línan

[www.bmw.is](http://www.bmw.is)



Sheer  
Driving Pleasure

## BMW X5. Nýtt meistaraverk á ferð.

Framúrskarandi hönnun er ekki aðeins veisla fyrir augað, heldur felur hún einnig í sér fágætt samspil forms og notagildis. Nýi BMW X5 úrvallsjeppinn er sannkölluð völundarsmíði, þar sem hugað hefur verið að hverju atriði, sama hversu smátt. Breitt úrval aukahluta gerir þér jafnframt kleift að sníða hann að persónulegum þörfum þínum.

BMW X5 3.0si	kr. 6.450.000
BMW X5 3.0d	kr. 6.750.000
BMW X5 3.0si LUX	kr. 7.530.000
BMW X5 3.0d LUX	kr. 7.830.000



Með bílinn handa þér



Hugheilar þakkir ferum við öllum þeim sem auðsýnt hafa samúð og blyhubug við andlát og útför okkar ástkæru

**Lilju Guðrúnar  
Hannesdóttur**  
Skúlagötu 20, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítala Landakoti

Systkin, föstursystkin og aðrir vandamenn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**Rannveig Jónsdóttir**  
Sólheimum 23 SE, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 1. nóvember á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut. Jarðarförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 9. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á krabbameinsdeild Landspítalans og Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands.

Alois Raschhofer  
Birgit Raschhofer  
Róbert Jón Raschhofer  
barnabörn, Ásmundur Jónsson og fjölskyldur.

Jóhann Pétur Guðvarðarson  
Margarete Schrems



Ástkær sonur minn, faðir og afi,

**Birgir Andrésen**

sem lést fimmtudaginn 25. október sl., verður jarðsönginn frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 6. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á að láta Blindrafélagið, Hamrahlíð 17, njóta þess.

Andrés Gestsson  
Arnaldur Freyr Birgisson  
Ingólfur Breki Arnaldsson



Ástkær faðir okkar og afi,

**Svavar Pétursson**

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 29. október. Útför fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 5. nóvember kl. 13.00.

Jóhanna Karlotta Svavarsdóttir  
Pétur Áskell Svavarsson  
Svavar Kári Svavarsson  
Eva Valdís Hákonardóttir



Elskulegur faðir okkar og bróðir,

**Hörður Hugji Jónsson**  
Hamraborg 20, Kópavogi,

lést á Landspítalanum 1. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Jón Þór Harðarson  
Ólafur Jóhann Harðarson  
Anna Sigurbjörg Harðardóttir  
Hugrún Harðardóttir  
Elisabet Jónsdóttir  
Birgir Jónsson  
Lilja Jónsdóttir  
Tómas Jónsson

ART GARFUNKEL TÓNLISTARMAÐUR ER 66 ÁRA Í DAG

„Paul er mjög skapandi listamaður en ég er þessi ítarlega, nákvæma, agaða manngerð.“

Tónlistarmaðurinn og söngvarinn Art Garfunkel er þekktastur fyrir að vera með Paul Simon í dúóinu Simon and Garfunkel.



PETTA GERÐIST: 4. NÓVEMBER ÁRIÐ 1911

## Roy Rogers fæðist

Leonard Slye, sem síðar varð þekktur undir nafninu Roy Rogers, fæddist þennan dag árið 1911 í Cincinnati í Ohio. Rogers kom til Hollywood árið 1920 og starfaði þá við ávaxtatíslu.

Snemma á fjórða áratugnum gekk hann til liðs við sönghópinn Uncle Tom Murray í Hollywood Hillbillies, sem söng fyrst í útvarp árið 1931. Annar sönghópur sem Rogers söng með var fenginn til að leika í ódýrum vestra og upp frá því fékk Rogers æ stærri hlutverk í bíómyndum. Hann heillaði lýðinn ásamt hesti

sínum Trigger og mótleikkonu Dale Evans og varð brátt einn af tíu launahæstu leikurum Hollywood. Þegar eiginkona Rogers lést árið 1946 kvæntist hann Dale Evans, sem leikið hafði á móti honum um árabíl.

Rogers stjórnaði einnig vinsælum útvarpsþætti, The Roy Rogers Show, sem var breytt í sjónvarpsþátt árið 1951. Hann varð einn auðugasti maður Hollywood og átti fasteignir, nautgripi, hesta, ródeó-sýningar og veitingastaðakeðju. Roy Rogers lést árið 1998.



## tímamót

tímamot@frettabladid.is

AKRANESDEILD RAUÐA KROSSINS: ÞJÓÐAHÁTÍÐ Á VÖKUDÖGUM Í FYRSTA SINN

## Með fjársjóði í farteskinu

Akranesdeild Rauða krossins hefur verið að byggja upp starf með innflytjendum frá því í febrúar.

Anna Lára Steindal er verkefnastjóri deildarinnar og segir starfið hafa gengið svo vel að ákveðið hafi verið að halda þjóðahátíð í bænum.

„Vökudagar eru haldnir á hverju ári á Akranesi og eru menningarhátíð bæjarins. Okkur fannst alveg kjörið að leggja áherslu á fjölmenningu af þessu tilefni,“ segir Anna Lára, sem segir það hafa komið verulega á óvart að íbúar Akraness séu af 21 þjóðerni.

„Það eru alls þrjú hundruð manns af erlendu þjóðerni með lögheimili á Akranesi og ég geri ráð fyrir að þjóðernin séu fleiri því sumir sem vinna í bænum eru með lögheimili annars staðar,“ segir hún en alls búa 6.000 á Akranesi þannig að erlendir íbúar eru núna um fimm prósent íbúanna.

„Þjóðahátíðin verður haldin í dag klukkan tvö til sex á kaffihúsinu Skrúðgarðinum og við erum búin að stefna saman fólki af ólíkum uppruna sem verða með tíu til tólf kynningarbása frá jafnmörgum þjóðum til þess að kynna þjóð sína og menningu,“ segir Anna Lára.

„Það er misjafnt hvað fólk ætlar að sýna. Sumir verða í þjóðbúningum og sýna myndir, aðrir með matarsmakk þannig að fólk getur gengið á milli og séð hvað er í boði.“

Skemmtidagskrá verður samhlíða kynningunum þar sem ýmiss konar atríði verða sýnd. „Það verða til dæmis filippeyskir og skoskir dansar auk línudansa og sænskir, íslenskir og keltneskir söngvar,“ segir Anna Lára og bætir við að dagskráin muni dreifast yfir daginn.

„Þetta er í fyrsta sinn sem haldin er svona hátíð á Akranesi og fólk hefur sýnt þessu mikinni áhuga og veit greinilega hvað er í bígerð. Við settum upp sýningu í anddyrinu á Bónus þar sem eru myndir frá tólf löndum og fáni



ÞJÓÐAHÁTÍÐ Anna Lára Steindal í góðum félagsskap íbúa af erlendum uppruna á Akranesi.

við hverja mynd. Þar kemur líka fram nafnið á fólkinu og hvað það hefur búið lengi á Akranesi en það er allt frá þremur mánuðum og upp í 28 ár,“ segir Anna Lára.

Hún telur að fjölmennung komi öllum við þrátt fyrir að þessi hátíð fjalli sérstaklega um fjölmenningu á Akranesi. „Íbúar af erlendum uppruna eru náttúrulega með fjársjóði í farteskinu. Það hefur verið alveg óborganlega skemmtilegt fyrir mig að kynna öllu þessu fólki frá ólíkum stöðum og með ólíkar venjur og siði. Við getum öll lært hvert af öðru,“ segir Anna Lára og vonast til að sjá sem flesta á hátíðinni.

sigridurh@frettabladid.is



Faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur J. Einarsson**

áður Hofslundi 19, Garðabæ,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð, Garðabæ, föstudaginn 2. nóvember.

Sjöfn Ólafsdóttir  
Eyjólfur Sigurðsson  
Inga Jóna Andrésdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðný Skeggjadóttir**

Strandvegi 11, Garðabæ,  
áður Álfhólsvégi 33, Kópavogi,

sem lést á líknardeildinni í Kópavogi 28. október síðastliðinn verður jarðsönginn frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 6. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar, sími 543-1159. Fjölskyldan vill færa hjúkrunarþjónustunni Karitas og líknardeildinni í Kópavogi sérstakar þakkar fyrir ómetanlegt starf og umhyggju í garð hinnar látnu og aðstandenda hennar. Séu til englar á jörðu hér þá eru þeir allir saman komnir í þessu góða fagfólki.

Guðmundur K. Ingimarsson  
Skeggi Guðmundsson  
Hólmfríður E. Guðmundsdóttir  
Henning Arnór Úlfarsson  
Salka Kristinsdóttir og Kolka Henningsdóttir

Katrín J. Sigurðardóttir  
Úlfar Henningsson  
Emilía Lóa Halldórsdóttir



Innilegar þakkir ferum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og blyhubug við útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðrúnar Fjólú  
Sigurðardóttur**

Lækjarhvammí 7, Búðardal.

Sérstakar þakkar ferum við starfsfólki Dvalarheimilisins Silfurtúns í Búðardal fyrir einstaka alúð og umönnun.

Hannes Gunnlaugsson  
Sigurður Gunnlaugsson  
Gunnlaugur Már Sigurðsson  
Halla Steinsdóttir  
Jökull Logi Gunnlaugsson  
Sandra Rún Sigurðardóttir  
Runólfur Gunnlaugsson  
Sigríður Ásta Lárusdóttir  
Elva Björk Runólfsdóttir  
Ásta María Runólfsdóttir  
Sunna Ösp Runólfsdóttir



## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is  
eða hringja í síma 550 5000.

Vaxtalaus jólatilboð



## Löng helgi – Kynnum okkar frábæru jólatilboð

Laugardag frá kl. 11-18, sunnudag frá kl. 13-17

Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm  
Stærð: 2x90x200  
Jólatilboð: Kr. 525.000,-  
Vaxtalaust 12 mán\* . kr. 45.439



Hlíðardýnur og lök fylgja

Chiro Royal: Heilsurúm  
Stærð: 160x200  
Jólatilboð: Kr. 139.900,-  
Vaxtalaust 12 mán\* . kr. 12.218



Hlíðardýna og lak fylgja

Porto: Lyftistóll  
Áklæði: Microfiber  
Jólatilboð: Kr. 149.900,-  
Vaxtalaust 12 mán\* . kr. 13.300



Senseo: Svefnsofi m. 140 heilsudýnu  
Áklæði: Mikið úrval  
Jólatilboð: Kr. 179.900,-  
Vaxtalaust 12 mán\* . kr. 15.516



## Fleiri stórglæsileg jólatilboð í verslun okkar

Minnum á jólatilboðsblað okkar sem dreift var með Fréttablaðinu

\* Mánaðargreiðsla miðað við tilboðsverð á vaxtalausum raðgreiðslum í 12 mánuði með 3,5% lántökukostnaði.



Reykjavík  
Faxafeni 5  
Sími 588 8477

Ísafirði  
Skeiði 1  
Sími 456 4566

Akureyri  
Tryggvabraut 24  
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is  
Opð virka daga frá kl. 10-18 • Löng helgi





**SIGURÐUR OG SIGRÍÐUR HEIMA Í STOFU** Hjónin nutu ferðarinnar en segja þægilegt að vera komin heim aftur. Allsnægtaborðið Ísland hafi upp á margt gott að bjóða. Rólegheitin í malavísku samfélagi voru kærkomin og þau sjá hamaganginn hér heima í svölitið öðru ljósi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hættum að gefa þeim peninga

Hjónin **Sigríður Snæbjörnsdóttir** og **Sigurður Guðmundsson** voru í eitt ár í Afríku og unnu, ásamt öðrum hvítungjum, að uppbyggingu heilbrigðisþjónustu í Malaví. Þau sneru heim reynslunni ríkari og fullviss um að vestræna þróunaraðstoð megi bæta. Við eigum að hætta að gefa fátækum peninga, segja þau við **Klemens Ólaf Prastarson**; kennum þeim frekar að búa þá til.

**Þ**að er eitthvað að þegar vestræn ríki deila peningum til Afríku í marga áratugi en ungbarnadæði eykst samt sem áður. Það er eitthvað að þegar helmingurinn af peningunum fer beint aftur til landsins sem veitir aðstoðina. Og þeir peningar sem fara alla leið lenda svo í höndum einhverra höfðingja. Þá er eitthvað að," segja þau Sigríður Snæbjörnsdóttir og Sigurður Guðmundsson.

Hjónin dvöldu um eins árs skeið við Apaflóa í Malaví og störfuðu við uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar þar. Á meðan fengu þau leyfi frá störfum, en Sigríður er forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Sigurður landlæknir.

„Hún var verkefnisstjórnir og ég var undir henni," segir Sigurður, sem var ánægður með það hlutskipti.

„Ég hefði nú ekki átt annað eftir en að fara til Afríku sem einhver undirkona eiginmanns míns!" skýtur Sigríður inn í og þau hlæja.

Það er gott að koma heim til þeirra hjóna og fá grænt te í eldhúsinu í Fossvogsdalnum. Listi með spurningum blaðamanns reynist með öllu óþarfur; þeim hjónum er mikið niðri fyrir.

## Dropi í hafið

„Við erum í raun að kalla eftir umræðu um þróunaraðstoð vestrænna ríkja. Við sjálf erum afskaplega sátt og stolt af því sem við gerðum þarna, en við náðum að vitað bara að hjálpa nokkrum einstaklingum. Við vorum ekki að hjálpa þjóðinni í heild sinni og við vorum ekki að hjálpa Afríku að vinna ráði," segir Sigurður.

Framlag þeirra hafi vart verið dropi í hafið. „Og 85 prósent fólksins býr til sveita, svo það er erfitt að ná til þess. Það þyrfi að vera ein Sigga í hverju þorpi til að svona aðstoð réði úrslitum," segir hann og heldur áfram: „Malavar eru 14 milljónir. Líflíkur eru um 43 ár.

Helmingur barnanna er lágur vexti út af vannæringu og fjórðungur til viðbótar ber sýnileg merki vannæringar. Samt eru þarna aðstoður til að rækta hvað sem er; frjósöm jörð og veðursælt land. Það er bara eitthvað að, og það eru nokkrir hlutir sérstaklega."

„Þarna er til dæmis spillingin í öllu sínu veldi og það er dyggð að hygla sínum nánustu. Um 70 prósent rekstrartekna ríkisins kemur í formi gjafa erlendis frá og í Malaví er mikið ættbálka- og höfðingjaveldi. Standi fólk frammi fyrir tveimur kostum, að fara að lögum eða fara eftir aldagamalli hefð, þá velur það hefðina og stelur peningunum til að gefa ættingjum. Og það virðist engu máli skipta hvort það eru hvítungjar eða heimafólk; það er alltaf gaman að dreifa peningum og láta aðra sitja og standa eftir skipun."

## Hvað er til ráða?

Þau hjónin telja að gjafaríkin ættu að stilla saman strengi sína og tryggja að peningurinn komist alla leið frá gefanda til þiggjanda. Erfitt sé að uppræta spillinguna í landinu utan frá. „En löndin geta og verða að gera auknar kröfur um nýtingu auranna! Eftirlitið með þessu fé er greinilega ekki nógu skilvirkt," segja þau. Til dæmis fari 30 til 40 prósent gefinna lyfja beint til sjálfstjórnar í öllum stigum samfélagsins. Hvað þá peningarnir.

„Einn höfðinginn þarna sagði „hættið að gefa okkur peninga og gefið okkur menntun í staðinn". Og þetta er satt. Þróunaraðstoð hefur aldrei þótt spennandi umræðuefni hérna heima. Við erum dugleg að veita kríshjálpar, svona plástra á sárin, en raunveruleg þróunaraðstoð er skammt á veg komin. Það þarf að hugsa þetta alveg upp á nýtt og leggja ofuráherslu á menntun. Það tekur kannski mannsaldur en það verður að gerast! Það á að kenna fólkinu að sinna undirstöðu- atvinnuvegum sjálft og í raun búa til hagkerfi. Svo þarf að styrkja inn-

viði samfélagsins og umfram allt hætta að dreifa ölmusu!"

Einnig megi sjálft hjálparstarfsfólkið endurskoða breytni sína. „Hvítungjarnir þarna þurfa að læra mikið og ég er ekki að tala um Íslendingana heldur bara alla sem eru þarna," segir Sigurður. „Við sáum hjálparstarfsmenn tala niður til fólksins og sýna því vanvirðingu. Sumt af því sem við sáum var alls ekki þróunaraðstoð, heldur skilgreiningin á ekki-þróunaraðstoð."

## Hundrað ár aftur í tímann

„Árið í Malaví var einn allra eftirminnegasti tíminn í okkar lífi og lærdómskúrvan fór ansi hratt upp. Þetta land er álíka

frábrugðið því sem við þekkjum og hugsast getur," segir Sigríður og heldur hennar rifjar upp að þau tvö hafi verið saman að því er virðist 37 klukkustundir á sólarhring. Sem var gott. Þau hafi notið lífsins og gengið mikið, hjólað og hugleitt lífið og tilveruna.

„Þetta er ekki staður sem maður heimsækir í helgarferð. Þetta er eins og að fara hundrað ár aftur í tímann frá allsnægtaborðinu hérna heima," segir hún.

„Maturinn er til dæmis ekkert sérstaklega góður þarna, við lögðum bæði af," segir Sigurður og bætir við: „Ég reyndar meira en Sigga, enda mátti ég nú líka betur

við því! Það hafði líka áhrif að við þurftum að keyra í þrjá tíma eftir matnum."

Þjóðarrétti Malava segja þau helst lýsa sem eins konar maís-kornagraut með fátæglegum kjötbitum til skrauts. Landið hafi verið laust við hungursneyð síðustu tvö árin, en það beri einfaldlega ekki þegnana vegna mikillar fólksfjölgunar. „Það er karlmennskumerki að eignast mörg börn þarna og meðalkonan eignast sex afkvæmi á lífsleiðinni," segir lækningarnir.

„Enda gera Malavar ekki svo miklar áætlanir fram í tímann," segir Sigríður: „Lífbaráttan er þung og lífið snýst meira og minna um að eiga í matinn fyrir kvöldið. Þegar búið er að kenna þjóðinni að rétta bara út hendurnar er sjálfsbjargarviðleitnin lítil. Fólk virðist oft bara sitja og bíða eftir að lífið renni hjá."

## Æðruleysi í Apaflóa

„En það var gífurlega áhugavert að kynnast þessu fólki. Þjóð sem hugsar svona allt öðruvísi," segir Sigríður. „Íslendingar berjast auðvitað ekki við sömu hluti og Afríkubúar. Við berjumst við lífsstílsvandamál meðan þau berjast við vannæringu, alnæmi og malaríu. Þarna úti kynntist ég því allra æðruleysasta heilbrigðisstarfsfólki sem ég hef hitt, þrátt fyrir að það taki töluverða áhættu dagsdaglega. Það grætur og syngur í sorg eða þegar einhver deyr, en það skiptir aldrei skapi."

„Og það er líka endalaus hæga-gangurinn eftir því!" segir Sigurður og brosir. Í Malaví ræktuðu þau mjög þá dyggð sem nefnist þolinmæði.

Einn íslenskur starfsmaður Þróunarsamvinnustofnunar fékk ærið tækifæri til að sýna æðruleysi síðasta vetur þegar innbrot var framið á heimili hans. Þá vaknaði hann um miðja nótt umkringdur vopnuðum ræningjum.

„Og við getum leiðrétt eitt hér og nú að maðurinn sem lenti í þessu var ekki fluttur milli landa til að fara í áfallhjálp, eins og sagt var á

Íslandi. Hann tók þessu alveg ótrúlega vel, enda töffari."

Sama megi segja um starfsfólk Þróunarsamvinnustofnunar í Malaví; það vinni gott og mikið starf við erfiðar aðstæður. Þau beri mikla virðingu fyrir því fólki eftir viðkyrninguna.

Þar syðra hafi þeim tekist að eignast góða vini.

## Svartigaldur ekki fyrir hvíta

Hjátrú og svartigaldur er stór hluti af daglegu lífi í Malaví og þau hjónin endurtaka ummælin um að ferðin hafi verið farin hundrað ár aftur í tímann.

„Einu sinni þurfti að segja upp manni á svæðinu. Malavarnir geta ekki séð um slíkt sjálfir, því þeir óttast að starfsmaðurinn leggi á þá bölvun," segir Sigríður.

„Verkstjórnirinn kom þá til mín og bað mig að reka manninn," segir þá lækningarnir, „hann gæti það ekki sjálfur því honum yrði bölvuð. Ég spurði hann þá hvort starfsmaðurinn legði ekki bara bölvun á mig. Hann svaraði með því að ég væri hvítur og galdurinn virkaði því ekki á mig. Að auki tryði ég ekki á galdur og því væri ekkert að óttast!" segir Sigurður og skelli hlær.

En með galdrunum er einnig reynt að fela mun ljótari hluti, margt það ljótasta í malavísku samfélagi, segja hjónin.

„Þarna er dulið kynferðislegt ofbeldi frá hendi alls konar karla sem fer fram í skjóli galdurs og siðvenja sem eru ekki eftir hafandi," segir Sigurður alvarlegur í bragði og þagnar.

Það má sjá að hjónin hafa ýmsu kynnst í henni Afríku. Þau ætla ekki út aftur á næstunni, enda gott að vera komin aftur að allsnægtaborðinu þar sem spillingin er þó talin gagnrýniverð og vandamálin fæst upp á líf og dauða.

Og svo má ekki gleyma sígildu íslensku eldhúsi. Við hringingu örbylgjuofns skellir frú Sigríður ilmandi plockfiski og þrumara á borðið og við kveðjum Fossvogsdal í bili.

## → MINNINGAR FRÁ MALAVÍ



**ALÞINGISKOSNINGAR Í AFRÍKU** Þau hjónin uppfylltu þegnskyldu sína og kusu samkvæmt bestu samvisku í síðustu kosningum. Atkvæðaseðlarnir voru svo sendir heim.



**SIGRÍÐUR MEÐ SKÓLASTJÓRANUM** Hjónin hrifust af þessum kraftmikla skólustjóra við Apafloa og Sigurður fékk Rótarý-klúbb sinn til að styrkja hana til frekara náms.



**SIGURÐUR OG MÚSA-KEBABIÐ** Landlæknir starir í forundran á „músa-kebab“ sem sölumenn bjóða vegfarendum við þjóðveginn. Ekki fylgir sögunni hvort hann smakkaði á kræsingunum.



**SIGGA Á DEILDINN** Tæki og tól á heilbrigðisstofnunum í Malaví eru ekki alveg jafn nýtiskuleg, hrein og góð og Íslendingar eiga að venjast af þessari mynd að dæma.



# Á FÖSTUDAGINN

# Fordómar handa börnum

Kristín Loftsdóttir skoðar ímyndir kynþáttahyggu í barnabókum í tilefni af endurútgáfu bókarinnar *Tíu litlir negrastrákar*.

**E**inn þeirra drakk ólyfjan en þá voru eftir tveir.“ Kvæðið um negrastrákana tíu er talið hafa verið skrifað á árið 1864 af Bretanum Frank J. Green og var eins og nú notað til þess að kenna litlum börnum að telja. Það byggði þó á eldri útgáfu á kvæðinu *Ten little Injuns* sem líklega var skrifað nokkrum árum fyrr. Eins og hollenski félagsfræðingurinn Jan N. Pieterse orðar það hafa börn í Evrópu og víðar þannig lært að telja með því að láta litla svarta stráka (eða aðra jaðarhópa) týna tölunni og oftar en ekki á fremur óþægilegan hátt. Í greiningu á þýskri útgáfu af kvæðinu bendir hann á að þrátt fyrir ólíkar útgáfur af kvæðinu eigi þær sameiginlegt að vera alltaf um litla svarta drengi, sem verða alltaf litlir, þeir læra ekki af reynslunni, þeir eru klaufar og það má kenna þeim sjálfum um hvernig fer. Þetta var, samkvæmt Pieterse, hluti af ákveðinni uppeldisfræðilegri hefð þess tíma þar sem börn voru álitin fórnarlömb hvata sinna sem þau þurftu að læra að stjórna í gegnum refsingar. Hörundsdökkt fólk var álitid svipað börnum að þessu leyti enda endurspegla kvæðin iðulega að drengirnir hafa ekki stjórn á hvötum sínum. Þeir hverfa af sjónarsviðinu í kvæðinu til dæmis eftir að hafa borðað yfir sig eða hlegið óstjórnlega. Einnig má benda á að kvæðið virðist undirstrika þá sýn sem var vinsæl á þeim tíma að hörundsdökkt fólk fjölgaði sér náttúrulega hraðar heldur en „hvítt“ því ekki líður á löngu í kvæðinu eftir að seinasti negradrengurinn kynntist stúlku að þeir urðu aftur tíu. Eða eins og segir í textanum. „Negrastelpan sagði já, og svo fóru þau í bíó. Ekki leið á löngu uns þau urðu aftur tíu.“ Þess fyrir utan virðist kvæðið næstum gefa til kynna að óhöppin sem hinir lentu í skipti í raun ekki máli því þeir ná bara sama fjölda síðar.

## Aðrar barnabækur

Slíkar ímyndir eru auðvitað samt á engan hátt bundnar við þessa einu bók, heldur má greina kynþáttahyggu víða í bókum ætluðum börnum og unglíngum sem skrifaðar voru hér áður fyrr. Sagan um filinn Babar eftir Frakkann Jean de Brunhoff sem var skrifuð 1931 er mörgum börnum kunn en eins fræðimenn hafa bent á má lesa áhugavert samhengi nýlendutímans úr sögunni. Babar fer til borgarinnar úr frumskóginum nakinn og ósiðmenntaður en undir handleiðslu gömlu frúarinnar, eins og hún er kölluð í bókinni, lærir Babar að klæðast fatnaði og aðra þætti sem gjarnan voru tengdir við siðmenningu á þessum tíma. Babar fer svo aftur til skógarins þar sem hann er krýndur konungur. Gagnrýnar raddir hafa bent á að úr bókinni megi lesa ákveðna réttlætningu á nýlendustefnu Frakka sem þótti auðvitað rétt og eðlileg á þeim tíma sem bókinn var skrifuð.

Einnig má nefna sögu í bóka-flokknum Skemmtilegu smábarnabækurnar. Í bókinni Láki sem var endurútgefin 2005 segir frá jarðálfinum Láka sem býr með forældrum sínum sem ala hann upp í því að hann eigi að gera ljóta hluti. Láki yfirgefur þau og fer upp á yfirborðið þar sem hann lærir að það er betra að gera góða hluti en

slæma. Sérlega forvitnilegt er að við hvert góðverk tekur líkami Láka breytingum. Ekki eingöngu dettur skottið af honum heldur breytist svart krullað hárið í ljósan sléttan drengjakoll, þangað til Láki er „loks orðinn að venjulegum dreng“ eins og það er orðað í texta bókarinnar. Það að verða að venjulegum dreng er í raun að verða nákvæmlega eins og hinn drengurinn í sögunni. Faðir barnanna sem Láki eyðir drjúgum tíma í að hrekkja í sögunni og bæta þeim það svo upp með góðverkum, segir: „Nú mátt þú koma og eiga alltaf heima hjá okkur. Okkur langar til að þú verðir drengurinn okkar, því að nú ert þú orðinn eins og venjulegur drengur.“ (bls. 36). Orð hans undirstrika í raun að Láki fær samastað hjá þessari góðu „venjulegu“ fjölskyldu ekki vegna þess að hann hafi breytt hegðun sinni á jákvæðan hátt heldur vegna þess að hann er orðinn eins og venjulegur drengur. Hann fær svo stól og rúm og jafnframt ný fót sem líta má á sem aðgöngu hans í síðað nútímasamfélag. Hér er vissulega erfitt að segja að um beina kynþáttahyggu sé að ræða en í sögunni endurspeglast sérlega áhugaverð áhersla á hið venjulega eða algilda sem jafngildi þess sem er gott og frávik frá hinu venjulega sem neikvæð. Fjögurra ára sonur minn furðaði sig í raun mest á því að Láki skyldi fara frá foreldrum sínum og fannst að þrátt fyrir að Láki lærði ekki góða siði hjá þeim ætti hann þó engu að síður að vera með fjölskyldu sinni sem endurspeglar auðvitað þann frjóða og oft ófyrirsjáanlega hátt sem börn túlka slíka miðla.

## Negrar og svertingjar

Eitt af því sem nefnt hefur verið í umræðum um bókina um negrastrákana er notkun hugtaksins „negri“. En af hverju er nauðsynlega neikvætt að nota það hugtak? Skiptir ekki frekar máli sú merking sem við sjálf leggjum í hugtakið? Á vefsíðum sem verja útgáfu bókarinnar má sjá slíku haldið fram. Spyrja má af hverju við viljum nota hugtak sem eru særandi og sem ákveðnar hópar upplifa sem niðurlægjandi burt séð frá okkar einstaklingsbundnu markmiðum með því að nota þau. Fyrirnefndur sonur minn lærði fyrir nokkru síðan hugtakið feita-bolla. Í hans huga er hugtakið ekki

niðrandi beint en hann veit að það er frekar notað yfir fólk sem er frekar holdmikið og hann tengir það jafnframt við eitthvað spaugilegt. Hann er auðvitað bara fjögurra ára og notkun hans á því hefði aldrei verið til að særa nokkurn eða lítillsvirða. Það hefði þó án efa valdið öðrum sárindum ef hann hefði opinberlega vísað til einhvers sem feita-bollu. Mér fannst því rétt að benda honum á að sumum myndist leiðinlegt að vera kallaðir feita-bollur og að hann ætti aldrei að nota orðið yfir fólk sem hann þekkti ekki mikið. (Honum væri hins vegar velkomið að nota það yfir okkur pabba hans).


Benda má á að hugtakið negri á sér forsögu í samhengi kynþáttahyggu þar sem það hafði merkingu sem þætti fordómafull og niðrandi af flestum í dag. Afríkufræðingurinn Martin Bernal hefur bent á að hugtakið „nigger“ sem „negri“ er dregið af gæti verið komið úr tungumáli Berba og vísaði til þjóðar sem bjó í Norður-Afríku. Hann bendir þó jafnframt á að þegar hugtakið rataði í evrópsk tungumál, negro á ensku, nègre á frönsku og Neger á þýsku og hollensku, verður það næstum samheiti yfir þræla. Kynþáttahygga festi sig síðar í sessi sem þáttur í vísindalegri þekkingu Evrópuþúa og í því samhengi vísaði negri rétt eins og svertingur til ákveðinnar týpu eða tegundar manneskju sem talin var búa yfir eðlislægum einkennum. Negri vísaði þannig ekki eingöngu til húðlitar heldur annarra þátta sem útskýrðu hegðun og eiginleika einstaklinga með dökkan húðlit.

## Íslenska útgáfan, af hverju?

Íslenska útgáfan með myndskreytingum Muggs felur í sér skýran enduróm af fordómafullum viðhorfum fyrri alda. Í bókinni líta þeir allir eins út, með sama líkams-



„Nú mátt þú alltaf eiga heima hjá okkur“ sagði pabbinn Ívan og Elsi.



HLUTI AF SÖGU OKKAR OG MENNINGU „Það er hins vegar furðuleg ákvörðun að gefa bókina út í broti sem minnir á barnabók (stærð bókarinnar og texti) enda virðist hana vera að finna í barnabókadeildum bóka-búða,“ segir Kristín Loftsdóttir.



BABAR FÍLAKONUNGUR Babar fer til borgarinnar úr frumskóginum nakinn og ósiðmenntaður en undir handleiðslu gömlu frúarinnar, eins og hún er kölluð í bókinni lærir Babar að klæðast fatnaði og tileinkar sér aðra þætti sem gjarnan voru tengdir við siðmenningu á þessum tíma.

lagið og andlitið. Líkaminn er bleksvartur og varinnar þykkar. Eins og sagnfræðingar og mannfræðingar hafa bent á á síðastliðnum árum má sjá í ritum og verkum ýmissa þekktara Íslendinga kynþáttahyggu og kynþáttafordóma sem voru að einhverju leyti algildir á þeim tíma. Taka má sem dæmi úr landafræðibók frá árinu 1913 eftir Karl Finnbogason. Þar segir meðal annars: „Negrar [...] eru svartir á hörund, frammyntir, varabykkir og hrokkinhærðir. Höfuðið er langt og framtenuarnar skáhallar. Súdan-Negrar eru göðlátir, en hágværir mjög og málugir.“ Slíkar staðhæfingar voru alls ekki ekki óalgengar í landafræðibókum á fyrri hluta 20. aldar, þar sem alhæft er um útlit og persónueinkenni tugmilljóna manna út frá einu litlu lykilorði, negri eða svertingi.

Íslensk endurútgáfa bókarinnar „Tíu litlir negrastrákar“ kemur á áhugaverðum tíma. Í auknum mæli má sjá umræður um fjölmennningarlegt Ísland í íslensku samfélagi sem vísar almennt til fjölbreyttara litrófs Íslendinga sem er afleiðing af því að hingað til lands flytur fleira fólk frá ólík-

um hlutum heimsins. Jafnframt hafa ættleiðingar barna erlendis frá aukist. Skyldi það vera tilviljun að bókinn kemur einmitt út núna? Þeir sem verja endurútgáfu hennar eru duglegir að hrópa „ritskoðun, ritskoðun!“ og því er oft haldið fram að þeir sem gagnrýna bókina vilji banna hana. Enginn af þeim sem gagnrýna útgáfu hefur minnst á að banna hana; enginn virðist vera að segja að það eigi að fjarlægja eldri útgáfuna af bókasöfnum landsins. En má ekki spyrja af hverju ákveðið var að gefa bókina aftur út? Bókinn gefur sig ekki út sjálf heldur hlýtur einhver að hafa tekið þá ákvörðun. Stór hluti af vinnu útgefanda hlýtur einmitt að vera sá að velja fyrir sér hvaða efni á að gefa út, af hverju, og af hverju ekki. Eru þeir því sjálfkrafa að banna eða ritskoða verk sem almenningur á rétt á að sjá? Enginn myndi halda því fram að það ætti að endurútgæfa allt sem hefur verið gefið út eða gefa út hvern einasta pappír sem hefur verið skrifaður. Er rangt eða óeðlilegt af fólk að velja fyrir sér réttmæti eða ástæðunni fyrir slíkum ákvörðunum ef, til dæmis, ímyndir og texti fela í sér kynþáttafordóma fyrri tíma?

Auðvitað er að vissu leyti full ástæða til að gefa „Tíu litla negrastráka“ aftur út enda, eins og margir hafa bent á, er hún hluti af sögu okkar og menningu. Það er hins vegar furðuleg ákvörðun að gefa bókina út í broti sem minnir á barnabók (stærð bókarinnar og texti) enda virðist hana vera að finna í barnabókadeildum bóka-búða. Bókina hefði einmitt þurft að endurútgæfa í verki sem fæli í sér viðurkenningu á því að kynþáttahyggu og fordómar voru hluti af viðhorfum Íslendinga til umheimsins eins og annars staðar í Evrópu. Það hefði til dæmis verið full ástæða til að gefa myndirnar og textann út aftur í safnríti um kynþáttafordóma í verkum mikilsverðra manna í sögu þjóðarinnar til þess að minna okkur á að kynþáttafordómar eru hluti af sögu okkar Íslendinga rétt eins og sögu annarra Evrópuþjóða.

Kristín Loftsdóttir er dósent í mannfærði við Háskóla Íslands.

## FORSALA Á ÓTRÚLEGUM KJÖRUM

- Glæsilegir gististaðir
- Frábært verðlag í Búlgaríu

Terra Nova býður til forsölu á sumarleyfisferðum til tveggja frábærra áfangastaða sumarið 2008, Golden Sands í Búlgaríu og sólarperlanna Salou og Pineda á Costa Dorada ströndinni í Suður-Katalóníu á Spáni.



BÚLGARÍA & SPÁNN  
2008



Tryggðu þér  
besta verðið!  
- Forsalan stendur  
til 19. nóv.

BÓKAÐU NÚNA!  
10.000 kr.  
afsláttur á mann  
– fyrstu 500 sætin

BEINT MORGUNFLUG – frábærir flugtímar

# Búlgaríá

Perla Svartahafsins – Golden Sands  
*Þú færð hvergi meira frí fyrir peninginn!*



Bæklingurinn fylgir 24 stundum í dag!

Nú býður Terra Nova Íslendingum, þriðja árið í röð, sumarleyfisferðir til perlu Svartahafsins, Golden Sands í Búlgaríu. Búlgaríá er orðinn einn af vinsælustu áfangastaðum Evrópu, enda er þar að finna hina fullkomnu blöndu milli austurs og vesturs. Golden Sands liggur rétt norðan Varna, þriðju stærstu borgar Búlgaríu. Staðurinn ber einstaklega vel nafn með rentu því ströndin er ein sú allra besta í Evrópu, 4 km. löng og allt að 100 m. breið með gullnum sandi, hlýjum og tærum sjó. Í Golden Sands er einnig risastór vatnaskemmtigarður, Aquapolis sem býður spennandi tilbreytingu frá strandlífinu.



Beint morgunflug með íslensku flugfélagi í allt sumar. Betri þjónusta og betri flugtímar – fyrir þig!

## FRÁBÆRT VERÐ

Frá kr. 33.990

Flugsæti báðar leiðir með sköttum, fargjald A. Netverð á mann.

Frá kr. 47.695

Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuféð 26. maí eða 25. ágúst, á Club Paradise Park íbúðahótelinu. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Frá kr. 49.990 – m. morgunm.

Miðað við gitingu í tvíþýli á Hotel Perla, vikuféð 26. maí eða 25. ágúst. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.



Bókaðu núna á  
[www.terranova.is](http://www.terranova.is)



Salou & Pineda Sólárlurnar á Costa Dorada  
Frá kr. 39.995

Costa Dorada ströndin skartar fremstum bæjunum Salou og Pineda og hefur notið mikilla vinsælda vegna mikils fjölbreytileika svæðisins, en þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Hér eru margra kílómetra langar aðgrunnar strendur, hótelligsting sem hentar jafnt fjölskyldufólki sem öðrum, ótrúlega fjölbreytt úrval afþreyingar, blómstrandi menning og frábært skemmtanalið.



Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000 · [www.terranova.is](http://www.terranova.is) · Akureyri, sími: 461 1099



**Terra Nova**  
PRIMERA GROUP

# Alltaf tilbúinn í prumpukeppni

**Örn Elías Guðmundsson**, eða **Mugison** eins og flestir þekkja hann, sendi á dögunum frá sér sína þriðju hljóðversbreiðskífu að undanskildum þremur plötum með tónlist kvikmyndir. Nýja platan, sem nefnist Mugiboogie, hefur fengið vægast sagt frábærar viðtökur fjölmiðla en bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið birtu í nýliðinni viku dóma um gripinn og fékk hann fullt hús stjarna í báðum blöðum. **Steinþór Helgi Arnsteinsson** lagði land undir fót um síðustu helgi og heimsótti Mugison vestur á firði.

**S**em gamall Bolvíkingur fannst mér ótrúlegt að komast frá Reykjavík til Ísafjarðar á rétt rúmum sex tímum. Fyrir rúmum áratug fannst mér þeir vera ofurmennti sem fóru þessa leið á sjö tímum. Á Ísafirði rennum við í hlað fyrir utan blokkina þar sem faðir Mugisons býr, Guðmundur Kristjánsson hafnarstjóri á Ísafirði, stundum kallaður Papamug. Vel skeggjaður maður með loðhúfu tekur þar á móti mér og tveimur félögum mínum, sem höfðu komið með mér vestur. Mugison lítur reyndar mun frekar út fyrir að vera nýkominn af tveggja vikna túr á sjónum en tveggja ára upptökufæri. Hann röltir síðan með okkur drengina inn og auðvitað var allt skilið eftir opið. Ég vildi að þessu væri eins háttað í Vesturbænum.

## Vasklegar vinnubúðir

Þegar komið var inn í íbúð Papamugs tekur ekki eingöngu við manni unaðsleg heimilislykt heldur einnig stúfult eldhús af fólki að brjóta saman plötuumslagið fyrir nýjustu plötu Mugisons. Ekki líður á löngu áður en við félagarnir þrír göngum í hóp vaskra manna og kvenna og brjótum saman hið ógurlega flotta umslag með gylltum stöfum framan á. Þegar maður hefur snyrtilega brotið umslagið saman er komið þar fyrir sálmakveri og einu stykki af geisladiski. Mugison sá sjálfur um að hanna umslagið, sem virðist mikil verkfræðisnilld. „Ei, ég stal eiginlega hugmyndinni,“ útskýrir hann hálf skömmustulega. „Ég fann eitthvað svona myndband á netinu þar sem gaur var að sýna hvernig ætti að búa til plötuumslög fyrir brennda geisladiska úr A4-blaði og vann úr því.“ Verðleikar umslagsins rýrnðu þó ekki, þrátt fyrir þessi tíðindi.

## Vil ekki týna peningum í excel-skjölum

Fyrsta upplagið af plötunni er fimm þúsund eintök og Mugison og vinir hans og vandanmenn sáu algerlega um að setja allt saman. Í raun gerir Mugison nærri allt sem viðkemur plötunni upp á eigin spýtur, fyrir utan það að dreifa henni. „Ég held að plötufyrirtæki eins og við þekkjum þau séu dauð. Plötufyrirtæki eru samt nauðsynleg en það eru einfaldlega svo margir, sérstaklega hérna á Íslandi, sem eru að semja, taka upp, gera „art-workið“ og vinna einfaldlega allt sjálfir. Tími plötufyrirtækja er líka liðinn því þau hafa sofnað algjörlega á verðinum. Þau eru ekkert að fylgjast almennilega með núinu lengur. Þetta eru bara gamlir karlar sem sitja við skrifborðin sín og hlusta á Rolling Stones út í eitt. Þeir síðan lepja upp úr blöðunum og eftir „hittum“ á MySpace. Það er meira verið að fara eftir tölum en innsæi. Með því að gefa út sjálfur dettur peningurinn meira inn á borð hjá manni. Allavega er reynsla mín og vina minna sú

að peningurinn á það til að hverfa í einhverja kostnaðarliði sem maður skilur ekkert í en getur ekkert sagt því búið er að kvitta á einhvern samning sem leyfir að fela svona í excel-skjölum,“ útskýrir Mugison á meðan hann brýtur saman umslögin af mikilli fimi.

## Sögustund í eldhúsinu

Maður er manns gaman og það sannaðist við eldhúsbordið þar sem plötuumslögin voru sett saman. Skemmtilegast fannst okkur félögum að heyra sögurnar frá Guðmundi hafnarstjóra, sem er svo sannarlega eldri en tvævetur. Sögur frá Malasíu, Argentínu, Grænhöfðaeyjum, Portúgal, Falklandseyjum og fleiri stöðum heilluðu okkur upp úr skónum og þarf mikið til, enda lítum við drengirnir að sunnan á okkur sem mikla heimsborgara.

Stoltari föður er heldur vart hægt að finna og Guðmundur vill á ekkert annað hlusta en nýju plötuna, nýja meistaraverkið sem hann hælir við hvert tækifæri. Mugison gerir hins vegar lítið úr afrekum sínum. „Mér finnst óþægilegt að fróa mér fyrir framan aðra,“ segir hann hlæjandi með tilheyrandi látbragði.

Eftir mikinn dugnað í plötugerð og pitsu-áti (sem Mugison borgaði fyrir með nokkrum stykkjum af nýju plötunni) setjumst við strákarnir loks niður í sófann, ræðum hin ýmsu mál og sötrum á öli. Forvitnast er um sigra Mugison á erlendri grund og eins og venjulega er Mugison högværðin uppmá. „Ég komst að því að öll þessi plötufyrirtæki vilja vera í hljómsveitinni með mér. Til dæmis lenti ég í því að eitt plötufyrirtæki vildi bíða með að gefa út Mugimömmu því þeir vildu fleiri Sad as a Truck-lög. Og ég sagði bara: „Ég kann það ekkert. Talið þá frekar við einhvern annan.“ Ég er því kátur núna, því ég þarf ekki að spyrja neinn. Þeir sem kaupa plötuna vita þá líka að þetta er einfaldlega ég og vinir mínir að rugla eitthvað hressilegt.“


## Er krúttprinsinn

Á meðan við spjöllum saman í stofunni heyrir allt í einu í mikilli flugeldasýningu. Við komumst að því að verið er að fagna afmæli Baldurs Geirmundssonar sem gerði garðinn frægan með BG og Ingi-björgu. Allt er því stappað í bænum þegar við drengirnir trítum af stað. Á röltinu ræðum við Mugison um íslensku tónlistarsenuna í dag og um krúttkynslöðina. „Ég er krúttprinsinn. Við greindum þetta allavega þannig. Björk er náttúrulega drottningin, President Bongo er bara president, svo er ég prinsinn og Raggi Kjartans er prinsessan. Við fjögur náðum allavega að semja um þetta svona,“ útskýrir Mugison með bros á vör. Hann segir mér jafnframt að hann sé ekki búinn að svíkja lit þó að nýja platan sé mun rokkaðri en fyrra efni hans. „Ég er bara búinn að læra meira á gítar síðustu þrjú ár. Svo var ég líka kominn með leið á „bleep“ og „bloop“ hljóðum.“

Mugison segir mér jafnframt að honum finnst íslenska tónlistarsenan vera að vakna almennilega til lífsins og að nýtt og ferskt andrúmsloft ríki. „Það er eitthvað virkilega spennandi núna að gerjast. Allt öðruvísi viðmót í tónlistarmönnum. Ég held að næstu jól geti til dæmis verið geðveik.“ Í þeim töluðu orðum löbbum við inn í Edinborgarhúsið, eiturhressan skemmtistað við bryggjuna, og komumst því ekki lengra í spjalli okkar. Þar hittum við líka Rúnu, konu Mugison, sem er í góðu stuði eins og venjulega og við stígum saman villtan dans við undirleik AC/DC. Í Edinborgarhúsinu komumst við félagarnir að sunnan að því að það sést greinilega að við erum úr höfuðborginni þar sem við klæðumst Reykjavíkurbuxum. Mjög merkilegt.

## Lærði að sofa hratt í Smugunni

Nóttin fer vel fram og eftir svefn langt fram yfir hádegi er aftur sest niður í eldhúsinu og fleiri plötuumslög sett saman. Að þessu sinni berst talið að sjómennskunni. Mugison segir mér meðal annars að hann hafi farið í nokkra túra með pabba sínum í Smuguna. „Ég held að þeir hafi verið tveir eða þrír. Á sjónum lærði ég líka að sofa hratt, sem er mjög góður hæfileiki. Svo varð ég líka mjög góður í því að prumpa. Stundum veiddist nefnilega ekkert og þá var oft farið í prumpukeppni. Menn voru farnir að vera helvíti góðir í sérstöku prumpufæði; eggjum, majónesi og svona.“ Vinir mínir tveir springa úr hlátri og segja við Mugison að hann geti ekki toppað prumpu-



**SVALUR** Mugison sannar með nýjustu breiðskífu sinni, Mugiboogie, að hann er einn fremsti tónlistarmaður íslensku þjóðarinnar um þessar mundir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Tími plötufyrirtækja er liðinn því þau hafa sofnað algjörlega á verðinum. Þau eru ekkert að fylgjast almennilega með núinu lengur.

fýluna mína. Mugison setur upp hálfgerðan keppnisvíg og spyr hvort ég sé kræfur prumpari. Ég jánka því en þori samt ekki alveg að sanna mál mitt.

Í stofunni enda ég líka á spjalli við Rúnu, sem er mikil kjarnakona. Eg spyr hvort stefnan sé sett á að flytja aftur til Reykjavíkur en hún neitar því. „Hér er einfaldlega svo gott að vera,“ svarar Rúna rólega en hún, Mugison og synir þeirra tveir búa í sjarmerandi húsi á Súðavík. Þar í bílskúrnunum hefur Mugison einmitt verið að vinna að nýju plötunni, myrkranna á milli. Í húsinu við hliðina býr líka móður Rúnu, og finnst Rúnu yndislegt að hafa hana svona nálægt.

Eftir örlítið gláp á fótbolta er hins vegar kominn tími fyrir okkar félagana að koma

okkur í bæinn. Við þökkum kærlega fyrir vinalegt viðmót og gestrisni. Mugison þakkar okkur líka innilega fyrir þrældóminn og gefur okkur í staðinn eintök af plötunni. Frábær laun. Við kveðjumst, stígum inn í bílinn, setjum Mugiboogie undir geislaann og höldum heim á leið. Að þessu sinni vorum við rúma níu klukkutíma enda ekki mjög vænlegt að keyra þessa leið á litlum Yaris á sumardekkjum í mikilli hálfu. Vonandi að Mugison taki okkur ekki til fyrirmyndar en hann ætlar sjálfur að leggja land undir fót og spila á tónleikum víðs vegar um landið á næstunni, meðal annars í Vestmanneyjum, á Akureyri og auðvitað á Ísafirði. Fyrir áhugasama verður Mugison sérstakur gestur í þætti Hemma Gunn á Bylgjunni klukkan 16 í dag.



## Úr plötudómi Fréttablaðsins um Mugiboogie:

„Mugiboogie er frábær plata. Stórvirki. Hún er gegnsýr af áhrifum úr tónlistarsögunni, en líka persónuleg og framsækinn og tekst þannig að vera bæði gamaldags og nútímaleg, sigild og framsækinn. Það hjálpast líka allt að við að gera hana svona góða: Flottar lagasmíðar, góðir textar, eiturferskur hljómur, útpældar og stundum svolítið geggjáðar útsetningar, snilldarlegur hljóðfæraleikur og magnaður söngur. Mugison syngur af svo mikilli innlifun og sannfæringu að það er eins og hann sé stöðugt í leiðslu að boða fagnaðarerindið. Ég hef reynt mikið að finna eitthvað að Mugiboogie, en mér tekst það ekki.“

- TJ



Í ELDHÚSINU Á ÍSAFIRÐI Mugison ásamt pabba sínum, Guðmundi Kristjánssyni, og tengdamömmu sinni, Lilju Kjartansdóttir, að brjóta saman Mugiboogie.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR



## Rekstrarstjóri

Þekkt veitingahúsakeðja leitar að metnaðargörnum og framsæknum einstaklingi í starf rekstrarstjóra á kvöld- og helgarvakt. Rekstrarstjóri er yfirmaður staðarins ásamt því að taka virkan þátt í öllum störfum.

### Starfssvið:

- Yfirmaður veitingastaðar á sínum vöktum
- Umsjón með mönnun vakta
- Uppgjör og frágangur

### Hæfniskröfur:

- Mikil færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og áreiðanleiki
- Framúrskarandi þjónustulund
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni og dugnaður
- Hæfni til að vinna undir álagi

Leitað er að ábyrgum, duglegum og áhugasömum einstaklingi í starfið. Viðkomandi þarf að geta að hafið störf fljótlega.

Áhugasömum er bent á að leggja inn um sókn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar [www.radning.is](http://www.radning.is) og sækja þar sérstaklega um starfið.

Umsjón með starfinu hefur  
María Jónasdóttir, [maria@radning.is](mailto:maria@radning.is)



RÁÐNINGAR  
ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • [www.radning.is](http://www.radning.is) • [radning@radning.is](mailto:radning@radning.is)



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Áhugaverð störf hjá PFS

### Viðskiptafræðingur / hagfræðingur

Um er að ræða tvö störf sérfræðinga innan Greiningardeildar, en deildin stuðlar að því að efla samkeppni á fjarskipta- og póstmarkaði á Íslandi með ítarlegri markaðsgreiningu, tölfræðivinnslu, kostnaðargreiningu, markaðsrannsóknnum og öðrum þáttum er lúta að viðskiptalegum þáttum eftirlits á fjarskipta- og póstmarkaði. Starf deildarinnar mótast af alþjóðlegum kröfum og tekur breytingum í samræmi við öra markaðspróun, en starfsmenn taka þátt í alþjóðlegu samstarfi.

Sérfræðingarnir annast ýmis hagfræðileg verkefni er snerta fjarskiptamarkaðinn s.s. við markaðs- og kostnaðargreiningu, hagfræðirannsóknir, söfnun og úrvinnslu gagna auk stuðnings við störf annarra deilda.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi lokið háskólamenntun á sviði viðskiptafræði og/eða hagfræði, framhaldsnám eða starfsreynsla á þessum sviðum er kostur.

Almennar hæfniskröfur í ofangreind störf eru háskólamenntun á umræddum sviðum, gott vald á íslensku og ensku, jákvætt viðhorf, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og hafa vald á samstarfi þar sem sjónarmið lögræði, hagfræði og tækni mynda saman lausn.

Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember nk. Gengið verður frá ráðningum fljótlega. Ath. fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.

Í boði eru samkeppnishæf kjör í síbreytilegu og spennandi umhverfi, þar sem gerðar eru miklar fagkröfur. Vinnuumhverfið er vinnulegt og aðbúnaður starfsmanna góður.

Guðný Harðardóttir og Gunnar H. Ársælsson hjá STRÁ MRI veita nánari upplýsingar. Vinsamlega sendið umsóknir og meðfylgjandi prófgögn til [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is). Viðtalstími er virka daga frá kl. 13-15.



Suðurlandsbraut 6 - sími 588 3031 - [www.stra.is](http://www.stra.is)

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og pósthjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál.

PFS starfar í alþjóðlegu umhverfi og hvílir starfsemin annars vegar á alþjóðlegri þróun í fjarskiptum, upplýsingatækni og fjölmíðlun og hins vegar á lagagrundvelli EES svæðisins. Flestir starfsmenn PFS taka þátt í alþjóðlegum verkefnum.

Hjá PFS starfa nú 25 manns, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar.

PFS hvetur konur jafnt sem karla að sækja um störf.

Sjá nánari upplýsingar á [www.pfs.is](http://www.pfs.is)



# FRAMKVÆMDASTJÓRI

Gámaþjónusta Austurlands –Sjónarás ehf. er þjónustufyrirtæki á sviði umhverfismála og starfar víða um Austurland meðal annars á Reyðarfirði og á Héraði. Fyrirtækið er m.a. verktaki hjá Alcoa Fjarðaáli. Áætlaður starfsmannafjöldi á næsta ári er 25 til 30 manns. Fyrirtækið er dótturfyrirtæki Gámaþjónustunnar hf.

Gámaþjónusta Austurlands –Sjónarás ehf. óskar að ráða til sín framkvæmdastjóra. Um er að ræða fjölbreytt starf hjá vaxandi fyrirtæki á Austurlandi á sviði umhverfismála.

#### Starfssvið

- Daglegur rekstur og stjórnun
- Stefnumótun
- Samningagerð
- Starfsmannahald og endurgjöf til starfsfólks
- Áætlunargerð og eftirfylgni
- Samskipti við viðskiptavini

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri fyrirtækja æskileg
- Metnaður og frumkvæði til að ná árangri í starfi
- Leiðtogaþæfileikar
- Góð tungumálakunnátta
- Góð þekking á tölvu- og upplýsingatækni

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



# FÆRNI OG FRUMKVÆÐI

Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku. Til flutningskerfis Landsnets teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri, auk nokkurra 33 kV lína.

Landsnet óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra í Eignastýringardeild. Verkefnastjóri hefur umsjón með undirbúningi, hönnun og framkvæmdum vegna nýrra flutningsvirkja og endurnýjun eða endurbætur á eldri flutningsvirkjum.

#### Starfssvið

- Verkefnisstjórn við hönnun, byggingu og undirbúning háspennulína og tengivirkja
- Umsjón og eftirlit með framvindu verkefna, framvinduskýrslur og skilamat
- Uppsetning verkefnis- og gæðaskipulags
- Undirbúningur og gerð framkvæmda, kostnaðar- og greiðsluáætlaða, eftirlit með framkvæmd slíkra áætlaða
- Samskipti við hlutaðeigandi aðila innan sem utan fyrirtækisins
- Útboðsgerð og undirbúningur verksamninga og samningsviðauka, eftirlit með framkvæmd og uppgjöri samninga

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Tækni- eða verkfræðimenntun
- Minnst 5 ára starfsreynsla við verkefnisstjórnun
- Frumkvæði, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð kunnátta í íslensku og ensku,
- Hæfileiki til að tjá sig í töluðu og rituðu máli

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdis Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki í örum vexti.

Eignastýringardeild hefur yfirumsjón með eignastýringu Landsnets og tryggir þannig heildarsýn yfir fjárfestingar og rekstur flutningsvirkja og fasteigna. Deildin greinir uppbyggingarþörf, skilgreinir hönnunarforsendur, mótast stefnu fyrir fjárfestingar-, endurnýjunar- og viðhaldsstefnu flutningsvirkja Landsnets. Deildin ber ábyrgð á hönnun, gerð útboðsgagna og byggingu flutningsvirkja, ásamt mati á viðhalds- og sérverkefnum.



# LÖGFRÆÐINGUR

Lyfjastofnun óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa í fullt starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningum stéttarfélag lögfræðinga. Lögfræðingur heyrir undir forstjóra. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi. Um áhugavert og fjölbreytt starf er að ræða.

Hjá Lyfjastofnun starfa um 35 starfsmenn. Starfsaðstaða og starfsumhverfi er gott. Viðkomandi hefur mikla möguleika á að útvíkka þekkingu sína og þroskast í starfi.

#### Helstu verkefni lögfræðideildar:

- Lögfræðilegar álitgerðir fyrir stofnunina
- Undirbúningur og vinna við tillögur að endurskoðun eða breytingu á lögum og reglugerðum
- Túlkun og skýring laga og reglugerða eða annarra stjórnsýslufyrirmæla
- Umsjón með dómsmálum, kvörtunum og kærum, þ.m.t. stjórnsýslukærum til æðra stjórnvalds (heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis)
- Lögfræðileg úrlausn mála er hafa íþyngjandi áhrif í för með sér (leyfissvipting, áminning, synjun)
- Þátttaka í fræðslu um löggjöf er varðar starfsemi stofnunarinnar
- Þátttaka í nefndarstörfum og störfum vinnuhópa sem og erlendu samstarfi

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Embættispróf eða meistaraþróf í lögfræði
- Reynsla í stjórnsýslu æskileg
- Þekking á Evrópulöggjöf æskileg
- Hæfileiki til samskipta
- Góð ritfærni
- Sjálfstæði í störfum
- Tungumálakunnátta; enska og eitt Norðurlandatungumál

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



spennandi samband

Orkusalan selur raforku til fyrirtækja, stofnana og heimila á öllu landinu. Í kjölfar breyttra raforkulaga um áramótin 2005 var sala á raforku gefin frjál. Frá áramótum 2006 gátu allir viðskiptavinir valið sér raforkusala, án tillits til búsetu. Samkeppni var innleidd í raforkuframleiðslu og raforkusölu en flutningur raforku frá virkjun til neytenda er eftir sem áður háður einkaleyfi.

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

Orkusalan leitar að einstaklingi með góða stjórnunarhæfileika, með innsýn í markaðs- og sölumál til að stýra og hvetja öfluga liðsheild til góðra verka.

### Starfssvið

- Stjórnun og stefnumótun
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Hvatning og endurgjöf til starfsmanna
- Ábyrgð á daglegum rekstri

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Leiðtogaþæfileikar
- Heiðarleiki og framsýni

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Würth á Íslandi var stofnað 1988 og hefur nú þjónustað sína viðskiptavini í 19 ár. Würth samsteypan samanstendur af 370 fyrirtækjum í 83 löndum og hjá samsteypunni starfa um 60.000 manns. Í upphafi einbeitti Würth á Íslandi ehf. sér fyrst að þjónustu við bifreiðaverkstæði, en síðar við tré- og málmíðnaðinn ásamt þjónustu við almennan iðnað. Würth á Íslandi er fjölskylduvænt fyrirtæki og þar ríkir sterk starfsmannastefna. Áhersla er lögð á að starfsfólk fyrirtækisins sé ánægt og fái að þroskast í starfi.

## RÉTTU TÆKIFÆRIN!

Würth á Íslandi ehf. óskar eftir að ráða kraftmikla og áhugasama einstaklinga til starfa. Um framtíðarstörf er að ræða. Viðkomandi verða að geta hafið störf sem fyrst.

### Verslunarstjóri

Leitað er að árangursdrifnum einstaklingi til þess að stýra nýlegri verslun fyrirtækisins í Kópavogi. Viðkomandi þarf að hafa til að bera sjálfstæði, frumkvæði og dugnað.

### Starfssvið

- Afgreiðsla og sala til viðskiptavina
- Pantanir og móttaka vöru
- Ábyrgð á útliti verslunar og framsetningu vöru
- Kynningarmál og markaðssetning

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Iðnmenntun mikill kostur
- Reynsla af verslunarstörfum
- Góð tölvukunnátta

### Lagerstarfsmaður

Leitað er að drifandi einstaklingi til starfa í vöruhúsi fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa til að bera stundvísi, samviskusemi og dugnað.

### Starfssvið

- Móttaka vörusendinga og tiltekt á vörum
- Frágangur vara og pökkun
- Önnur tilfallandi störf á lager

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af lagerstörfum
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Hlutverk Hagstofu Íslands er að veita tölfraðilegar upplýsingar um þjóðfélagsleg málefni og tryggja að áreiðanleiki og óhlutdrægni séu í fyrirrúmi í opinberri hagskýrslugerð. Hagstofa Íslands gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð og mikill metnaður einkennir starf sem þar fer fram. Alþjóðlegt samstarf er öflugt og þróunarvinna skipar veglegan sess. Starfsfólk Hagstofunnar vinnur að gerð hagskýrslna og miðlar þeim til almennings, atvinnulífs og stjórnvalda.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).

## ER FRAMTÍÐ ÞÍN HJÁ OKKUR?

### Sérfræðingur á Efnahagssviði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing á Efnahagssviði sem einkum er ætlað að fást við gerð tekjuskýrtingaruppgjors á sviði þjóðhagsreikninga og skýrslugerð því tengdu.

**Starfið felur í sér** krefjandi og áhugaverð verkefni við þróunarvinnu, gagnasöfnun, úrvinnslu gagna og greiningu þeirra. Starfið krefst sjálfstæðis, frumkvæðis og vakandi auga með þróun efnahagsmála.

**Menntunar- og hæfniskröfur** eru háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, tölfraði eða sambærileg menntun. Umsækjendur sem lokið hafa meistaraþrófi ganga að öðru jöfnu fyrir við ráðningu. Reynsla af greiningu, framsetningu og gagnrýnni skoðun hagtalna er kostur.

**Í boði er** krefjandi og spennandi starf í góðu vinnuumhverfi á fjölskylduvænum vinnustað.

### Vaktstjóri hjá Könnunardeild

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða drifandi og áhugasaman einstakling í starf vaktstjóra í Könnunardeild. Könnunardeild er stoðeild innan Hagstofunnar og aflar gagna vegna rannsókna á vegum Hagstofu Íslands.

Vaktstjórar hafa umsjón með störfum spyrta, taka viðtöl, sjá um símanúmeraleit, taka móti gögnum auk annara almennra skrifstofustarfa.

**Leitað er eftir** einstaklingi með góða almenna menntun, sjálfstæði í vinnubrögðum, jákvæðni og mikla samskiptahæfni. Lögð er áhersla á að viðkomandi vinni vel undir álagi.

**Vaktstjórar þurfa** að búa yfir þjónustulund og hæfileikum í mannlegum samskiptum. Einnig verða þeir að vera sjálfstæðir og skipulagðir í vinnubrögðum og hafa góða almenna tölvuþekkingu.

**Vinnutími vaktstjóra**, unnið er á vöktum og vinna þeir aðra hverja viku frá mánudegi til fimmtudags frá kl.14:00 til 22:00. Aðra virka daga vinna vaktstjórar á hefðbundnum skrifstofutíma.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

## Erlend viðskipti í Fjárstýringu

**SPRON óskar eftir að ráða metnaðarfullan starfsmann í uppgjör og eftirlit vegna erlendra viðskipta í Fjárstýringu SPRON. Viðkomandi starfsmaður myndi taka virkan þátt í innleiðingarvinnu á SWIFT-lausnum og öðru sem tengist uppgjöri erlendra viðskipta.**

Fjárstýring SPRON sinnir daglegri stýringu lausafjánhættu, vaxtaáhættu og gjaldeyrisáhættu fyrir samstæðu SPRON auk þess að fjármagna rekstur SPRON innanlands sem utan. Gott starfsumhverfi, sem einkennist af góðum starfsanda, jákvæðu viðhorfi og gagnkvæmri virðingu starfsfólks í öllum samskiptum, er keppikefli okkar.

#### Starfssvið:

- Uppgjör og eftirlit vegna erlendra greiðslna í gegnum SWIFT.
- Utanumhald vegna greiðslna af innlendri og erlendri lántöku hjá SPRON.
- Uppgjör fjármálagerna (framvirkir samningar, ávöxtunarsamningar o. fl.) sem Fjárstýring SPRON framkvæmir hverju sinni.
- Uppbygging verkferla/vinnubragða í samvinnu við aðra starfsmenn Fjárstýringu SPRON.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla og góð þekking á SWIFT
- Starfsreynsla á sviði erlendra viðskipta
- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærileg menntun
- Góð þekking á upplýsingakerfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og metnaður í mannlegum samskiptum.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Ósveldur Knudsen, framkvæmdastjóri Fjárstýringar SPRON, og starfsmannaþjónusta SPRON í síma 550 1200.**

**Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON, starfsmannathjonusta@spron.is, fyrir 11. nóvember nk. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

*SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu.*

75 ára



## Verkefnastjóri þróunarverkefna Fjölmenningarseturs

Félagsmálaráðuneytið fyrir hönd Fjölmenningarseturs óskar eftir að ráða starfsmann í 100% stöðu til að vinna við þróun verkefna er varða móttöku innflytjenda í íslenskt samfélag auk annarra verkefna. Markmið starfsins er að auðvelda samskipti á þessu sviði og efla þátttöku innflytjenda í samfélaginu. Í starfinu felst einnig ráðgjöf til stofnana og kynning á starfsemi Fjölmenningarseturs.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólapróf í félagsvísindum, gæðastjórnun eða sambærileg menntun og reynsla af verkefnastjórnun. Góð tók á íslensku og ensku. Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfið er nýtt og mun starfsmaðurinn taka þátt í mótun þess. Starfsmaðurinn mun hafa aðstöðu á Egilsstöðum og munu ferðalög fylgja starfinu.

Vakin er athygli á að starfið stendur opið jafnt konum og körlum.

Upphaf starfstíma fer eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Elsa Arnardóttir framkvæmdastjóri í síma 450 3090 og 694 1881 eða með tölvupósti á netfangið elsa@fjolmenningarsetur.is Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsreynslu skulu berast félagsmálaráðuneyti, Hafnarhúsi við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, eigi síðar en 25. nóvember nk. Umsóknir er hægt að senda rafrænt á netfangið postur@fel.stjr.is Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

**Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 2007**

### Hugbúnaðarsérfræðingar

## Upplýstir einstaklingar

Starfsmenn Upplýsingatækni Símans eru þátttakendur í fjölmörgum spennandi nýsköpunarverkefnum, s.s. fyrir þriðju kynslóð farsíma (3G), sjónvarp Símans og ýmsar farsímalausnir. Upplýsingatækni er nú að innleiða breyttar aðferðir í hugbúnaðarþróun sem byggja á Agile hugmyndafræðinni, sér í lagi Scrum, og munu allir starfsmenn taka þátt þeirri þróun.

#### Hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunar-, verk- eða kerfisfræði.

Viðkomandi starfsmenn koma til með að vinna í fjölbreyttum hópum þar sem styrkleikar þeirra verða nýttir.

#### Styrkleikar sem leitað er að eru einn eða fleiri af eftirfarandi:

- Þekking á J2EE, Java forritun, SOAP, Spring Framework, Hibernate.
- Vefþjónustugerð, sérstaklega „contract-first development“, í Java Enterprise umhverfi.
- Þekking á hugmyndafræði Service Oriented Architecture (SOA).
- Reynsla á sviði samþættingar upplýsingakerfa, þar sem notuð eru ferlatól á borð við Tibco Business Works og Webmethods.

Upplýsingatækni Símans rekur öflugra stefnu í endurmenntun og býður upp á sveigjanleika í vinnutíma.

Upplýsingar í síma 550 6470 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, [www.siminn.is](http://www.siminn.is).

#### Umsóknarfrestur er til 12. nóvember.

Gildi Símans eru fimm: traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Starfsmenn Símans hafa þessi gildi að leiðarljósi í öllum störfum sínum.



## Frískir starfsmenn óskast !

Á nýjan stað sem opnar 28.nóvember óskum við að ráða fríska starfsmenn á ýmsum aldri.

Til greina koma hlutastörf, full störf og vaktavinna á veitingastað.

Ekki er þörf á reynslu.

Upplýsingar veitir Erla starfsmannastjóri í s.846-9359

**Quiznos SUB**



Pósthúsið ehf. er ungt og öflugt dreifingaryrirtæki á sviði blaða-, bréfa- og vörudreifingar. Yrirtækið keppir að því að vera í forystu á sviði dreifingartjónustu með því að bjóða viðtæka og áreiðanlega þjónustu á góðu verði.

## Fjárhagsdeild Pósthússins ehf. leitar að öflugum liðsmanni.

Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf í sér færslu bókhalds, afstemmingar, samskipti við lánadrottna og innheimtuaðila. Viðkomandi sér einnig um innkaup rekstrarvara auk annara tilfallandi verkefna.

Við erum að leita að öflugum bókkara með yfirgripsmikla bókhaldsreynslu, léttu lund og hæfni í mannlegum samskiptum. Þekking á Navision er kostur.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 12. nóvember n.k. Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Guðmundsdóttir hjá Hagvangi. Netfang: [kristin@hagvangur.is](mailto:kristin@hagvangur.is)



## Leika verkfærin í höndum þér?

### Lítill heimur – hugsum stórt

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.

Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu.

- 15.000 starfsmenn
- 300 skrifstofur í yfir 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabíllar og tengivagnar
- 200 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnu-umhverfi.

Eimskip vill ráða bifvélavirkja, vélvirkja eða vana viðgerðarmenn til framtíðarstarfa í vélsmiðju fyrirtækisins í Sundahöfn. Í boði er lífandi og skemmtilegt starfsumhverfi hjá traustu alþjóðlegu fyrirtæki. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.



### HÆFNISKRÖFUR

- Sveinspróf í bifvélavirkjun eða vélvirkjun, eða reynsla af sambærilegum störfum
- Íslenskukunnátta
- Góð þjónustulund og jákvætt hugarfar
- Nauðsynlegt að geta unnið undir álagi
- Hreint sakavottorð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Alexandersson verkstjóri í vélsmiðju, í síma 525 7171 eða 825 7171. Netfang: [sal@eimskip.is](mailto:sal@eimskip.is).

Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu Eimskips, [www.eimskip.is](http://www.eimskip.is).

Umsóknarfrestur er til og með 14. nóvember.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

TBWA/REYKJAVÍK | SÍA | 19071322

Korngröðum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7009 [www.eimskip.is](http://www.eimskip.is)



# Umsóknin þín er í góðum höndum hjá Talent

Að leita sér að framtíðarstarfi eða taka ákvörðun um að skipta um starf er ein stærsta ákvörðunin í lífi hvers einstaklings. Að sama skapi er ráðning starfsfólks ein mikilvægasta ákvörðunartaka í hverju fyrirtæki. Það er engin tilviljun að nær undantekningarlaust telja fyrirtæki **starfsfólki sitt vera mikilvægustu auðlind sína.**

**Okkar starf hjá Talent er að tryggja að þessi tímamót verði báðum aðilum til farsældar.** Starfsemi Talent snýst ekki um að taka við umsóknum – eða óskum eftir starfsfólki – og afgreiða þær vérlænt fram og til baka. Hver umsókn kallar á vandaða yfirlegu þar sem faglegum vinnubrögðum er beitt til að uppfylla óskir allra aðila og greina og finna hæfileika umsækjenda. Þetta er ferli sem krefst innsæis, frumkvæðis og vandaðrar vinnu.

**Hafðu samband við Talent og þú ert á réttri leið.**

| Vitastíg 13 | 101 Reykjavík | [talent@talent.is](mailto:talent@talent.is) | Sími 552-1600 |



Skráðu þig á [talent.is](http://talent.is) og við tökum vel á móti þér



Eigendur Talent eru Mjöll Jónsdóttir og Lind Einarsdóttir, ungar konur með góða menntun og reynslu og uppfullar af orku og hugmyndum. Hvort sem þú ert að leita að starfi eða starfskrafti, hafðu samband, [mjoll@talent.is](mailto:mjoll@talent.is) og [lind@talent.is](mailto:lind@talent.is)

[www.talent.is](http://www.talent.is)

► Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagur Brimborgar hratt. Á aðeins fjórum árum hefur fyrirtækið þrífaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík og á Akureyri starfa um 190 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford, Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu,

Mazda, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana, Pirelli og Nokian hjólbarða.

Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi frábærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

Umsóknarfrestur er til 13. nóv. n.k.

## Þjónustufulltrúi varahluta og verkstæðis fyrir Mazda og Citroën

Mazda og Citroën leita að þjónustu- og söluráðgjafa fyrir verkstæði og varahlutaverslun

### Stutt lýsing á starfi

- Móttaka viðskiptavina fyrir viðgerðir á Mazda og Citroën
- Sala varahluta fyrir Mazda og Citroën
- Samskipti við viðskiptavinum verkstæðis
- Gerð reikninga

### Hæfniskröfur

- Bifvélavirki og/eða reynsla og þekking af tæknilegum atriðum sem snýr að bifreiðum.
- Gilt bílpróf
- Góð þjónustulund
- Góða samskiptahæfileika
- Almenn tölvuþekking
- Góð íslensku- og enskukunnátta

### Nánari upplýsingar

Vinnutími er alla virka daga frá 7:45-18:00. Þriðju hverju viku er vinnutími frá 7:45-17:00.

Skelltu þér á netið [www.brimborg.is](http://www.brimborg.is) og sæktu um starfið. Frekari upplýsingar veitir starfsmannasvið Brimborgar í sínum 515-7088/7188.

Nú er tækifærið - við biðum eftir þér.

Umsóknarfrestur er til 13. nóvember 2007. Þú sækir um á netinu, [www.brimborg.is](http://www.brimborg.is). Núna.



Öruggur staður til að vera á



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 - 8, sími 515 7000 | [www.brimborg.is](http://www.brimborg.is) | [brimborg@brimborg.is](mailto:brimborg@brimborg.is)



Reykjavíkurborg



## Sviðsstjóri Umhverfis- og samgöngusviðs

Borgarstjórinn í Reykjavík auglýsir stöðu sviðsstjóra Umhverfis- og samgöngusviðs lausa til umsóknar. Umhverfis- og samgöngusvið er nýtt svið hjá Reykjavíkurborg sem tekur til starfa 1. janúar 2008 og verður til húsa í nýju húsi við Höfðatorg.

### Hlutverk og ábyrgðarsvið sviðsstjóra:

Ber ábyrgð á stjórnun, rekstri, daglegri yfirstjórn og samhæfingu starfskrafta Umhverfis- og samgöngusviðs. Veitir forystu í þróun nýrra hugmynda og verkefna og innleiðingu þeirra í málaflöknum. Undirbýr mál fyrir umhverfis- og samgönguráð og ber ábyrgð á eftirtölgni með ákvörðunum ráðsins. Ber ábyrgð á undirbúningi starfs- og fjárhagsáætlana. Tekur þátt í samstarfi yfirstjórnar borgarinnar. Leiðir samstarf við aðra opinbera aðila í málefnum sviðsins innanlands og utan.

### Hæfniskröfur:

Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg þekking og reynsla af stefnumótunavinnu. Leiðtogaþæfileikar, skipulagshæfni og frumkvæði. Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum. Staðgöð þekking á umhverfis- og samgöngumálum. Þekking og reynsla af stjórnun, rekstri og mannaforráðum. Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu æskileg. Hæfni til að koma fram og tjá sig í tali og rituðu máli á íslensku, ensku og einu norrænu tungumáli.

Borgaráráð ræður í starfið að fenginni tillögu borgarstjóra. Borgarstjóri er yfirmaður sviðsstjóra Umhverfis- og samgöngusviðs. Um laun og starfskjör sviðsstjóra fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Umsóknnum skal skilað á skrifstofu borgarstjóra eigi síðar en 23. nóvember nk.

Upplýsingar um starfið veitir Magnús Þór Gylfason, skrifstofustjóri borgarstjóra, í síma: 411-4500.

### LEIÐARLJÓSI UMhverfis- og samgöngusviðs

Umhverfis- og samgöngusvið hefur það að leiðarljósi að tryggja borgarbúum fallegt og heilnæmt umhverfi. Umhverfis- og samgöngusvið vinnur að fegurri ásýnd borgarinnar og sjálfbærri þróun í anda Staðardagskrár 21. Það stendur vörð um þau líffskilyrði sem felast í ómenguðu umhverfi og stuðlar að greiðum og öruggum samgöngum fyrir alla. Umhverfis- og samgöngusvið hefur það enn fremur að leiðarljósi að sýna gott fordæmi um vistvænan rekstur í anda Staðardagskrár 21.

### HLUTVERK UMhverfis- og samgöngusviðs

Stefnumótun í umhverfismálum, þ.m.t. umsjón með framkvæmd og endurskoðun Staðardagskrár 21. Stefnumótun í samgöngumálum, þ.m.t. forgangsriðun framkvæmda í samgöngumálum, stefnumótun í umferðaröryggismálum, almenningssamgöngum, bílastæðamálum og umferðarfræðsla. Náttúruvernd og garðyrkja í borgarlandinu. Rekstur Vinnuskóla Reykjavíkur. Sorphirða frá heimilum í borginni. Dýraeftirlit, þ.e. meindýravarnir, hundaeftirlit, varsla borgarlandsins og búfjárefntil. Enn fremur heyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur undir sviðið.

Borgarstjórinn í Reykjavík

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegl þáð margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf).

HEILSUGÆSLAN  
SALAHVERFI

## Heilsugæslulæknir

Heilsugæslan í Salahverfi auglýsir eftir sérfræðingi í heimilislækningum í fullt starf. Um er að ræða nýja stöðu læknis. Áhugavert starf á heilsugæslustöð í nýju og vaxandi íbúahverfi.

Sveigjanlegt starfs- og launafyrirkomulag.

Umsóknarfrestur ert til 1. des. n.k.

Upplýsingar um starfið veita lækarnir Böðvar Örn Sigurjónsson og Haukur Valdimarsson í síma 590-3900.

Umsóknir sendist Hauki Valdimarssyni, yfirlækni Heilsugæslunni Salahverfi, Salavegi 2, 201 Kópavogi



Foldaskóli

Logafold 1, Grafarvogi, 112 Reykjavík.

## Óskum eftir að ráð í eftirtaldar stöður

- Kennara í tvær stöður frá 1. desember n.k. vegna fæðingarorlofs:
- Umsjónarkennari í 6. bekk.
- Umsjónarkennara í 8. bekk, kennslugreinar eru danska og enska.
- Skólaliða í mótuneyti starfsmanna í 75% til 100% stöður frá 1. janúar 2008.
- Stuðningsfulltrúa frá 1. janúar í 70% stöðu.
- Proskapjálfa í 80% til 100% stöðu frá 1. janúar 2008

Nánari upplýsingar í skólanum hjá Kristni Breiðfjörð skólastjóra og Jóni Gunnari umsjónarmanni skóla í síma: 540 7600.

## BÓKARI ÓSKAST

Bókhaldsfulltrúi óskast til starfa til að sjá um bókhald fyrirtækisins. Um er að ræða 60-80% hlutastarf.

### Helstu verkefni

- Umsjón bókhalds
- Launavinnsla
- Virðisaukaskattur

### Hæfileikar

- Reynsla af bókhaldi
- Nákvæm vinnubrögð
- Viðskiptamenntun

Nánari upplýsingar er að finna á [www.eirberg.is](http://www.eirberg.is)

Umsóknarfrestur er til 6. nóvember og skal senda umsóknir á netfangið [ahj@eirberg.is](mailto:ahj@eirberg.is)



Eirberg

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • [www.eirberg.is](http://www.eirberg.is)

# Upplýsingatæknisvið

## Verkefni tengd viðskiptagreind

Á upplýsingatæknisviði Landsbankans vinnur samhentur hópur fólks sem sinnir krefjandi og áhugaverðum viðfangsefnum í lifandi starfsumhverfi. Vegna sívaxandi umsvifa óskum við eftir metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingum til liðs við okkur.



### Kerfastjóri (Application Support)

Við leitum að kerfastjóra (Application Support) sem mun bera ábyrgð á viðamiklu umhverfi í deild viðskiptagreindar bankans. Viðkomandi mun sjá um að setja nýjar lausnir í rekstur, vinna að uppfærslum, fylgjast með gæðum og tryggja góða skjölun fyrir innri sem og ytri þarfir.

#### Hæfnis- og menntunarkröfur:

Háskólamenntun af sviði verk- eða tölvunarfræði  
Góð þekking á hugmyndafræði um vöruhús og viðskiptagreind  
Þekking á SQL og gagnagrunnum er skilyrði  
Nákvæmni og skipulagshæfileikar  
Þjónustulund og hæfni í samskiptum

### Gagnagrunnsforritari

Við leitum að gagnagrunnsforritara sem mun vinna að þróun og viðhaldi á vöruhúsi gagna í Oracle umhverfi. Meðal verkefna er hönnun, viðhald, bestun fyrirspurna, hönnun á ramma í kringum sjálfvirkar gæðaprófanir gagna og stuðningur við ETL og skýrsluforritara ásamt fleiru.

#### Hæfnis- og menntunarkröfur:

Háskólamenntun af sviði verk- eða tölvunarfræði  
Þekking á Oracle og PL/SQL er skilyrði  
Nákvæmni og skipulagshæfileikar  
Samskiptahæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð

### ETL forritari

Við leitum að aðila í gagnaflæðisforritun. Starfið felst í því að varpa viðskiptaþörfum í sjálfvirka ferla sem koma margþættum upplýsingum á miðlægan stað fyrir skýrslu- og greiningarvinnu.

#### Hæfnis- og menntunarkröfur:

Háskólamenntun af sviði verk- eða tölvunarfræði  
Þekking á hugmyndafræði um vöruhús gagna, viðskiptagreind og ETL forritun er skilyrði  
Miklir skipulags- og greiningarhæfileikar  
Samskiptahæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veita Þórbergur Ólafsson hópstjóri í viðskiptagreind í síma 410 7097 og Berglind Ingvarsdóttir á starfsmannasviði í síma 410 7914.

Umsóknir fyllist út og sendist ásamt fylgigögnum á [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is) fyrir lok dags 16. nóvember nk.

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir allhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Í anda sóknar og útrásar hefur bankinn byggt upp starfstöðvar í 16 löndum víðs vegar um heiminn.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum. Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

## Steypubílstjórar

Vegna mikilla verkefna framundan er **BM Vallá** að leita að kraftmiklum, duglegum og samviskusömum starfsmönnum með meirapróf til starfa hjá fyrirtækinu sem steypubílstjórar.

Æskilegt er umsækjendur geti unnið sjálfstætt, séu nákvæmir, hafi gaman að mikilli vinnu og geti unnið undir álagi.

Bílstjórar eru í mörgum tilfellum í beinum samskiptum við viðskiptavinum og þurfa því að hafa góða framkomu og þjónustulund.

Bílafloti og tækjakostur fyrirtækisins er í mjög góðu ástandi, að miklum hluta nýr eða nýlegur og vel útbúinn til að auðvelda starfsmönnum vinnuna.

Framundan er mikil vinna og góð laun í boði. Unnið er eftir bónuskerfi sem gefur góða tekjumöguleika.

Allar nánari upplýsingar gefur Sigurður Árnason í síma **412 5102**.

Sendið umsóknir og fyrirspurnir á sigurdur@bmvalla.is

BM Vallá hf. er traust og þjónustudrifið sölu- og framleiðslufyrirtæki á byggingamarkaðnum sem leggur áherslu á að uppfylla þarfar viðskiptavina sinna á sem hagkvæmasta hátt.

Fyrirtækið er með starfsemi sína á 11 starfsstöðvum víða um landið.



ADALSKRIFSTOFA Bíldshöfða 7 :: 110 Reykjavík



SELTJARNARNES

### Meningarnefnd Seltjarnarness auglýsir hér með eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi um nafnbótina Bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 2008.

Nafnbótinni fylgir 600.000kr. starfsstyrkur. Væntanlegir umsækjendur eru beðnir að haga umsóknum í samræmi við reglur um bæjarlistamann sem liggja frammi á Bæjarskrifstofum Seltjarnarness að Austurströnd 2, en þær er einnig að finna á heimasíðu bæjarins [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Umsóknum skal skila á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes, merktum: „Bæjarlistamaður 2008“ fyrir 22. nóvember næstkomandi.

Meningarnefnd Seltjarnarness



**LANDFORM**

### LANDFRÆÐINGUR - TÆKNIFRÆÐINGUR LANDSLAGSARKITEKT - TÆKNITEIKNARI

Vegna ört vaxandi verkefna óskar Landform að ráða til starfa landfræðing, tæknifræðing, landslagsarkitekt og tækniteiknara sem unnið geta í Autocad eða hliðstæðum forritum. Um er að ræða framtíðar störf. Áhugaverð verkefni í vinnslu hjá fyrirtækinu og góð laun fyrir hæfa aðila. Sjá nánar á heimasíðu Landform, [www.landform.is](http://www.landform.is) Skrifleg umsókn sendist Landform Austurvegi 6, 800 Selfoss fyrir 9. nóvember 2007. Hafa má samband við Odd Hermannsson, allar umsóknir verða merktar trúnaðarmál.



## Þjónustufulltrúi

Til sölu Queen size rúm (160x200) með VISCO-MEDICOTT heilsudýnu og stillanlegum S-CAPE rúmbotni. Rúmteppi og lök fylgja. Aðeins 140.000 kr. Uppl. 552-6525/662-3121.

Sófi f.sjónv.hol, microfiber ljós, L-laga, breiður ö.-megin, u. Hannes 693-0804

Flutningssala-Allt að seljast! Myndir og Verð á [www.123.is/flutningur](http://www.123.is/flutningur)

## Dýrahald

**25% afsláttur af Solid Gold hvolpamat.**  
1,8 kg - 1.090-  
6,8 kg - 2.550-  
**Dýrabær Smáralind og Hliðasmára 9, Kóp.**  
[www.dyrabaer.is](http://www.dyrabaer.is)



EIN EFTIR ! Til sölu þessi gullfallega 8. vikna Chihuahua tik (loðin) til afhendingar strax. Er bólusett örmerkt og heilsufarsskoðuð. Er með ættbók frá Ishundum. Uppl í síma 824-2864

Vegna fluttnnga fæst læðan okkar gefins, 2 ára, þrífilt og mjög elskuleg. Uppl. í s. 690 0519.

Tveir snöggir Chihuahua rakkar, black og tan, leita eftir nýju heimili. Tilbúin til að fara að heiman. Ættbók Rex. Verð 100.000.- Áhugasamir hringi í síma 431-4849 fyrir kl. 16:00 og aftur eftir kl. 19:00.

## TÓMSTUNDIR &amp; FERÐIR

## Ferðalög

**Kanarí, Kanarí, Kanarí**  
Til sölu ferð í sólina fyrir tvo 22. jan 2008 í 3 vikur. Hotel Roque Nublo. Fint hótél á besta stað. Góður afsláttur. S. 861 0344.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigusalar auglýsa frítt.**  
Skráðu eignina þína á [leiga.is](http://leiga.is) eða hringdu í síma 534-1020.  
**Leigjendur leita frítt.**  
Leiga.is býður  
✓ leit að leigjanda  
✓ leigu- og tryggingaráðgjöf  
✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.  
**Leiga.is**  
Löggilt leigumáttur

**Íbúðir til leigu!**  
Nokkrar íbúðir lausar eða losna fljótlega nánari upplýsingar og umsóknareyðublað á [www.leigulidar.is](http://www.leigulidar.is)

4 Herb. íbúð til leigu á Kleppsvéginum með eða án húsgagna. Langtíma leiga. Tryggingavíxill + 2 mán. Fyrirframm. Leiga 150-170 þús. Uppl. í s. 821 9812 Gunnar.

Langagerði - 108 Reykjavík. Til leigu herbergi, 16 og 30 fm. Aðgangur að setustofu, eldhúsi og baði. Fullbúð húsbúnaði og tækjum. Allt innifalið. Laust strax. Sími 898 2102

4. herbergja 80 fm íbúð til leigu á Sólvallagötunni, leiguverð 149 þús, S. 663 5791.

**Herbergi til leigu**  
Lítið herbergi í Skipholti til leigu laust nú þegar, eldunaraðstaða og sameiginleg snyrtiaðstaða, V. 30 þús, uppl í S. 663 5791

Kj. herb. til leigu á svæði 105 húsgögn fylgja. Tengir f. síma, laust fljótlega. Uppl. í s. 868 0490.

Snyrtileg 2ja. herbergja íbúð í Hólshverfinu til leigu til 1. september. Laus strax. Leiga 95 þús á mánuði. 2ja mán. bankaábyrgð skilyrði. Upplýsingar í síma 868-7691

Uþb. 60 fm íbúð í hafnarfirði. Til leigu. Stórt herbergi og stofa m/eldhúskrók, WC og sturt. Uppl. í síma 894 5566

## Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar e. 3 svefnherb. íb. helst á svæði 101 frá 1 des. Uppl. í s. 824 7584, Agata.

S.O.S Par með barn og hund bráðvantar 3. herb. íbúð fyrir 1 des. Gr. geta. 130 þ. S. 869 5109 & 856 8915.

## ATVINNA

**LAGERMENN**

Rúmfatalagerinn í Skeifunni óskar eftir lagermönnum, í boði er fullt starf. Góð laun í boði fyrir duglega einstaklinga. Mikil vinna í boði á liflegum og skemmtilegum vinnustað. Ór vöxtur fyrirtækisins gefur mikla möguleika á að vaxa í starfi.

**Hæfniskröfur:**

- Tilbúin(n) að læra
- Metnaður og áhugi
- Þjónustulund
- Samvirksemi

Umsóknir sendist á [skeifan@rumfatalagerinn.is](mailto:skeifan@rumfatalagerinn.is) merkt „Lagermaður“. Allar nánari upplýsingar veitir vefstjóri í síma 820-8003 eða á staðnum. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**RÚMFATA LAGERINN**  
HERBERGID • BAÐID • HEIMILIÐ

Skólaröngi 1 201 Kópavogi 810 7000  
Pósthúsið Skólaröngi 1 810 7020

Skólaröngi 13 102 Reykjavík 884 7498

Gleisvangur 600 Akureyri 463 3333  
Pósthúsið Gleisvangur 463 3033

[www.rumfatagerinn.is](http://www.rumfatagerinn.is)

Reglusamur reyklaus námsmaður óskar eftir herbergi/stúdíó á höfuðborgarsvæðinu max 40þús á mán. Gunzo84@hive.is og S:6919352

**Sumarbústaðir**

Sumarhús til flutnings. Til sölu ca. 55fm sumarbústaður til flutnings. Húsið er í góðu ástandi, fullbúið og tilbúið til flutnings. Staðsett í Grímsnesi verð 7,0millj. Nánari uppl. í síma 899 1717 eða hviktors@simnet.is

**Atvinnuhúsnæði**

Vantar meðleigjanda að 130 m2 iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. 2 stórar innkeyrsluhurðir - kaffistofa og hreinlætis-aðstaða. Svarist á jonsist@simnet.is

**Gisting**

Langtíma gisting Long term rental Gistihús/Guesthouse Flóki Inn Sími: 552 1155, netf: info@innsofceland.is, www.innsofceland.is

Guesthouse, long term rental Reykjavík and Hafnarfjörður. Barbara gsm 824 4532

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**

**Sælgætis og vídeohöllin Garðatorgi**

Óskum eftir að ráða fólk í kvöld- og helgarvinnu hentar vel skólafólki. Einnig vantar fólk í dagvinnu. Umsóknareyðublöð á staðnum. Einnig hægt að hringja í síma 565 6677.



**Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla?**

Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.

**Ísbúðin Áfheimum**  
Óskar eftir að ráða starfsfólk í kvöld- og helgarvinnu. Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. í s. 899 9495, Jónína.

**Loftorka Reykjavík.**  
Óskar eftir bílstjóra á Búkollu. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525



**Vaktstjóri Shell Laugavegi**  
Vilt þú takast á við áhugavert starf og vinna með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun og vaktum-sjón. Unnið er á tviskiptum vöktum mánudag til sunnudags frá kl. 7.30 til 19.30, alls 15 daga í mánuði. Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3056 eða Óskar, stöðvarstjóri, í síma 561 9926. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.



**Vaktstjóri Select Vesturlandsvegi**  
Okkur vantar öflugan vaktstjóra til framtíðarstarfa á liflegan vinnustað. Verslunarstörf ásamt vaktum-sjón. Unnið er á hveitum virka daga og þriðju hverja helgi. Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3056 eða Ella, stöðvarstjóri, í síma 587 9730. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.



Kornið óskar eftir starfsfólki í Lækjargötu frá 12 - 18.30 á virkum dögum. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

**Bettis Kópavogi**  
Starfskraftur ekki yngri en 18 ára óskast eitt kvöld í viku og aðra hvora helgi. Upplýsingar í síma 899 8212.

**hár galleri**

Óskum eftir hársnyrti svein/meistara og nema. Uppl. gefur Lilja í s. 898 6850.



**Aktu Taktu Skúlagötu**  
Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinnu í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktu.taktu.is



**American style Hafnarfirði og Skípholti**  
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnu? Eru með störf í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, mjög samkeppnishæf laun og frábært folk. Sæktu um á americanstyle.is

**Bilstjórar óskast**  
Pósthúsið óskar eftir duglegum bilstjórum til starfa sem fyrst. Um er að ræða akstur og dreifingu á fjölbreytilegum verkefnum Pósthússins og er vinnutíminn frá 08-16 virka daga, yfirvinna skv. samkomulagi. Getum einnig bætt við okkur bilstjórum í lausamennsku fram að jólum. Hægt er að senda umsóknir og fyrirspurnir á umsoknir@posthusid.is



Ferskur vinnustaður, góður vinnuandi og finustu laun; ef þetta höfðar til þín og þú ert eldri en 23 ára þá vantar öflugan vaktstjóra í 49% kvöld- og helgarvinnu. Hentar vel með háskóla. Umsóknir á pitan.is



Hreinsitækni ehf óskar eftir starfsmönnum með meirapróf, vinnuvelráttindi og aðstoðarmönnum á bíla. Traust og góð vinna í boði. Uppl. á staðnum að Stórhöfða 37 n.h.

**Aðhlyning - kvöld og helgarvaktir.**  
Óskum eftir starfsfólki við aðhlyningu í Þjónustubúðum Dalbraut 27. Um er að ræða kvöld og helgarvaktir. Uppl. Veita Guðbjörg Vignisdóttir og Guðný Pálsdóttir sími 4112500. Netf. gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is og gudny.palsdottir@reykjavik.is



**Ert þú næturmanneskja?**  
Subway óskar eftir duglegu og jákvæðu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Í fullu starfi er unnið 7 daga frá 22-06 og 7 daga frí. Hlutastarfið er frá 22-06 um helgar. Góð laun í boði. Hægt er að sækja um á subway.is  
Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri í síma 696-7064 (Subway Hringbraut/N1). Aldurstakmark er 18 ár.

Sölumaður með reynslu óskast í heildverslun. Snyrtilegur og áreiðanlegur. Góð laun í boði, sveigjanlegur vinnutími. Vinnubíll. Uppl. í s. 663 4403

Hand filleter wanted. Haddock, J-cut. Only experienced people are considered. Seafood Bureau, Eyrartröð 11, Hafnarfjörður. Tel: 693 0203

**American style**  
Er það leikur einn að reka þitt heimili og skipuleggja þig og hjálpa öðrum í kringum þig? American Style er að leita að kraftmiklum kvöld- og helgarrekstrarstjóra. 100% laun fyrir 75% vinnu. Lágmarksaldur: 25 ára. Gæti hentað vel með háskóla.

Vélamaður óskast á hjólagörfu á höfuðborgarsvæðinu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Vantar duglega menn í röralagnir og almenna jarðvinnu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Héðinn Schindler lyftur óskar eftir starfsmanni í viðhald og eftirlit á lyftum. Raf-eða vélvirkjamenntun krafist. Sími 893 1674.

**FASTEIGNIR**

**Fasteignasala Mosfellsbæjar** Kjarna Pverholti 2 Mosfellsbæ

Sími: 586 8080  
Fax: 586 8081  
www.fastmos.is

**Opið hús á milli kl. 15:00 og 16:00**

**Prastarhöfði 5 – 108 fm íbúð auk bílskýlis**

**NÝTT Á SKRÁ** Vorum að fá í sölu afar glæsilega 3ja til 4ra herb. endaíbúð á efstu hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli. Íbúðin er mjög glæsileg, með eikar plankaparketi og flísum á gólf, hnotu innhurðar og innréttingar hvítar/hnota. Hér hefur hvergi verið til sparað – frábær staður, sundlaug, líkamsrækt, skóli, leikskóli, golfvöllur og göngu-leiðir rétt við húsið. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning. Verð 32,9 m. **Edda sími 894 2876 sýnir eignina í dag á milli kl. 15:00 og 16:00 Prastarhöfði 5 - íbúð 0303.**

**Opið hús í dag á milli kl. 14:00 og 15:00**  
**Núpalind 4 – íbúð 201**

Til sýnis í dag glæsileg og vel skipulögð 3-4 herbergja, 117 fm íbúð á 2 hæð í viðhaldslitlu fjölbýli í Lindarhverfinu í Kópavogi. Horníbúð með suðursvölum út frá stofu. Eikarparket á gólfum nema á baðherbergi og þvottahúsi sem eru flísalögð. Innréttingar og skápar úr kirsuberjaviði, frá Brúnás. Stutt í alla þjónustu, verslanir og fleira. **Verð 30,9 millj.** Íbúðin er til sýnis í dag frá kl. 14 til 15. Bjalla merkt Kristín og Trausti.

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

**Verktakar athugið!**

Stór sending af **Dynapac völturum** komin til landsins. Komið, sjáð og sannfærast. Fyrstir koma, fyrstir fá.

**Kraftvélar – umboð fyrir vandláta.**

**DYNAPAC**

**KRAFTVÉLAR**  
Kraftvélar ehf. // Dalvegi 6-8 // 201 Kópavogi  
Sími 535 3500 // Fax 535 3501 // www.kraftvelar.is

Erlent fyrirtæki óskar eftir Framkvæmdarstjóra á sviði Ferðamála. Áhugasamir leggi inn upplýsingar um fyrri störf, ásamt nafni og símanúmer á fenix@internet.is

## HENDUR.IS

Vantar duglega manneskju til að hjálpa mér við þríf á ca 100 fermetra húsi. Þarf að geta gengið í allt. Uppl. á www.hendur.is

Pi fitness Gym í Dugguvogi 12 leitar eftir góðum einkaþjálfurum og leigir út 100 fm íþróttasal sími 553 5590 gsm 896 3667

## Atvinna óskast

## HENDUR.IS

Hönnun, veislu, þríf, barnagæsla, þjónusta, iðnaðarmenn, afleysingar o.fl. Fáðu tilboð. Finnum rétta fólk á rétta ferðinu. Uppl. á www.hendur.is

Kona vörn smábarnapössun óskar eftir vinnu helst allan daginn. Uppl. í s. 897 9038.

Vanur meiraprófsbílstjóri/trailer óskar eftir atvinnu, staðsettur í Reykjanesbæ. Uppl. í s. 846 5337

## TILKYNNINGAR

## Fundir

## Átt þú í erfiðleikum með fikniefni?

Það er til lausn! NA fundir öll mánudagskvöld kl. 21.00 í Hínu Húsinu (gengið inn Austurstrætismegin) Eingöngu fyrir fíkla. S. 661 2915.

## Ýmislegt

80-90% útsala. Engihjalla 8, 1. hæð. Kl. 15-20 alla daga! Uppl. í s. 861 4082.

## Einkamál

## 18plús.is

Sýndu þig sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

ÖGURÁS 7 - GARÐABÆ  
Opið hús milli kl. 15-17

Falleg og stílhrein 100 fm. 3ja herbergja endaíbúð á 1. hæð, á frábærum stað í Garðabæ. Íbúðin er í mjög snyrtilegu umhverfi og með góðu aðgengi. Fallegur garður og stór opin svæði eru í kringum húsið. Verð 31,5 millj.

Söluamaður Sigurður sími 898 3708



## FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is  
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Bergþórugata 61

Mikið endurnýjuð 3ja herb. íbúð  
Opið hús í dag frá kl. 14-16



Glæsileg 80 fm íbúð á 3. hæð í góðu steinhúsi í miðborginni, eina íbúðin á hæðinni. Íbúðin er afar björt og mikið endurnýjuð. Ný innrétting og tæki eru í eldhúsi, baðherbergi allt endurnýjað og raflagnir og tafia eru nýleg. Nýtt massívt stafaparket á gólfum. Opið eldhús, samliggjandi skiptanlegar stofur og 1 herbergi. Fallegt útsýni úr stofum að Perlunni og að Bláfljólum. Sameign nýlega endurnýjuð og hús nýviðgert að utan. Verð 24,5 millj.

Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-16. Verið velkomin.



## FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is  
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Birkiás 20, Garðabæ

Raðhús á útsýnisstað  
Opið hús í dag frá kl. 14-16



Vandað 215 fm raðhús á tveimur hæðum með 31 fm innbyggðum bílskúr á frábærum stað með útsýni til sjávar og að Snæfellsjökli. Rúmgóðar stofur, sjónvarpshol, stórt eldhús með sérsmiðuðum innréttingum, 4 herbergi auk fataherbergis og 2 flísalögð baðherbergi. Mikil lofthæð er á efri hæð. Auðvelt er að útbúa sér íbúð á neðri hæð. Hús klætt marmarasalla að utan. Verð 63 millj.

Eignin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-16. Verið velkomin.



## FJARFESTING

FASTEIGNASALA EHF

Sími 562 4250

Pétur P. Sigurðsson hrl.  
löggitur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

Sóleyjarími 5, íb. 0602, Rvk. - Efstu hæð  
Opið hús í dag á milli 14 og 16

Til sölu glæsileg og vel skipulögð 104,4 fm. 3ja til 4ra herb. íbúð á 6. og efstu hæð í nýlegu fjölbýlishúsi við Sóleyjaríma 5 í Reykjavík. Glæsilegar innréttingar og skápar. Falleg gólfefni, parket og flísar. Vandað baðherbergi með nuddbaðkeri. Stórar svalir. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni. Tvínn ísskápur og uppþvottavél fylgja íbúðinni. Stutt er í alla þjónustu. Staði í opnu bílskýli fylgir. Verð 29,9 millj.

Guðni og Bertha sýna íbúðina á milli 14 og 16 í dag

## FASTEIGNASALAN 570 4800

GIMLI

Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali

Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800

OPIN HÚS Í EFTIRTÖLDUM  
EIGNUM Í DAG SUNNUDAGNÚPALIND 2 - 3JA HERB.  
ÍBÚÐ Á 6. HÆÐ M/BÍLSKÝLI

Falleg 87 fm 3ja herb. íbúð á 6. hæð í fallegu lyftuhúsi auk staðis í bílageymslu. Tvö stór og björt herbergi. Björt og rúmgóð stofa með útg. á suðvestur svalir með fallegu útsýni. Stórt flísalagt baðherbergi, sturtuklefi og baðkar. Þvottahús innan íbúðar. Parket og flísar á gólfum. Falleg sameign. Staði í bílageymslu fylgir.

Laus strax. Verð 25,5 millj.

Eignin verður til sýnis í dag sunnudag frá kl. 16 - 17.

GULLSMÁRI 1 - FALLEG 4RA  
HERB. ÍBÚÐ Á 1. HÆÐ

Falleg 95 fm 4ra herb. íbúð á 2. hæð (1. hæð er jarðhæð) í fallegu fjölbýli. Þrjú rúmgóð svefnherbergi og stór og björt stofa, útg. á suðaustur svalir. Eldhús með góðum innréttingum og nýl. eldhústækjum. Baðherbergi flísalagt, nýl. innréttingar. Nýl. parket og nátturuflísar á gólfum. Verð 25,6 millj.

Eignin verður til sýnis dag sunnudag frá kl. 14 - 16.

LAUGATEIGUR 3  
NEÐRI SÉRHÆÐ

Góð 140 fm neðri sérhæð í fjölbýli á þessum eftirsóttu stað. Tvö stór herbergi og tvær stórar og bjartar stofur. Góðar innréttingar. Parket og flísar á gólfum. Samkvæmt sra FMR er 30 fm bílskúr á lóðinni en hann er óbyggður. Eign sem hefur fengið gott viðhald. Verð 35,9 millj.

Eignin verður til sýnis dag sunnudag frá kl. 14 - 16.

Allar nánari upplýsingar  
gefur Sveinn Scheving í sími 893-0117.



OPID MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17  
Dan V.S. Wium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

PÓRSGATA M/BÍLSKÝLI, 101 Rvík.



Nýleg og glæsileg 3ja herb. íbúð á 1. hæð ásamt staði í bílageymslu. Lyfta er í húsinu. Hurð úr stofu út á stóran timbursólpall. Vandaðar innréttingar og tæki. Þvottahús í íbúð. Prefalt gler. Frábær staðsetning í miðbænum.

Kristinn Valur Wium Söluamaður, sími: 896 6913

Ólafur Guðmundsson Sölustjóri, sími: 896 4090



BORGARTÚN 29  
SÍMI 510 3800  
FAX 510 3801  
WWW.HUSAVIK.NET  
REYNIR BJÖRNSSON  
ELÍAS HARALDSSON  
LÖGG. FASTEIGNASALAR

Vitastígur 10 - 101 Reykjavík - Laust  
Verslunarhúsnæði með byggingarétti

Vorum að fá í einkasölu 129,4 fm húsnæði í hjarta Reykjavíkur. Húsið er á 2 hæðum og var notað undir matsölustað. Gert er ráð fyrir að hægt sé að byggja tvær hæðir ofan á húsið ásamt því að byggja viðbyggingu á baklöd. Skv. nýjum drögum er gert ráð fyrir að stækka húsið upp í ca 270 fm með 4 íbúðum og verslunarhúsnæði á jarðhæð. Tilboð óskast.

HÚSAVIK - GOTT ORÐSPOR - TRAUST VIÐSKIPTI

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



allt heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga



Fróm  
OPIÐ HÚS - OPIÐ HÚS

### Opið hús í dag milli kl. 13 – 14. GRUNDARTANGI 12 - MOSFELLSBÆ

Mikið endurnýjað 76,3 fm endarahús á einni hæð í rólegu og grónu hverfi, mjög góð aðkoma er að húsinu og bílastæði. Eldhús, baðherbergi, hurðir og gólfefni voru endurnýjuð í lok árs 2006.

VERÐ 26,5 millj.

Nánari upplýsingar veitir  
Þóra Prastardóttir í síma 822 2225

Akkurat  
FASTEIGNASALA  
STÓRHÖFÐA 27  
Sími 594 5000  
Halla Unnur  
Helgadóttir, lögg. fast.



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17  
Sími 520 2600, Fax 520 2601  
Netfang as@as.is  
Heimasíða WWW.AS.IS  
Opið virka daga kl. 9–18

### TÆKIFÆRI FYRIR VERKTAKA OG FJÁRFESTA

#### PRJÁR EIGNARLÓÐIR

Heildarlóðarstærðin er um 800 fm og því gæti verið möguleiki á að byggja jafnvel um 2000 fm.  
Í dag eru hús á öllum lóðunum sem eru í góðri útleigu.

Nánari upplýsingar veitir Jón Örn  
í síma 520-2600 eða 898-4588

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

### LOGAFOLD 171 - OPIÐ HÚS



Mjög gott 183,2 fm parhús á einni hæð með innbyggðum býlskúr. Endurnýjað baðherbergi og 3 til 4 svefnherbergi. Eldhús með borðkrók og rúmgóð og bjórt stofa og borðstofa. Parket og flísar. Falleg lóð. Verð 50 millj.

Tekið á móti áhugasömum í dag á milli kl. 13:30 og 14:30



564 6464

Síðumúla 24 • 108 Reykjavík  
hof@hofid.is • www.hofid.is  
Guðm. Björn Steinþórsson  
lögg. fasteignasali  
Jón Guðmundsson sölustjóri



### Ásbrekka 5 - Álftanesi Opið hús í dag á milli kl. 16-17



Mjög falleg og góð 122,9 fm. neðri sérhæð með sérinnangang og sér lóð. Stór verönd með skjólveggjum. Húsið er vandað og í góðu viðhaldi, viðhaldsfrí marmaraklæðning er utan á húsinu. Tvö einkabílastæði fylgja íbúðinni. Íbúðin er laus til afhendingar. Verð 30.9 millj.

Sölumaður Sigurður sími 898 3708

A



Bókaðu skoðun!

### JÖKLAFOLD - 112 RVK

Góð 177,4 fm 4ra herbergja sérhæð á góðum stað í Grafarvogi. Sérlega rúmgóð eign með mikilli lofthæð. 3 svefnherbergi, eitt af því innaf forstofu. Fallegt eldhús og bað. Stór innbyggður bílskúr.Sérafnotaréttur í garði. Frábært útsýni. VERÐ 46 millj.

Nánari upplýsingar gefur Viggo Sigursteinsson  
lögg.fast. 824-5066

K



Bókaðu skoðun!

### ENGIHJALLI - 200 KÓPAVOGUR

Góð 3ja herbergja 90,0 fm íbúð á 6.hæð í lyftuhúsi með tvennum stórum svölum og miklu útsýni. Snyrtileg íbúð með nýlegum gólfefnum.

VERÐ 20.9 millj.

Nánari upplýsingar gefur Þóra Prastardóttir  
lögg.fast. 822 2225

K



Bókaðu skoðun!

### LAUFÁSVEGUR - 101 RVK.

LAUS VIÐ KAUPSAMNING! Sérlega glæsileg 100 fm íbúð með sérinnng. Öll nýuppg. ný tæki, gólfefni, innrétt. Massívt parket á gólfum og flísar. Nýtt baðherb. 2 svefnherb. 2 stofur – 2 geymslur. Sérþv.í íbúð. Frábær staðs.í hjarta borgarinnar.

Verð: 37,5 millj. ákv. ca. 33 millj. mögul. á yfirtöku.

Nánari uppl. gefur Bjarni hjá Akkurat 896 3875

U



Bókaðu skoðun!

### SPORHAMRAR - 112 RVK

LAUS VIÐ KAUPSAMNING! Stór og skemmtileg 108,4 fm 3ja herb. endaíbúð á 2.hæð, góð geymsla og þvottahús í íbúð, ásamt ca 20 fm bílskúr á rólegum stað í Grafarvogi.

Verð 26,9 millj.

Nánari upplýsingar gefur Ingvar Ragnarsson  
lögg. fast. 822-7300

R



Bókaðu skoðun!

### LÆKJARVAÐ - 110 RVK

Mjög góð efri sérhæð með góðum bílskúr (160,5fm samtals) í Norðlingaholti.

VERÐ 43 millj.

Uppl. á skrifstofu í síma 5945000

A

T

Akkurat  
FASTEIGNASALA  
STÓRHÖFÐA 27  
Sími 594 5000

Halla Unnur Helgadóttir lögg. fast. 824 5051  
Viggo Sigursteinsson lögg. fast. 824 5066  
Ingvar Ragnarsson lögg. fast. 822 7300

## 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

### Skúlagata 44 - 101 Reykjavík OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 16-17



Glæsileg 2herb. 60,5fm íbúð á 7 hæð í mjög vinsælu húsi í miðborginni. Eignin skiptist í : hol með skápum, eldhús með útgangi út á suður svalir, stofu með parketi á gólf, opin við eldhús, herbergi með skápum og baðherbergi með baðkari.. Góðar suðursvalir með falllegu útsýni yfir miðborgina. Parket og flísar á gólf. Tengi fyrir þvottavél á baði. EIGNIN ER LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. V-24,9millj. (5104)

Sölumaður verður á staðnum.

### Langholtsvegur 34 - 104 Rvk OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 16-17



Mjög falleg 73,2fm 3ja herb.íbúð í kjallara í góðu húsi. Eignin skiptist í : Forstofu með flisum á gólf, hol með skápum, baðherbergi með sturtuklefa, innrétting við vask, tvö góð herbergi, annað með skáp, rúmgóða stofu með gluggum á tvo vegu, eldhús með borðkrók og geymslu með hillum. Sam.þvottahús og þurrkerb. Búð er að skipta um, rafllagnir, töflu, ofnalagnir og ofna. Húsið er nýlega málað að utan. MJÖG GÓÐ EIGN, LAUS FYRIR JÖL. V-18,9 millj. (5139)

Björg og Óli taka vel á móti ykkur í dag milli kl. 16-17.

### Tungusel 7 - 109 Reykjavík OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 16-17



Mjög vel skipulögð 113,4fm 4ra herb.Endaíbúð á 4 efstu hæð í góðu húsi, fallegt útsýni til Esjunar og víðar. Eignin skiptist í hol með skápum, eldhús með flisum á gólf, stofu og borstofu með útgangi út á suður svalir, 3 góð herbergi með parketi á gólf. Baðherbergi með baðkari. í kjallara er sérgeymsla og sam. þvottahús. V-24millj. (5102)

Berhard og Bryndis taka vel á móti ykkur í dag milli kl : 15-16.

### Álfkonuhvarf 55 - 203 Kópavogur OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 16-17



Mjög falleg og vel skipulögð 100,4fm 3ja herb.íbúð á 4 efstu hæð í góðu lyftuhúsi ásamt staði í bilageymslu. Eignin skiptist í : Forstofu með skáp, hol, stofu og borðstofu með parketi á gólf, útgangi út á suður svalir með frábæru útsýni, eldhús með fallegri innréttingu, eldhús er opið stofu0, 2 góð herbergi með skápum, baðherbergi með baðkari og þvottahús. Í kj. er sérgeymsla ásamt hjóla og vagnageymslu. V-26,5millj. (5089)

Anna Jóna og Böðvar taka vel á móti ykkur í dag milli kl : 16-17.

### Austurbrún



Stórglæsileg og mikið endurnýjuð 78,8fm 3ja herb. risíbúð í falllegu húsi. Eignin skiptist í rúmgóða stofu og borðstofu með parketi á gólf. Eldhús með endurnýjaðri innréttingu og tækjum. Eldhús er opið við borðstofu að hluta. Glæsilegt endurnýjað baðherbergi með baðkari.Innréttingu og upphengdu salerni, tengi fyrir þv.vél. 2 góð herbergi og lítið fataherbergi. V-29,2millj.(5129).

### Stangarhylur

Mjög vel staðsett 1712fm atvinnuhúsnæði, nánar tilgreint skrifstofu, verslunar- og iðnarðarhúsnæði á tveimur hæðum auk kjallara. Leigusamningar geta fylgt. V-340millj.

Leifur Aðalsteinsson Löggildur fasteignasali.

## GRÍÐARSTÓR GAMANMYND MEÐ LITLAR KÚLUR!

Vínningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn SMS klubb, 99 kr/áskrift.

**FRUMSÝND 2. NÓVEMBER!**

**BALLS OF FURY**

**9**  
PVER VINNUM!

SENDU SMS JA BFF  
Á NÚMERIÐ 1900 OG  
ÞÚ GÆTIR UNNID!

Vínningar eru Bíómíðar fyrir tvo, DVD myndir,  
vínningar tengdur myndinni og margt fleira!

SMÁRÁLIND  
BÍÓ

SMS LEIKUR

BÍÓMÍÐI

## STUÐ MILLI STRÍÐA Staðalímyndað Ísland

ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR VELIT FORVITNI OG FORDÓMUM FYRIR SÉR



Við Íslendingar erum upp til hópa forvitið fólk. Ætli það sé ekki bein afleiðing af því hversu fá við erum. Við erum svo forvitin að við mænum á fólk úti á götu, á kaffihúsum eða jafnvel í sturtuklefum í sundi. Auðvitað er það að hluta til vegna þess að við búumst við því að hitta einhvern sem við þekkjum, því það eru jú yfirleitt góðar líkur á því að það gerist á svona stöðum. En við erum líka bara forvitin og upptekin hvert af öðru. Við viljum sjá hvort við könnumst við menneskjuna, og ef ekki viljum við oft bara sjá hvernig hún er klædd, með

hverjum hún er, hvers konar bíl hún er á og svo framvegis.

Og svo dæmum við og flokkum, trúum á staðalímyndirnar. Fólk er dæmt eftir því í hvaða menntaskóla það var – en ef það var ekki í menntaskóla er það dæmt enn meira. Svo er fólk dæmt eftir því hvaðan af landinu það er, og ef það er af höfuðborgarsvæðinu skiptir máli úr hvaða hverfi. Við dæmum fólk og setjum það í ákveðna flokka eftir öllu mögulegu, meira að segja hvaða íþróttaliði það heldur með! Og oftast höfum við lítið sem ekkert fyrir okkur í þessum fordómum. Ég var til dæmis í Verzló, var alin upp á Seltjarnarnesi og held með KR. Ef ég myndi nú trú á allar staðalímyndirnar væri ég illa

stödd. Ekki nóg með að samkvæmt staðalímyndunum væri ég með öllu óþolandi manneskja, heldur ætti ég enga samleið með vinum mínum – þeim sem ólust upp í miðbænum, voru í MH og halda með Val.

Við þekkjum öll staðalímyndina um ljóshærða, bláeyga Íslendinginn sem býr í snjóhúsi og veiðir sér fisk til matar. Ég held að við flest séum orðin leið á þeirri staðalímynd, en af hverju föllum við í sömu gryfjuna gagnvart öðrum? Nú ætla ég ekki að alhæfa um alla Íslendinga – enda væri ég þá að dæma á alveg sama hátt og þeir sem ég er að gagnrýna. En staðreyndin er sú að við þurfum að passa okkur á staðalímyndunum. Við ættum ekki að dæma fólk fyrr en við höfum kynnst því.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## HLAÐVARPINN

### MENNINGARSJÓÐUR KVENNA Á ÍSLANDI

auglýsir eftir

### UMSÓKNUM

MARKMIÐ SJÓÐSINS er að styrkja menningarstarfsemi kvenna sem beinist að því að greina, efla, varpa ljósi á og breyta stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Með menningarstarfsemi er átt við hvers kyns listir, rannsóknir og kynningu á menningu kvenna. Úthlutað verður árlega úr sjóðnum. Umsækjendur geta verið konur, samtök þeirra, félag eða fyrirtæki.

#### UMSÓKNUM SKAL FYLGJA

##### Lýsing á verkefninu

Lögð skal fram greinargóð lýsing á verkefninu, umfangi þess og hvernig það fellur að markmiðum sjóðsins

##### Kostnaðar- og verkáætlun

Gerð skal grein fyrir undirbúningi, kostnaði og áætlaðri framvindu verksins

##### Ferilskrá

Ferilskrá þeirra sem bera ábyrgð á verkefninu skal fylgja umsóknum

#### UMSÓKNIR SKULU BERAST

Hlaðvarpanum  
pósthólf 1280  
121 Reykjavík  
Umsóknarfrestur er til 3. desember 2007  
Öllum umsóknum verður svarað

#### SJÁ NÁNAR VEFSÍÐU SJÓÐSINS

[www.hladvarpinn.is](http://www.hladvarpinn.is)  
Upplýsingar veitir stjórn sjóðsins um netfangið [hladvarpinn@hladvarpinn.is](mailto:hladvarpinn@hladvarpinn.is)

HLAÐVARPINN er sjóður sem stofnaður er af hluthöfum Hlaðvarpans ehf. til styrktar menningarmálum kvenna á Íslandi. Stofnfé sjóðsins er söluandvirði fasteigna félagsins að Vesturgötu 3 í Reykjavík sem íslenskar konur keyptu árið 1985.



EYBÓR INGI JÓNSSON Leikur á sjónrænum orgeltónleikum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sjónrænir tónleikar í Langholtskirkju

Listafélag Langholtskirkju hefur vetrardagskrá sína í kvöld með heldur óvenjulegum orgeltónleikum.

Einn af okkar fremstu orgelleikurum, Eybór Ingi Jónsson, mun þar spila áhugaverð orgelverk frá tímum endurreisnarinnar og verður myndefni varpað á bíótjald á meðan hann spilar.

Á efnið eru orgelverk eftir ýmsa höfunda, þar á meðal Dietrich Buxtehude, en eitt af hans stærstu verkum verður leikið á tónleikunum.

Björn Ingiberg Jónsson er einn aðstandenda listafélagsins. Hann segir tónleikana á sunnudag vera í styttri kantinum en áhugaverða fyrir því. „Tónleikarnir verða um klukkustund að lengd og samantanda af stuttum, hressilegum verkum. Farið verður yfir ættartölu orgeltónlistar og spiluð verk frá Sweelinck til Bach með drjúgri viðkomu hjá Buxtehude.“

Á meðan Eybór leikur verkin verður sagt frá þeim á skemmtilegan hátt á tjaldi við hlið orgelsins. Sjónrænir tónleikar hafa verið fluttir erlendis við góðan orðstír.

Tónleikar sem þessir eru þó tiltölulega nýir af nálinni héraendis. „Eybór lék á Myrkum músíkdögum í fyrra og hafði þar svona myndræna sýningu með, þannig að segja má að hann sé hálfgerður brautryðjandi þessarar tækni á Íslandi. Annars veit ég ekki til þess að tónlist og myndefni hafi áður verið blandað saman á þennan hátt hér á landi. Myndefnið er af ýmsum toga; bæði eru myndir og texti með upplýsingum um tónverkin en einnig gefst tónleikagestum kostur á að virða fyrir sér handa- og fótaburð Eybórs á tjaldinu,“ segir Björn.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.

vigdis@frettabladid.is



GABRIELA FRÍÐRIKSDÓTTIR listamaður.

## Leiðsögn Gabrielu

Listunnum gefst tækifæri til að kynna hugarheimi Gabrielu Friðriksdóttur og verkum Einars Þorlákssonar í dag kl. 15. Þá mun hún ásamt Aðalsteini Ingólfssyni listfræðingi ræða við gesti um sýninguna Þessa heims og annars sem lýkur í Listasafni Árnesinga í Hveragerði í dag. Sýningin Þessa heims og annars býður upp á samtal þessara tveggja ólíku og mjög afgerandi listamanna sem hvor um sig mála alls kyns furðuverur, skrímsli, geimverur eða kynjadýr, sem spretta úr hugskoti þeirra. Stundum má finna bein sjónræn tengsl þeirra en sýningunni er þó fremur ætlað að bjóða upp á samanburð sem dregur fram einkenni hvors listamanns um sig og skapar grunn til að hugleiða hugtök eins og abstraksjón, málverk og súrrealisma í list nú á dögum. Listasafn Árnesinga er til húsa í Austurmörk 21 í Hveragerði. Boðið er upp á kaffiveitingar í kaffistofu safnsins.

ESJENKA SÍMA 410 9191

## STYRKARSJÓÐUR BAUGS GROUP HF.

AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI ÚR SJÓÐNUM

Markmið sjóðsins er að styðja við bakið á menningar- og listalífi, auk þess að hlúa að mannréttinda- og líknarmálum. Það verður m.a. gert með framlögum til stofnana, samtaka og félaga á Íslandi, sem hafa framangreind málefni sem aðaltilgang sinn.

Áhugasamir aðilar sem uppfylla ofangreind skilyrði eru hvattir til að senda inn umsókn. Lengd umsóknar skal takmarkast við eina vélritaða síðu (A4).

Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu Baugs Group hf., [www.baugurgroup.com](http://www.baugurgroup.com)

Umsóknum skal skilað fyrir 11. nóvember á: [styrktarsjodur@baugurgroup.com](mailto:styrktarsjodur@baugurgroup.com)

Einnig má skila umsóknum til: Styrktarsjóður Baugs Group hf., Túngötu 6, 101 Reykjavík.

Úthlutun fer fram í janúar.

Formaður stjórnar sjóðsins er Jóhannes Jónsson en aðrir stjórnarmenn eru Hreinn Loftsson og Ingibjörg St. Pálmadóttir. Ritari stjórnar er Kristín Þorsteinsdóttir.

### Kröfufjármögnun

# Skilvirk leið til að fjármagna vöxt fyrirtækisins

Viðskiptakröfur eru stærsta eign margra fyrirtækja. Með Kröfufjármögnun Landsbankans gefst fyrirtækjum kostur á lántöku gegn veði í viðskiptakröfum með einfaldari hætti en áður.

Ávinningurinn er margþættur. Auðveldara er að fjármagna vöxt fyrirtækisins þar sem rekstrarfé eykst í hlutfalli við aukna sölu. Með bættu fjárstreymi er m.a. hægt að greiða birgjum fyrr og ná fram hagstæðari innkaupum.

Hafðu samband við fyrirtækjasérfræðing í næsta útibúi eða Þjónustuborð fyrirtækja í síma 410 9191

# Mills svarar fyrir sig

Heather Mills heldur áfram stríðinu við fjölmiðla en skilnaður hennar og sir Pauls McCartney virðist aftur vera kominn í öngstræti. Heather sakar Paul um valdníðslu og Stelli dóttur hans um að hafa reynt að skemma samband hennar og sir Paul.

Herferð Heather gegn breskum fjölmiðlum hófst í vikunni en henni var svarað um leið af ritstjóra afþreyingardeildar The Sun. Mills var síðan mætt í tvö viðtöl á miðvikudaginn, annað í sjónvarpsþættinum Extra en hitt hjá Diane Sawyer í Good Morning America. Mills sakar bæði bresku blöðin og fyrrverandi eiginmann sinn um að hafa reynt að níða af sér skóinn og útmála hana sem skrattann sjálfan. Hún segir Paul ábyrgan fyrir skilnaðinum og að hann viti vel upp á sig sökina.

Hörðustu útreiðina að þessu sinni fær þó dóttir Pauls og Lindu, fatahönnuðurinn Stella McCartney, sem Mills segir að hafi vísitandi reynt að komast upp á milli þeirra hjóna, Pauls og Heather. „Hún var svo afbrýðisöm og vildi ekki að pabbi sinn yrði hamingjusamur,“ sagði Mills. „Þetta átti sér stað í hverri einustu viku,“ bætti hún við. Mills sagðist jafnframt eiga urmul af gögnum sem sönnuðu illsku McCartney-ættarinnar og þau væru kirfilega varðveitt í öryggishólfi. „En ég mun opinbera þau ef það verður gengið of nærri mér,“ sagði Mills.

En það var ekki bara Stella sem fékk á baukinn hjá Mills því Paul var ekki stikkfrí frekar en fyrri daginn. „Hann vildi aldrei vernda mig. Ég fékk morðhótanir og samt var ég berskjölduð,“ sagði Mills og bætti því við að hún hefði tekið upp nánast öll samtöl hennar og Pauls á hjónabandsárum þeirra. „Og ég er reiðubúin til að nota þau. Og af hverju heldurðu að ég hafi tekið þetta allt saman upp? Af því að ég vissi að enginn myndi trúna mér,“ útskýrir Mills.

Að endingu sneri hún sér að auðæfum sir Pauls og gagnrýnir hversu litlu Bítillinn hafi eytt í góðgerðarmál. „Ég gagnrýndi þetta og við átum rökræður um þessi mál á



## PERSÓNUR OG LEIKENDUR Í SKILNAÐI ALDARINNAR

Heather Mills hefur farið mikinn í bandarískum fjölmiðlum að undanförunu og sakar bæði fyrrverandi eiginmann sinn, Paul McCartney, og bresku blöðin um að hafa skrumskrælt ímynd sína. Dóttir sir Pauls og Lindu, fatahönnuðurinn Stella McCartney, fékk síðan á baukinn á miðvikudaginn þegar Heather sagði hana vísitandi hafa reynt að eyðileggja hjónabandið. Aukin harka hefur nú færst aftur í skilnað þeirra Pauls og Heather og því ljóst að málið er hvergi til lykta leitt. Paul heldur sig hins vegar að mestu leyti til hlés og hyggst ekki reka málið fyrir augum almennings.



hverjum einasta degi,“ segir Mills.

Hún upplýsir jafnframt að hún hafi íhugað sjálfsmorð en Paul hafi sýnt því litla athygli. Að endingu sagði Mills og hélt uppi eintaki af The Sun. „Þeir segja mig brjáláða og eru í markvissri herferð til að sanna

það.“ Paul McCartney vildi ekkert tjá sig um viðtölin og ásakanirnar heldur hélt sig til hlés á búgarði sínum í Austur-Sussex. „Paul ætlar að halda virðingu sinni og þótt Mills ætli að reka mál sitt í fjölmiðlum ætlar Paul ekki aðhafast neitt.“

**Nýtt í bíó** Sími: 553 2075 - bara lúxus

**HÖRKU HASAR**

**ROGUE ASSASSIN** KL. 10

**ibba** 600 kr

**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

ROGUE ASSASSIN	kl. 6, 8 og 10-POWER	16
ÆVINTÝRAEYJA IBBA	kl. 2, 4 og 6 - 600 kr	L
EASTERN PROMISES	kl. 5.45, 8 og 10.15	16
THE HEARTBREAK KID	kl. 2, 8 og 10.15	12
HÁKARLABEITA	kl. 2 og 4 - 600 kr	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á mið.is

**NÝTT Í BÍÓ!**

**BALLS OF FURY** LÚXUS

**ROGUE ASSASSIN** HÖRKU HASARMYND MED HEITUSTU TÖFFURUNUM Í DAG, SVAKALEG SPENNA FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

**ELIZABETH** 12

**THIS IS ENGLAND** MYND BYTIR SQUARE MILDOWS

**ibba** Aðeins 600kr.

**FRÁ LEIKSTÓÐANUM DAVID LEVINSOHN**

**ATH: EKKERT HLÉ OG MIÐASÖLU LÝKUR ÞEGAR SÝNING MYNDAR HEFST**

<b>SMÁRRÁSBÍÓ</b> SÍMI 564 0000	<b>REGNBÖGINN</b> SÍMI 551 9000
BALLS OF FURY KL. 1.30-3.45-5.50-8-10.10	THIS IS ENGLAND KL. 3-6-8-10
BALLS OF FURY LÚXUS KL. 1.30-3.45-5.50-8-10.10	ROGUE ASSASSIN KL. 3-5.50-8-10.10
ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. KL. 2-4-6	SUPERBAD KL. 3-5.30-8-10.30
DARK IS RISING KL. 1.30-3.45-5.50-8	GOOD LUCK CHUCK KL. 3-5.40-8-10.20
THE HEARTBREAK KID KL. 5.30-8-10.30	
RESIDENT EVIL 3 KL. 10.10	
GOOD LUCK CHUCK KL. 8-10.10	
HÁKARLABEITA 600 KR. KL. 1.30-3.50	

**www.SAMbio.is 575 8900 mid.is**

**ELIZABETH**

**THE INVASION**

**HELIAN** Miðaverð 600 kr.

<b>ALFABAKKA</b>	<b>AKUREYRI</b>
MICHAEL CLAYTON DIGITAL kl. 5:30 - 8 - 10:30	ÍPRÓTTAHEITJAN M/ISL TAL kl. 2 - 4 - 6
MICHAEL CLAYTON kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	MICHAEL CLAYTON kl. 8 - 10
THE GOLDEN AGE kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	RATATOUILLE M/ISL TAL kl. 2
THE INVASION kl. 8 - 10:30	BRATZ - THE MOVIE kl. 4
ÍPRÓTTAHEITJAN M/ISL TAL kl. 1:30 - 3:30	STARDUST kl. 5:50
HEARTBRAKE KID kl. 5:30 - 8	THE INVASION kl. 8 - 10
THE BRAVE ONE kl. 10:30	
STARDUST kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	<b>KEFLAVÍK</b>
ASTRÓPIÁ kl. 1:30 - 3:30 - 6	ÍPRÓTTAHEITJAN M/ISL TAL kl. 2 - 4 - 6
SHREK 3 M/ISL TAL kl. 1	ÆVINTÝRAEYJA IBBA M/ISL TAL kl. 2 - 4 - 6
RATATOUILLE M/ISL TAL kl. 1 - 3:30	VEDRAMÓT kl. 8
	THE KINGDOM kl. 8
<b>KRINGLUNNI</b>	3:10 TO YUMA kl. 10:10
MICHAEL CLAYTON kl. 8 - 10:30	HALLOWEEN kl. 10:10
THE INVASION kl. 10:10	
DARK IS RISING kl. 2 - 4 - 6	<b>SELFOSSI</b>
ÍPRÓTTAHEITJAN M/ISL TAL kl. 2 - 4 - 6	HEARTBRAKE KID kl. 8 - 10:20
IN THE LAND OF WOMEN kl. 5:50 - 8	ÆVINTÝRAEYJA IBBA ISL TAL kl. 2 - 3:50
THE KINGDOM kl. 8 - 10:10	ÍPRÓTTAHEITJAN M/ISL TAL kl. 2 - 3:50
BRATZ kl. 3:40	SUPERBAD kl. 5:30
RATATOUILLE M/ISL TAL kl. 1:30	STARDUST kl. 5:30
	GOOD LUCK CHUCK kl. 8
	THE KINGDOM kl. 10:10

**Aðeins 450 kr.**

BALLS OF FURY KL. 4:00 í Háskólabíó

ELIZABETH KL. 3:00 í Regnboginum

EASTERN PROMISES KL. 3:00 í Regnboginum

DARK IS RISING KL. 3:00 í Regnboginum

THE HEARTBREAK KID KL. 3:00 í Háskólabíó

THIS IS ENGLAND KL. 3:00 í Regnboginum

**SparBíó 450kr** Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

**ÍPRÓTTAHEITJAN** - kl. 1:30 í álfabakka, og kl. 2 á akureyri, keflavík og selfossi

**DARK RISING** - kl. 2 í Kringlunni

**STARDUST** - kl. 3 í Álfabakka

**SHREK 3** M/ISL TAL - kl. 1 í Álfabakka

**RATATOUILLE** M/ISL TAL - kl. 1 í Álfabakka, og 2 á Akureyri

**Ódýrt í bíó**

**ibba** ATH. SÝND KL.2

**Hákarlabeita** ATH. SÝND KL.2

**450 kr. á fyrstu sýningar dagsins**



# Ökutímar

**SAGA UM FORBODNA ÁST  
MED TÓNLIST EFTIR LAY LOW**

Frumskýnt 2/11 **UPPSELT**

Lau. 3/11	kl. 19	<b>UPPSELT</b>	Fös 23/11	kl. 22	<b>UPPSELT</b>
Lau. 3/11	kl. 22	<b>UPPSELT</b>	Lau 24/11	kl. 19	<b>UPPSELT</b>
Mið. 7/11	kl. 20	<b>UPPSELT</b>	Lau 24/11	kl. 22	örfá sæti laus
Fös. 9/11	kl. 19	<b>UPPSELT</b>	Fim 29/11	kl. 20	<b>UPPSELT</b>
Fös. 9/11	kl. 22	<b>UPPSELT</b>	Fös 30/11	kl. 19	<b>UPPSELT</b>
Lau. 10/11	kl. 19	<b>UPPSELT</b>	Fös 30/11	kl. 22	<b>UPPSELT</b>
Lau. 10/11	kl. 22	Örfá sæti laus	Sun 2/12	kl. 20	<b>UPPSELT</b>
Mið. 14/11	kl. 20	<b>UPPSELT</b>	Fim 6/12	kl. 20	<b>UPPSELT</b>
Fös. 16/11	kl. 19	<b>UPPSELT</b>	Fös 7/12	kl. 19	Aukasýn
Fös. 16/11	kl. 22	Aukasýn	Fös 14/12	kl. 22	Aukasýn
Lau. 17/11	kl. 19	<b>UPPSELT</b>	Lau 22/12	kl. 19	Aukasýn
Fim. 22/11	kl. 21	<b>UPPSELT</b>			

**Ekki við hæfi barna!**

HÖFUÐUR: PAULA VOGEL. ÞYGGING: SIGTRYGGUR MAGNASON. LEIKSTJÓRN: MARÍA REYNDAL. LEIKMENN OG GJÓMNGAR: FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR. TÓNLIST: LAY LOW. LYSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON  
LEIKARAR: PRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON, KRISTÍN ÞÓRA HARALDSÓTTIR, GUEJÓN DAVÍÐ KARLSSON, HALLGRÍMUR ÓLAFSSON, ÞRÚÐUR VILHJÁLMSDÓTTIR

**FRUMSÝNT Í RÝMINU**  
2. NÓVEMBER 2007

Í samstarfi við



MIDASALA LA ER OPIN FRÁ KL. 13-17  
MIDASALA Í SÍMA 4 600 200

MIDASALA Á NETINU: [WWW.LEIKFELAG.IS](http://WWW.LEIKFELAG.IS)  
NETFANG: [MIDASALA@LEIKFELAG.IS](mailto:MIDASALA@LEIKFELAG.IS)



**LEIKFÉLAG  
AKUREYRAR**

## > Veigar Páll fór á kostum

Veigar Páll Gunnarsson fór á kostum með Stabæk í gær þegar lokaumferð norsku úrvalsdeildarinnar fór fram. Veigar Páll skoraði tvö mörk og lagði upp tvö önnur þegar Stabæk pakkaði Lillestrøm saman, 5-0. Stabæk hafnaði fyrir vikið í öðru sæti deildarinnar. Meistarar Brann voru augljóslega ekki búnir að jafna sig eftir mikil hátiðarhöld síðustu daga og töpuðu fyrir Tromsø, 3-0, á útivelli. Ólafur Örn og Ármann Smári voru í byrjunarliði en Kristján Örn var hvíldur. Jóhannes Harðarsson og félagar töpuðu fyrir Lyn, 4-1, og féllu um leið úr úrvalsdeildinni.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## ÁRNI GAUTUR ARASON: MEÐ NÝTT SAMNINGSTILBOÐ FRÁ VÁLERENGA EN ER ÓÁKVÆÐINN MEÐ FRAMHALDIÐ

### Það kemur allt í ljós á næstunni hvað ég geri

Árni Gautur Arason, markvörður íslenska landsliðsins í knattspyrnu og Vålerenga í norska boltanum, liggur þessa dagana undir felddi og ihugar tilboð frá Óslóarliðinu Vålerenga um framlengingu á leikmannasamningi við liðið.

„Ég stend í viðræðum við Vålerenga þessa dagana um nýjan samning og það er of snemmt að segja til um hvernig það fer, en núgildandi samningur minn við liðið rennur út í lok nóvember,“ sagði Árni Gautur og neitaði því ekki að staða Vålerenga í ár hafi valdið honum vonbrigðum. „Það er ekkert launungarmál að við ætluðum okkur stærri hluti í ár en þá sem við erum í núna þegar einn leikur er eftir. Markmiðið var að vera í það minnsta í einu af topp fjórum sætunum í deildinni,“ sagði Árni Gautur en Vålerenga er sem stendur í 7. sæti norsku deildarinnar þegar einni umferð er ólokið. Vålerenga á reyndar enn tölfraðilegan möguleika á að enda í 5. sætinu, en til þess að það geti gerst þá þurfa bæði Lillestrøm og Rosenborg að tapa sínum leikjum

og Vålerenga að vinna Viking á útivelli þegar síðasta umferð deildarinnar fer fram í dag.

„Þegar tímabilinu er lokið get ég farið að vinna í rölegheitum í mínum málum. En mér hefur liðið afar vel í þessi þrjú og hálf ár sem ég hef verið hérna í Ósló og þótt önnur lið hafi vissulega sýnt mér áhuga undanfarið þá er það í raun ekkert sem hefur komið almennilega upp á borð til mín.

Það er reyndar allt óráðið með stjóramálin hjá Vålerenga þar sem núverandi knattspyrnustjóri er aðeins til bráðabirgða, en ég á ekki von á því að það spili eitthvað inn í stöðu mína hjá félaginu og ákvörðun mína um framhaldið. Þetta kemur bara allt í ljós á næstunni og eins og staðan er núna þá stefni ég bara að því að klára tímabilið almennilega með Vålerenga,“ sagði Árni Gautur sem er einnig ákveðinn í að klára undankeppni EM með landsliðinu af fullum krafti. „Vonandi náum við að rétta úr kútnum undir stjórn nýráðins þjálfara og klára Danaleikinn með sóma.“



ALEXANDER PETERSSON Átti finan leik en það dugði ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þýski handboltinn:

## Slæmt tap hjá Flensburg

**HANDBOLTI** Það gengur ekki sem skylði hjá Íslendingaliðinu Flensburg þessa dagana. Liðið tapaði óvænt fyrir Göppingen í gær, 31-29. Alexander Petersson skoraði 6 mörk fyrir Flensburg í leiknum en Jaliesky Garcia Padron var með 3 mörk fyrir Göppingen.

Lubbecke, lið Birkis Ívars Guðmundssonar og Þóris Ólafssonar, steinlaú fyrir meisturum Kiel, 42-25. Þórir skoraði 2 mörk í leiknum. Gylfi Gylfason og félagar í Wilhelmshaven steinlágu líka er þeir mættu Nordhorn. Lokatölur þar 32-17. Gylfi skoraði 5 mörk í leiknum og var markahæstur hjá Wilhelmshaven. - hbg

Fernando Alonso:

## Getur farið til Renault

**FORMÚLA 1** Flavio Briatore, yfirmaður Renault-liðsins, hefur boðið Fernando Alonso að koma aftur til Renault en hann sleit samstarfi við McLaren fyrir helgi. Skal engan undra þar sem Alonso varð heimsmeistari með Renault árin 2005 og 2006.

Talað hefur verið um að Alonso ætli að fara til einhvers liðs í eitt ár og síðan ætli hann til Ferrari. Briatore hefur ekki áhuga á slíkum samningi. - hbg

# Stórmeistarajafntefli

Franski varnarmaðurinn William Gallas bjargaði stigi fyrir Arsenal í toppslag ensku deildarinnar gegn Man. Utd í gær er hann jafnaði í uppbótartíma. Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, var mjög ósáttur við Howard Webb dómara.

**FÓTBOLTI** Topplið ensku úrvalsdeildarinnar, Arsenal og Manchester United, mættust í sannkölluðum risaslag á Emirates-vellinum í gær. William Gallas var hetja heimamanna er hann jafnaði í blálokin gegn meistarunum. United náði tvisvar forskotinu í leiknum en hið unga lið Arsenal kom ávallt til baka.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, átti erfitt með að sætta sig við jafnteflið og hann sakaði Howard Webb dómara um að draga taum Arsenal í leiknum.

„Ég tel að Howard Webb eigi góða möguleika á að verða besti dómari deildarinnar og leikurinn í dag var stórt próf fyrir hann og ég get ekki neitað því að mér fannst hann draga taum Arsenal í leiknum. Seinna mark Arsenal kemur eftir að hann sleppir augljósri aukaspyrnu þegar brotið var á Louis Saha,“ sagði Ferguson en hann telur oft vera erfitt fyrir dómara að vinna undir pressu frá háværum áhorfendum.

„Það er mjög erfitt fyrir dómara að vinna við slíkar aðstæður. Við sem sátum á bekknum þurftum að sitja undir þvítíkum fúkyrðaflaumum frá fólki sem sat rétt við bekkinn. Það vantar mikið upp á öryggisgæsluna hérna og það er til algjörrar skammar að fólk skuli komast upp með slíka framkomu hér á vellinum. Fólk er stjórnlaust og má segja að það ríki hættuástand á þessum velli.“

Ferguson var eðlilega ósáttur við að hans menn skyldu ekki klára leikinn eftir að Ronaldo kom þeim yfir er átta mínútur lifðu leiks.

„Við ræddum í hálfleik um að hleypa þeim ekki aftur inn í leikinn og það var hræðilegt að fá mark á okkur svona snemma. Ég



FÖGNUMUR William Gallas fagnaði marki sínu með því að hlaupa til Wengers stjóra og faðma hann. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

sætti mig aldrei við stig neins staðar. Við teflum fram liðið sem á að geta unnið leiki og við spilum ávallt til sigurs.“

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var mjög sáttur við karakterinn sem hans lið sýndi í leiknum.

„Það reyndi í tvisgang á karakter liðsins og það er gríðarlega sterkt

að koma tvisvar til baka gegn öflugu liði Man. Utd, sem leit út fyrir að geta nýtt sér öll mistök okkar í leiknum. United er með menn sem klára leiki og þeir kláruðu sín færi vel en ógnuðu okkur samt ekki mikið. Í heildina litið fannst mér úrslitin sanngjörn,“ sagði Wenger. henry@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin:

ARSENAL - MAN. UTD	2-2
0-1 William Gallas, sjm. (45.), 1-1 Cesc Fabregas (48.), 1-2 Cristiano Ronaldo (82.), 2-2 William Gallas (90.).	
ASTON VILLA - DERBY	2-0
1-0 Martin Laursen (57.), 2-0 Ashley Young (61.)	
EVERTON - BIRMINGHAM	3-1
1-0 Aiyegbini Yakubu (10.), 1-1 Oliver Kapo (80.), 2-1 Lee Carsley (90.), 3-1 James Vaughan (90.).	
FULHAM - READING	3-1
1-0 Simon Davies (18.), 1-1 Kevin Doyle (54.), 2-1 Clint Dempsey (72.), 3-1 David Healy (90.).	
MIDDLESBROUGH - TOTTENHAM	1-1
0-1 Darren Bent (35.), 1-1 Luke Young (52.).	
NEWCASTLE - PORTSMOUTH	1-4
0-1 Noe Pamarot (8.), 0-2 Benjani (9.), 0-3 John Utaka (11.), 1-3 Sol Campbell, sjm. (16.), 1-4 Niko Kranjcar (71.).	
WIGAN - CHELSEA	0-2
0-1 Frank Lampard (11.), 0-2 Juliano Belletti (18.).	
BLACKBURN - LIVERPOOL	0-0

### STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:

Arsenal	11	8	3	0	24-9	27
Man. United	12	8	3	1	21-6	27
Chelsea	12	7	3	2	18-8	24
Portsmouth	12	6	4	2	23-13	22
Blackburn	11	6	3	1	15-9	22
Man. City	11	7	1	3	15-13	22
Liverpool	11	5	6	0	17-6	21
Sunderland	11	2	3	6	12-20	9
Middlesbrough	12	2	3	7	12-23	9
Tottenham	12	1	5	6	19-24	8
Wigan Athletic	12	2	2	8	10-19	8
Bolton	11	1	3	7	10-17	6
Derby County	12	1	3	8	5-26	6

Enski deildarbikarinn:

## Chelsea mætir Liverpool

**FÓTBOLTI** Dregið var í átta liða úrslit enska deildarbikarsins í gær og þar ber hæst að Chelsea tekur á móti Liverpool. Leikirnir fara fram 17. desember nema leikur West Ham og Everton sem verður spilaður 10. desember. - hbg

### DRÁTTURINN

Chelsea - Liverpool
Man. City - Tottenham
Blackburn - Arsenal
West Ham - Everton

## Rafa Benitez, stjóri Liverpool, svektur eftir markalaust jafntefli gegn Blackburn: Við áttum skilið að vinna leikinn

**FÓTBOLTI** Það gengur ekki vel hjá Liverpool þessa dagana og enn ein vonbrigðin dundu yfir í gær er liðið varð að sætta sig við markalaust jafntefli gegn Blackburn á Ewood Park. Rafa Benitez, stjóri Liverpool, var ekki sáttur í leiklok.

„Ég er mjög vonsvikinn. Við áttum skilið að vinna þennan leik. Við sköpuðum mjög mörg opin færi sem við áttum að nýta. Þegar leikurinn opnaðist réðum við ferðinni og sóttum. Sóknarleikur okkar var mun betri en þeirra. Ef við tókum það jákvæða úr leiknum þá er ég sáttur við hvernig við stýrum leiknum og hversu mörg færi við sköpum. Í seinni hálfleik var markvörður Blackburn þeirra besti maður,“ sagði Benitez en kollegi hans hjá Blackburn, Mark Hughes, sagði úrslitin sanngjörn. „Mér fannst við standa okkur



SVEKKTUR Steven Gerrard tókst ekki að skora í gær frekar en öðrum leikmönnum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

vel og leikurinn var góður. Bæði lið fengu tækifæri til að vinna en á endanum var jafntefli sanngjörn niðurstaða. Við erum mjög sáttir

með stigið enda búnir að mæta þrem af fjórum efstu liðunum og tekið stig af þeim öllum,“ sagði Hughes. - hbg

www.expressferdir.is

## SKRÁÐU ÞIG Í FÓTBOLTA- KLÚBB EXPRESS FERÐA!

Það margborgar sig að skrá sig í Fótbotaklúbb Express Ferða. Nöfn allra klúbbfélaga og þeirra sem skrá sig fyrir 15. nóvember fara í pott og eru glæsileg verðlaun í boði, ferð á heimaleik með West Ham að eigin vali.

Innifalið er flug, gisting og miði á leikinn. Dregið verður 1. desember.

» Gakktu til liðs við okkur og skráðu þig á [www.icelandexpress.is/expressfotbolti](http://www.icelandexpress.is/expressfotbolti)

Skráðu þig núna!  
Þú gæst unnið ferð á leik með West Ham!



Express Ferðir

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:      



GREY'S ANATOMY - alla miðvikudaga



DAMAGES - alla sunnudaga



STELPURNAR - alla föstudaga



NÆTURVAKTIN - alla sunnudaga



TEKINN 2 - alla föstudaga



LOGI Í BEINNI - alla föstudaga



ALGJÖR SVEPPI! - allar helgar

# FRÁBÆR DAGSKRÁ Í NÓVEMBER



skemmtilegri

## PRISON BREAK

NÝTT FANGELSI, NÝR FLÓTTI, NÝ ÞÁTTARÖÐ  
HEFST 11. NÓVEMBER

**BODGREIÐSLUTILBOD!**

Stöð 2, Stöð 2 bíó og Stöð 2 sirkus  
á aðeins 4.990 kr. á mánuði  
fyrir korthafa VISA í  
nóvember og desember.

VISA



**FLETTI OFAN AF SAMARANCH** Andrew Jennings skrifaðir þrjár bækur um Juan Antonio Samaranch og Alþjóða ólympíunefndina. Samaranch sést hér með Vladímír Pútín Rússlandsforseta.

Hver er Andrew Jennings?

## Úr mafiunni í íþróttirnar

**ÍÞRÓTTIR** Hinn 64 ára gamli Andrew Jennings er rannsóknarblaðamaður, sjónvarpsmaður, rithöfundur og kvikmyndagerðarmaður, allt í senn.

Hann hóf feril sinn hjá Sunday Times í lok sjöunda áratugar síðustu aldar. Hann gerðist í kjölfarið rannsóknarblaðamaður fyrir þáttinn Checkpoint hjá BBC. Árið 1986 vakti hann mikla athygli með heimildarmynd sinni um spillingu innan Scotland Yard. BBC neitaði að sýna myndina. Hann yfirgaf þá BBC og fór að vinna fyrir Granada. Á þeim tíma rannsakaði hann meðal annars tengsl Breta í Íran-Kontra málinu.

Árið 1993 varð Jennings fyrsti vestræni sjónvarpsmaðurinn sem fór til Tsjetsjéníu, þar sem hann rannsakaði meðal annars mafiustarfsemi. Áður hafði hann myndað í leynd þegar ítalskir mafióssar fluttu mörg tonn af heróíni frá Palermo til Englands og Ameríku.

Á þeim tíma var hann á kafi í að rannsaka spillingu innan Alþjóða ólympíunefndarinnar en fyrsta bókin af þremur er varða spillingu innan ólympíuhreyfingarinnar kom út árið 1992. Næsta kom 1996 og sú þriðja árið 2000.

Því næst beindi hann sjónum sínum að FIFA og Sepp Blatter. Afrakstur þeirrar vinnu kom út í bókinni „Foul! The secret world of FIFA: Bribes, vote-rigging and ticket scandals“ sem var gefin út fyrir HM í fyrra. Niðurstöðu vinnu Jennings í málefnum FIFA hefur einnig mátt sjá í Panoramabáttum BBC.

Jennings er margverðlaunaður fyrir störf sín, bæði fyrir bækur sínar sem heimildarmyndir. - hbg

# Laminn af varaforseta FIFA og í blaðamannafundarbanni hjá Blatter

Breski rannsóknarblaðamaðurinn Andrew Jennings hefur gert mikinn usla í íþróttahreyfingunni síðustu fimmtán ár. Hann hefur flett ofan af Juan Antonio Samaranch, fyrrverandi forseta Alþjóða ólympíunefndarinnar, sem og nefndinni sjálfri. Einnig hefur hann velgt æðstu yfirmönnum FIFA undir uggum.

**ÍÞRÓTTIR** Bretinn Andrew Jennings er vel þekktur í föðurlandi sínu fyrir frábæra rannsóknarblaðamennsku. Jennings spyr spurninganna sem aðrir þora ekki að spyrja og gengur lengra en aðrir í að fletta ofan af æðstu yfirmönnum íþróttahreyfingarinnar. Það hefur hann gert með góðum árangri síðastliðin fimmtán ár.

Í vinnu sinni hefur Jennings komist að hinum ótrúlegustu hlutum er skaðað hafa ímynd stórmenna á borð við Juans Antonio Samaranch, fyrrverandi forseta Alþjóða ólympíunefndarinnar, sem og Sepps Blatter, forseta FIFA, og Jacks Warner, varaforseta FIFA.

Jennings byrjaði á skoða Alþjóða ólympíunefndina áður en hann sneri sér að FIFA. Hann hefur meðal annars greint frá því hvernig forseti FIFA, Sepp Blatter, skapar eld að eigin köku með því að úthluta sjálfum sér drjúgum bónus. Jennings gerði Blatter svo brjáláðan að FIFA hefur sett Jennings í bann frá blaðamannafundum sínum. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt gerist og Jennings er eini blaðamaðurinn í heiminum sem er í banni frá fundum Blatters.

Að sögn Jennings hefur Blatter eytt talsverðu af fé FIFA í að rannsaka hver leki trúnaðarskjólum í blaðamanninn en Jennings hefur birt sum þessara skjala á heimasíðu sinni, transparencyinsport.org.

## Í blaðamannafundabanni hjá Samaranch

Samaranch lét einnig setja Jennings í bann á sínum tíma en varð að hleypa honum aftur inn eftir að kynlífsshneyksli skók Alþjóða ólympíunefndina árið 1996.

Jennings hélt erindi um FIFA og starf sitt á ráðstefnunni Play the Game sem haldin var hér á landi í vikunni. Fréttablaðið settist niður með Jennings á Grand Hótelu og spurði hann út í FIFA, Samaranch og líf rannsóknarblaðamannsins.

„Ég er búinn að lenda í mafiunni og var að rannsaka hættulegt fólk áður en ég fór í íþróttatengdu málefni. Ég tel að síminn minn sé hleraður reglulega og að banka-reikningar mínir séu skoðaðir. Hvað fólk ætlar að finna þar veit ég ekki,“ sagði Jennings, en af hverju beindi hann sjónum sínum



**HATAÐUR HJÁ FIFA** Andrew Jennings er ekki ofarlega á vinsældalistanum hjá Sepp Blatter, forseta FIFA, og Jack Warner varaforseta. Jennings segist ekki hætta að fletta ofan af Blatter og félögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að íþróttageiranum eftir að hafa verið á kafi í mafiúmalunum áður?

„Mér var bent á það af góðum vini mínum að það gæti verið spennandi að rannsaka Alþjóða ólympíunefndina. Þarna var þessi litli maður frá Barcelona sem enginn hafði reynt að fjalla almennilega um. Ég hringdi í félagi minn í Barcelona og spurði hvað hann gæti sagt mér um Samaranch. Hann sagði að Samaranch væri Franco-fasisti og mér var brugðið. Svo sá ég myndir af Samaranch með handlegginn út í loftið að fasisstasið og þá varð ekki aftur snúið,“ sagði Jennings. „Ég sá fljótt að þessir menn litu á sig sem guði.“

Kom það Jennings á óvart hversu mikla spillingu var að finna í íþróttahreyfingunni?



**UMDEILDIR LEIÐTOGAR** Sepp Blatter, til vinstri, og Jack Warner varaforseti afhenda hér verðlaun á HM U-20.

NORIC PHOTOS/AFP

„Það sem kom mér á óvart var hversu auðvelt það er fyrir þessa menn að komast upp með spillunguna. Sambandsaðilarnir standa ávallt með þeim og enginn þorir að standa upp og andmæla þeim. Ástæðan er kannski sú að allir fá sína bitlinga og öllum finnst flott að vera í merkilegri nefnd og fljúga út um allan heim með þykkt dagpeningabúnt í veskinu,“ sagði Jennings ákveðinn.

## Varaforseti FIFA lamdi mig í bringuna

Sepp Blatter, forseti FIFA, bannaði að hleypa Jennings inn á blaðamannafundi sína. Jennings telur að Blatter vilji ekki að hann mæti með trúnaðarskjól á fundi og byrji að spyrja óþægilegra spurninga.

Svo eru það miðamálín hjá Jack Warner varaforseta. Sá fékk alla HM-miðana hjá Trinidad og Tobago fyrir síðasta HM en Warner er einnig formaður knattspyrnusambandsins þar. Warner kom miðunum í hendur fjölskyldufyrirtækis síns sem síðan seldi þá á uppsprengdu verði. Jennings telur að Warner hafi grætt eina milljón dollara á miðasvindlinu.

„Ég hef hitt þessa menn nokkrum sinnum og Warner barði mig reyndar einu sinni. Við fórum til Trinidad og komum honum á óvart. Ég stökk á hann út úr myrkrinu með tvo myndatökumenn. Bauð honum góða kvöldið og spurði síðan hvað hann hefði grætt mikið á HM-miðunum? Hann sagði að ég gæti hoppað upp í rassgatið á mér. Ég var svo ánægður með svarið að ég sýndi það tvisvar í myndinni

minni. Svo rákumst við óvart á hann á flugvelli fjórum dögum síðar. Þá gekk ég aftur á hann með sömu spurningar. Hann barði mig þá fast í bringuna og rauk á brott. Þetta var nokkuð fast högg. Svo hitti ég hann síðar í Zürich og þá sagðist hann ætla að hrækja á mig þar sem ég væri bara rusl. Hann hélt svo áfram að drulla yfir mig og ég vissi að ég var með draumaviðtal í höndunum þannig að ég hélt ró minni og spurði hann áfram kurteislega,“ sagði Jennings kíminn á svip.

## Margt vafasamt hjá FIFA

Þess má geta að síðar hafa embættismenn gert húsleit hjá FIFA og á skrifstofu Blatters. Jennings segist hafa heimildir fyrir því að þar hafi fundist sannanir um mútur af hálfu Blatters og hans manna. Það mál verður samt ekki tekið fyrir en um mitt næsta ár enda gengur rannsóknin hægt og málið erfitt viðfangs.

Einnig er verið að rannsaka meinta spillingu Blatters vegna sjónvarpsréttinda. Forstjóri fyrirtækisins sem á einkarétt á heimsmeistarakeppninni er frændi Blatters, Philippe Blatter. Jennings telur það mál allt mjög vafasamt.

„Það er mjög margt innan FIFA sem kemur manni undarlega fyrir sjónir og það er enn margt sem þarf að rannsaka,“ sagði hinn 64 ára gamli Jennings, sem ætlar að eyða næstu tveimur árum í að rannsaka FIFA áður en hann sest í helgan stein.

henry@frettabladid.is

TEWA REYKJAVÍK, SÍA - 9071342

**Eimskipsbikarinn í handbolta í kvöld!**  
ÍR 2 – HAUKAR  
kl. 18.45 í Austurbergi  
VÍKINGUR – GRÓTTA  
kl. 19.00 í Víkinni  
Þú skorar með okkur! Eimskip

TEWA REYKJAVÍK, SÍA - 9071342

**Eimskipsbikarinn í handbolta í kvöld!**  
HAUKAR 2 – VALUR  
kl. 15.00, Ásvöllum  
FRAM – AFTURELDING  
kl. 17.00, Framhúsinu  
ÍR – AKUREYRI  
kl. 17.00, Austurbergi  
STJARNAN – HK  
kl. 17.00, Mýrinni  
VÍKINGUR 2 – ÞRÓTTUR VOGUM  
kl. 18.00, Víkinni  
Þú skorar með okkur! Eimskip

# WEST HAM TOTTENHAM

24.-26. NÓVEMBER

Verð á mann í tvíþýli frá **52.800 KR.**

Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Liverpool, Blackburn og Birmingham.

+ Nánari upplýsingar:  
www.icelandair.is/ithrottaferdir



WWW.ICELANDAIR.IS



# Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga





**HVAÐ GERA ÞÆR Í KVÖLD?** Keshia Watson hjá Keflavík og Kiera Hardy munu væntanlega há einvígi á Ásvöllum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL/EYVÖR



# Berglind Íris fór á kostum

Berglind Íris Hansdóttir fór á kostum í Valsmarkinu í gær og varði 27 skot þegar Valur lagði serbneska liðið Krusevac með fjórtán marka mun, 34-20.

**HANDBOLTI** Valur er sama sem komið í sextán liða úrslit áskorandakeppni kvenna eftir lauffléttan sigur á serbneska liðinu Napredak Krusevac í gær. Valsstúlkur, sem voru skráðar á útvelli í gær þar sem báðir leiknir verða leiknir í Vodafone-höllinni sigruðu með fjórtán marka mun, 20-34.

Valsstúlkur höfðu lítið fyrir því að koma sér í fimm marka forystu, 2-7, á upphafsmínúturnum og leikurinn vart byrjaður þegar Krusevac tók leikhlé.

Leikhléið skilaði nákvæmlega engu því þegar leið á hálfleikinn sást getumunurinn á liðunum algjörlega.

Það var ekki ofan á bætandi fyrir sláandi lélegan sóknarleik Krusevac að Valsvörnin var í fantaformi, sem gerði Berglindi Hansdóttur auðvelt fyrir í markinu og var hún komin með átján varin skot strax í fyrri hálfleik. Samblanda alls þessa skilaði Val afar auðveldum hraðauppflaupum og munurinn í hálfleik orðinn tíu mörk, 8-18.

Serbarinn komu ögn sterkari til seinni hálfleiks með stórskyttuna Ljiljónu Knezevic í ágætu formi, og náðu mest að minnka muninn í sex mörk, 15-21. Þá vöknudu Valsstúlkur aftur til lífsins. Vörnin hrökk aftur í gang og Krusevac konur fóru að taka fleiri og fleiri glórulaus skot.

Með því gekk Valur á lagið og fór að auka við forystuna jafnt og þétt með Evu Börnu í aðalhlutverki, en hún átti stórleik og skoraði 12 mörk. Á endanum lönduðu Valsstúlkur öruggum og auðveldum fjórtán marka sigri, 20-34.

Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari Vals, sagði sínar konur bara mun sterkara lið en það serbneska.



**FRÁBÆR Í MARKINU** Berglind Íris Hansdóttir átti frábæran leik í gær og hreinlega lokaði markinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Þetta var bara laufflétt. Krusevac er greinilega ekkert mjög sterkt lið og við erum mun betri,“ sagði Ágúst við Fréttablaðið eftir leik en hann var mjög ánægður með leik sinna stúlkna. „Ég var mjög ánægður með leik okkar í dag. Við spiluðum virkilega vel, sérstaklega í fyrri hálfleik og

vörnin var frábær hvort sem við spiluðum 6-0 eða 5-1.“

Ágúst átti von á Krusevac sterkara en þetta. „Við vorum aðeins búin að skoða þær og ég bjóst við þeim sterkari. Við gáfum þeim samt aldrei færi á því að spila af einhverri getu því við vorum bara mun betri hérna í dag.“ - tom

Einvígi framundan hjá Watson og Hardy:

## Hituðu upp með því að brjóta 50 stiga múrinn

**KÖRFUBOLTI** Bandarísku bakverðirnir Keshia Watson hjá Keflavík og Kiera Hardy hjá Haukum hituðu upp fyrir innbyrðisleik liðanna með því að brjóta báðar 50 stiga múrinn í vikunni.

Hardy skoraði fyrst 50 stig í 93-72 sigri Hauka á Val í Vodafone-höllinni á þriðjudagskvöldið en Watson svaraði því með því að skora 51 stig daginn eftir í 103-71 sigri Keflavíkur á Grindavík á Sunnubrautinni í Keflavík.

Þær Kiera og Keshia mætast síðan í kvöld þegar Keflavík heimsækir Hauka á Ásvelli en bæði liðin eru ósigruð það sem af er í deildinni.

Það er fróðlegt að bera saman þessa stórleiki stelpnanna.

Kiera Hardy skoraði 23 stig í fyrsta leikhliða og 35 af 50 stigum sínum í fyrri hálfleik en Keshia Watson skoraði hinsvegar

10 stig eða meira í öllum leikhliðunum og mest 15 stig í fjórða leikhliðunum.

Watson nýtti skotin sín betur (73 prósent gegn 63 prósentum) og þurfti færri skot til þess að skora sín stig en Hardy spilaði aftur á móti færri mínútur og skoraði því fleiri stig á hverja mínútu.

Hardy skoraði mun fleiri stig úr þriggja stiga skotum (33 gegn 24) en Watson skoraði fleiri stig bæði inni í teig (13 gegn 2) og úr hraðauppflaupum (10 gegn 4). Hardy stal fleiri boltum en Watson var bæði með fleiri fráköst, og fleiri stöðsendingar og var að auki þremur stigum hærra í framlaginu (57 gegn 54).

Það verður því fróðlegt að sjá hvað það gera gegn hvorri annarri á Ásvöllum í kvöld en leikurinn hefst klukkan 19.15. - 66j

## Veldu LÚXUS hjá Bílalandi B&L

Það er ekki allt sem sýnist þegar bílar eru fluttir inn notaðir. Áhættuþættirnir eru fjölmargir. Vandaðu valið, veldu trausta aðila í kaupum á nýlegum lúxusbílum þar sem öryggi og þjónusta er í fyrirrúmi. Allir bílar hjá okkur eru vandlega söluskoðaðir og í eigu Bílalands B&L. Komdu í reynsluakstur.



### LAND ROVER RANGE ROVER

Nýskr: 03/2005, 4400cc  
Sjálfskiptur, ljósgrár  
Ekinn 26.000 þ.

**Verð kr. 8.100.000**



### BMW X5

Nýskr: 05/2006, 3000cc  
Sjálfskiptur, dökkgrár  
Ekinn 24.000 þ.

**Verð kr. 5.900.000**



### VOLVO S80

Nýskr: 09/2006,  
Sjálfskiptur, silfurlitaður  
Ekinn 20.000 þ.

**Verð kr. 4.800.000**



### BMW 530xi - 4x4 xDrive

Nýskr: 07/2006, 3000cc  
sjálfskiptur, svartur  
Ekinn 11.000 þ.

**Verð kr. 6.450.000**

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.



**bilaland.is**

BílaLand B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230.

Leikur ársins í NFL-deildinni fer fram í Indianapolis í kvöld:

# Uppgjör bestu liða deildarinnar

NFL Leikurinn sem allir aðdáendur NFL-deildarinnar hafa verið að bíða eftir í vetur fer fram í kvöld. Þá taka meistarar Indianapolis Colts á móti New England Patriots. Bæði lið hafa unnið alla sína leiki í deildinni í vetur og því verður eitt-hvað undan að láta í kvöld. Það hefur aldrei gerst áður í deildinni að tvö ósigruð lið mætist eftir sjö leiki.

Patriots hefur haft gott tak á Colts undanfarin ár en Colts vann loksins í úrslitakeppninni í fyrra í ógleymanlegum leik sem endaði 38-34. Í leiknum mætast tveir af bestu leikstjórnendum deildarinnar frá upphafi - Peyton Mann-

ing hjá Colts og Tom Brady hjá Patriots en báðir hafa farið með lið sín alla leið.

„Tvö ósigruð lið og svo sagan á milli þessara liða. Þetta ætti að verða frábær leikur,“ sagði Tom Brady, sem hefur farið hamförum í vetur. „Það er alltaf gaman að mæta Colts því þá er maður viss um að mæta þeim bestu. Þannig leiki vilja allir leikmenn spila.“

Indianapolis er búð að vinna 13 leiki í röð á heimavelli en sérfræðingar hallast að sigri Patriots enda hefur liðið farið á kostum og skorad mun meira en áður og hreinlega niðurlægt andstæðinga sína. Minnsti sigur liðsins er 17 stiga

sigur en Colts hefur verið í smá vandræðum en þó alltaf unnið sig út úr þeim.

„Peyton er líklega með betri handlegg en ég sem og fljótari. Hann er líka stærri og líklega skynsamari,“ sagði Brady um félagann sinn hjá Colts. „Hann hefur sýnt síðustu ár hvað hann er ótrúlega stöðugur og frábær leikmaður. Ég hef alltaf litið upp til Peytons og dáist að því hvernig hann spilar. Hann hefur skákað mér í síðustu þrjú skipti þannig að leikurinn er mikil áskorun. Vonandi verða menn klárir.“

Leikurinn er í beinni á Sýn og hefst klukkan 21.15.



BESTU LEIKSTJÓRNENDURNIR Peyton Manning og Tom Brady heilsast hér eftir leik liðanna á síðustu leiktíð. - hbg

## ÚRSLIT

### Evrópukeppni kvenna:

**Valur-Krusevac 34-20**  
**Mörk Vals (skot):** Eva Barna 12/1 (17/2), Dagný Skúladóttir 6 (7), Guðrún Drífa Hólgeirsdóttir 6 (8), Íris Ásta Pétursdóttir 3 (4), Nora Valovics 3 (9/1), Kristín Guðmundsdóttir 2/2 (9/3), Hildigunnur Einarisdóttir 1 (1), Katrín Andrésdóttir 1 (3)  
**Varín skot:** Berglind Íris Hansdóttir 27/4 (47/5 57%)  
**Hraðaupphlaup:** 15 (Guðrún Drífa 5, Eva Barna 5, Dagný 2, Katrín 1, Íris 1)  
**Fiskuð viti:** 5 (Nora 2, Eva Barna 2, Katrín 1)  
**Utan vallar:** 8 mínútur.

### N1-deild kvenna:

**FH-Fram 16-31**  
**Mörk FH:** Dröfn Sæmundsdóttir 3, Guðrún Tryggvadóttir 3, Ragnhildur Guðmundsdóttir 3, Birna Helgadóttir 2, Ebba Særún Brynjarsdóttir 2, Gunnur Sveinsdóttir 1, Hildur Þorgeirsdóttir 1, Kristjana Þorradóttir 1.  
**Mörk Fram:** Ásta Birna Gunnarsdóttir 9, Stella Sigurðardóttir 7, Karen Knútsdóttir 3, Sara Sigurðardóttir 3, Guðrún Þóra Hálfðásdóttir 2, Anett Köbli 2, Anna Friðriksdóttir 1, Þórey Rósa Stefánsdóttir 1, Pavla Nevarilova 1, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1, Eva Hrunn Harðardóttir 1.  
**Fylkir-Akureyri 23-15**  
**Mörk Fylkis:** Sunna María Einarisdóttir 7, Elzbieta Koval 4, Natasha Damljanovic 4, Sunna Jónsdóttir 3, Hildur Sif Pálmarsdóttir 2, Hanna Rut Sigurjónsdóttir 1, Elin Helga Jónsdóttir 1, Nataly Valencia 1.  
**Mörk Akureyrar:** Þórsteina Sigurjónsdóttir 6, Monika Rutkowska 2, Jóhanna Tryggvadóttir 2, Anna Erlingsdóttir 2, Ester Óskarsdóttir 1, Anna Morales 1.

### Iceland Express-deild kvk:

**KR-Valur 93-57**  
**Stíg KR:** Monique Martin 41, Hildur Sigurðardóttir 15, Guðrún Þorsteinsdóttir 12, Sigrún Ámundadóttir 11, Lilja Oddsdóttir 5, Elin Bjarnadóttir 4, Helga Einarisdóttir 3, Guðrún Ámundadóttir 2.  
**Stíg Vals:** Signý Hermannsdóttir 20, Stella Kristjánsdóttir 8, Tinna Sigmundsdóttir 8, Cecília Larsson 7, Hafdís Helgadóttir 7, Þórunn Bjarnadóttir 7.  
**Hamar-Fjölnir 61-66**  
**Stíg Hamars:** La Barkus 29, Fanney Guðmundsdóttir 8, Jóhanna Sveinsdóttir 7, Hafrún Hálfðánardóttir 6, Ragnheiður Magnúsdóttir 4, Sóley Guðgeirsdóttir 4, Álfhildur Þorsteinsdóttir 2, Dúfa Ásbjörnsdóttir 1.  
**Stíg Fjölnis:** Slavica Dimovska 30, Gréta Grétarsdóttir 9, Eva Emilsdóttir 7, Birna Eiríksdóttir 7, Brynja Arnardóttir 4, Erla Kristinsdóttir 4, Hrunn Jóhannsdóttir 3, Edda Gunnarsdóttir 2.




**FRAMSTÚLKUR Á FLJÚGANDI FERD**  
 Kvinnalið Fram er á milli siglingu þessa dagana og þær lentu ekki í neinum vandræðum gegn FH í Hafnarfirði í gær og unnu stórsigur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ný tónlist í næstu verslun!



Britney Spears - Blackout



Eros Ramazzotti - e2



REM - Live




Söngvari System Of A Down  
 Serj Tankian - Elect The Dead



Kim Larsen & Kjukken - En Lille Pose Stoj



Robert Plant og Alison Krauss - Raising Sand



Van Morrison - Still On Top: Greatest Hits



Eagles - Long Road Out Of Eden



Backstreet Boys - Unbreakable



Oasis - Lord Don't Slow Me Down




AC/DC - Plug Me In



Neil Young - Chrome Dreams II

góða skemmtun! ▶



sena

okkar heimur // þín skemmtun

## > John Malkovich

Leikarinn stórsnjalli er mikill aðandi Portúgals; eyðir þar miklu af sínum frítíma og hefur tekið upp nokkrar af sínum kvikmyndum þar. Malkovich lætur ekki þar við sitja því á hann sitt eigið hús þar auk þess sem hann á hlut í diskóklúbbi í Lissabon. Malkovich heldur sig þó fjarri Portúgal í myndinni The Hitchhiker's Guide to the Galaxy sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá



VIÐ TÆKID SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HLÆR MEÐ EN EKKI AÐ LJÓSKUNUM HANS HEFNER

## Heimsk, heimskari, heimskust

Þær stöllur Holly, Bridget og Kendra eru frábærar kerlingar. Þær eru aðalhetjurnar í vinsælum þáttum sem bera heitið „Girls of the Playboy Mansion“, á E-television, sem fjalla um Playboy-eigandann Hugh Hefner og kærusturnar hans þrjár. Holly er aðalkærastan, alger barbíúkkja, Bridget í miðrið og á líklega að vera sú „gáfaða“, með háskólagráðu og gengur stundum með gleraugu. Svo er þriðja tóttan hún Kendra sem Hefner kynntist á 78 ára afmæli sínu. Líklega þekkja hana flestir fyrir hneggjandi hlátur.

Þrátt fyrir að þessir þættir ættu að vekja einhverjar uppsölukenndir í mínu feminiska hjarta þá hafa þær ljóskurnar á einhvern undarlegan hátt náð að heilla mig upp úr skónum. Það er eitthvað við einfaldleika þeirra, græskuleysi og vönton á vitsmunum sem gerir frábært sjónvarpsefni.

Við fylgjumst með „venjulegum“ degi þeirra sem yfirleitt snýst um það að finna næsta búning sem þær þurfa fyrir enn eina



af þeim fjölmörgu uppákomum sem þær þurfa að taka þátt í. Hvort sem það er áttæðisafmæli gamla mannsins, Playboy-uppákoma í Vegas eða kappakstur, alltaf eru þær fullkomlega í stíl við hvert tækifæri, vitaskuld eins fáklæddar og hægt er.

Þælingum yfir því að þær skuli allar þurfa að deila rúmi með hrukkótta Hefner á einhverjum tímamarki yti ég hentuglega frá mér. Spái hins vegar því mun meira í það af hverju þessar gellur sætta sig við þetta ástand. Peningar og athyglissýki er yfirleitt svarið sem ég kemst að niðurstöðu um. Eitthvað hljóta þær að fá fyrir þennan þátt sem hefur komið Playboy-merkinu aftur í dagsljósið.

Athygli fá þær næga og svo veit enginn hvaða samningar hafa verið gerðir við þær ef þær tóra nógu lengi í setrinu til að sjá á eftir karlinum í gröfina.

Kannski sofna þær með dollaramerki í augunum á kvöldin við tilhugsunina, hver veit.

## EKKI MISSA AF



▶ **15.40** West Ham-Bolton  
SYN 2



▶ **19.50** JD Modelling Agency  
SIRKUS



▶ **20.35** Forbrydelsen SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15** Damages STÖÐ 2



▶ **22.30** Californication SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í nætur-garði, Róbert Bangsi, Pósturinn Páll, Bubbi byggir, Herkúles, Sígildar teiknimyndir, Finni kostur, Arthur og Ævintýri HC Andersen

**10.50 Váboði** (1:13) (Dark Oracle II)

**11.15 Laugardagslögin**

**12.30 Silfur Egils**

**13.45 Reiði guðanna**

**15.00 Þeir fiska sem róa**

**15.30 Maria Callas**

**16.35 Matur er mannsins megin** (6:6)

**17.30 Táknálsfréttir**

**17.40 Mamma og pabbi gifta sig**

**18.00 Stundin okkar**

**18.30 Spaugstofan**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu**

**20.20 Edduverðlaunin 2007** (1:4)

Kynntar verða tilnefningar til Edduverðlaunanna sem afhent verða á sunnudagskvöld.

▶ **20.35 Glæpurinn** (4:20) Danskir spennuþættir af bestu gerð. Ung stúlka er myrt og rannsókn lögreglunnar leiðir ýmislegt forvitnilegt í ljós.

**21.35 Rithöfundur með myndavél** Mynd eftir Helgu Brekkan um Guðberg Bergsson rithöfund.

**22.30 Sunnudagsbíó - Kórinn** (Les Choristes) Frönsk verðlaunamynd frá 2004.

**00.05 Silfur Egils**

**01.15 Sunnudagskvöld með Evu Maríu**

**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlök**

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Envy**

**08.00 Dutch**

**10.00 New York Minute**

**12.00 The Hitchhiker's Guide To the Galaxy**

**14.00 Envy**

**16.00 Dutch**

**18.00 New York Minute**

**20.00 The Hitchhiker's Guide To the Galaxy**

**22.00 The Interpreter**

**00.05 Crime and Punishment in Suburbia**

**02.00 Emile**

**04.00 The Interpreter**



**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Hlaupin, Barney, Addi Paddi og Funky Valley

**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi sýnir teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri.

**10.05 Barnatími Stöðvar 2** Ben, Tracey McBean 2, Tutenstein, A.T.O.M., Háheimar

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 Nágrannar**

**12.45 Nágrannar**

**13.05 Nágrannar**

**13.25 Nágrannar**

**13.45 Nágrannar**

**14.10 Commander In Chief** (18:18)

**14.55 Extreme Makeover** (19:23)

**15.50 Ítaliúævintýri Jóa Fel** (2:8)

**16.20 Logi í beinni**

**16.55 60 mínútur**

**17.45 Oprah**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.05 Mannamál** Mannamál er nýr samtalsþáttur á Stöð 2. Þættinum stýrir Sigmundur Ernir Rúnarsson, einn reyndasti sjónvarpsmaður landsmanna, sem sett hefur svip sinn á íslenska fjölmiðla undanliðinn aldarfjórðung.

**20.00 Monk** (16:16) Monk lendir óvænt á spítala en er ekki búinn að vera þar lengi þegar hann er komin á kaf í morðrannsókn.

**20.45 Næturvaktin** (8:12) Ný íslensk þáttaröð með Jóni Gnarr og Péttri Jóhanni Sígússyni í aðalhlutverkum. Þættirnir gerast á næturvaktinni á ónefndri bensinstöð í borginni þar sem standa vaktina þrjú geróllkir náungar sem seint munu eiga skap saman.

▶ **21.15 Damages** (5:13) Glænýr og hörkuspennandi lögræðiþáttur með stórleikkonunni Glenn Close í aðalhlutverki. Frobisher er orðinn örvaentingafullur og krefst þess að lögræðingur hans geri líf Pattýar óbærilegt þangað til hún samþykkir að fella málsökunina niður.

**22.00 Something the Lord Made** Ogleymanleg verðlaunamynd með Alan Rickman, Kyru Sedwick og Mos Def í aðalhlutverkum.

**23.50 Saving Grace** (8:13)

**00.35 Monster**

**02.20 The Terminal**

**04.25 Damages** (5:13)

**05.10 Monk** (16:16)

**05.55 Fréttir**

**06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ**



**07.50 NFL Gameday**

**08.20 Meistaradeild Evrópu fréttaröð**

**08.50 Spænski boltinn** (Mallorca - Valencia)

**10.30 Box - Joe Calzaghe-Mikkel Kressler**

**12.00 Evrópumótardöðin** (Volvo Masters)

**16.00 NBA-körfuboltinn 2007/2008** (Boston - Washington)

**17.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Barcelona og Real Betis.

**19.50 King of Clubs** Vandaður þáttur sem fjallar um stórlíðið Barcelona og hvernig því hefur tekist að halda sér í fremstu röð í yfir 100 ár.

**20.25 NFL Gameday** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum.

**21.00 NFL-deildin** (Indianapolis - New England) Bein útsending

**00.00 PGA Tour 2007 Bein útsending** (Children's Miracle Network Classic)



**09.35 Wigan - Chelsea** (e)

**11.15 4 4 2**

**12.35 Coca-Cola Championship** Bein útsending frá leik Norwich og Ipswich í ensku 1. deildinni - Coca Cola Championship.

**14.35 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlífum. Leikmenn heimssóttir, gömlu stjómurarnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**15.05 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**15.40 West Ham - Bolton**

▶ **18.15 Blackburn - Liverpool** (e)

**19.55 Arsenal - Man. Utd.** (e)

**21.35 4 4 2**

**23.00 Newcastle - Portsmouth** (e)

## SKJÁREINN

**08.45 Vörutorg**

**09.45 MotoGP** Bein útsending frá lokamóti tímabilsins í MotoGP sem fram fer í Valencia á Spáni. Ástralinn Casey Stoner hefur komið skemmtilega á óvart í ár og sigrað í hverju mótnu af öðru. Hann er þegar búinn að tryggja sér sigur í keppni ökupóran en ætlar sér að klára tímabilið með stæl í Valencia.

**14.15 Dr. Phil** (e)

**15.00 Charmed** (e)

**16.00 America's Next Top Model** (e)

**17.00 Innlit / útlit** (e)

**18.00 Rules of Engagement** (e)

**18.30 7th Heaven** Bandarísk unglinga-sería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarin áratug.

**19.15 Bak við tjöldin**

**19.30 30 Rock** (e)

**20.00 Dýravinir** (2:14) Að þessu sinni kynnr Guðrún sér hundategundina golden retriever eða gullinsækir og hittir gallharðan fiskaá hugmann. Svo fer hún með kött í bað og blástur og hittir að lokum hestamanninn og viðskiptaráðherrann Björgvin G. Sigurðsson í sveitasælunni.

**20.30 Ertu skarpari en skólakrakk?** Nýr íslenskur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna.

**21.30 Law & Order: SVU** (19:22) Barnaniðingur ræni tveimur börnum og myrdri aðra fjölskyldumeðlimi þeirra. Í kjölfarið hefst æsilegur eltingaleikur upp á líf og dauða. Lou Diamond Phillips leikur barnaniðinginn.

▶ **22.30 Californication** (5:12) Glænýr gamanþáttaröð með David Duchovny í aðalhlutverki. Hann leikur rithöfundinn Hank Moody sem má muna fífl sinn fegurri. Þetta eru ögrandi þættir með kolsvörtum húmor.

**23.05 C.S.I. New York** (e)

**23.55 C.S.I. Miami** (e)

**00.40 Backpackers** (e)

**01.10 Vörutorg**

**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Magasinþáttur - mannlíf og menning á Norðurlandi.** Samantekt um fjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.



Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif

Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: Turbo dísil Intercooler

- 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvvirk tölvustýrð miðstöð
- 5 girja ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 girum aftur á bak
- Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
- 31" TOYO dekk • Leðurvelstýri og leðurgrístöng
- Fjarstýrð þröðlausa þjófavörn • Linsuaðalljós
- Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
- Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
- Hiti í sætum • Pakbogar • 6 hátalarar

# Alvöru dísil jeppar fyrir íslenskar aðstæður...



Tangarhófa 8-12 • 112 Reykjavík  
Sími 590 2000 • www.benni.is  
Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.  
Laugardaga 12.00 - 16.00.



Bilasalan Ós Akureyri, sími 462 1430

Bilahornið hjá Sissa Keflavík, sími 420 3300

Bilasala Vesturlands Borgarnesi, sími 437 2100

Bilasala Austurlands Egilsstöðum, sími 471 3005

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

Eyðsla í blönduðum akstri  
aðeins 8,7 ltr.  
á 100 km.

## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 19.05

## Mannamál með Sigmundi Erni

Mannamál er nýr samtalsþáttur á Stöð 2. Þættinum stýrir Sigmundur Ernir Rúnarsson, einn reyndasti sjónvarpsmaður landsmanna, sem sett hefur svip sinn á íslenska fjölmiðla undanfarninn aldarfjórðung. Í þættinum eru samtöl Sigmundar Ernís við marga kunnustu og umtölðuðustu menn þjóðarinnar.



## ▶ VIÐ MÆLUM MED

Rithöfundur með myndavél  
Sjónvarpið kl. 21.35

Heimildarmynd sem er eins konar óformleg ævisaga skáldsins Guðbergs Bergssonar. Myndum sem Guðbergur tók sjálfur á þrjátíu ára tímabili í Grindavík, á Spáni og í Portúgal er listilega fléttað saman við frásagnir hans og skáldskap þannig að hið hversdagslega og hið skáldlega renna áreynslulaust saman í eitt.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir	16.00 Síðdegisfréttir
08.05 Morgunandakt	16.08 Veðurfregnir
08.15 Ársól	16.10 Úr tónlistarlífínu
09.03 Upp og ofan	17.30 Úr gullkistunni
10.05 Veðurfregnir	18.00 Kvöldfréttir
10.15 Um skáldið og vísindamanninn Jónas Hallgrímsson	18.26 Seiður og hólur
11.00 Guðsþjónusta í dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund	18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
12.00 Hádegisútlarp	19.00 Útúr nóttinni... og inni daginn
12.20 Hádegisfréttir	20.00 Leynifélagið
12.45 Veðurfregnir	20.30 Brot af eilífðinni
13.00 Gárur	21.10 Orð skulu standa
14.00 Hvað er að heyra?	22.10 Veðurfregnir
15.00 Útlarpssleikhúsið: Uppfræðsla Litla trés	22.15 Til allra átta
	23.00 Andrámur
	00.10 Útlarpáð á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## F4 SIRKUS

14.30 Hollyoaks Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

14.55 Hollyoaks

15.20 Hollyoaks

15.45 Hollyoaks

16.10 Hollyoaks

16.35 Hollywood Uncensored

17.15 Most Shocking

18.00 The George Lopez Show (14:22)

18.30 Fréttir

19.00 Sjáðu

19.25 Arrested Development 3

▶ 19.50 Janice Dickinson Modelling Agency Janice Dickison vakti athygli og umtal þegar fyrsta sería raunveruleikabáttar hennar var sýnd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt. Nú er komin að annari þáttaröðinni þar sem Janice heldur áfram að leita að flottustu fyrirsætum Bandaríkja. 2006.

20.30 Windfall (7:13) (e)

21.15 Jake 2.0 (16:16) (e)

22.00 Tekinn 2 (8:14)

22.30 Stelpurnar

22.55 Smallville (16:22) (e)

23.40 The Starlet (1:6)

00.25 Ren & Stimpy

00.50 Ren & Stimpy

01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

## BBC PRIME

10.30 EastEnders 11.00 Life in the Undergrowth 12.00 The Life of Mammals 13.00 Cutting It 14.00 Florida Fatbusters 14.30 Florida Fatbusters 15.00 Doctor Who 15.45 Doctor Who Confidential 16.00 Strictly Come Dancing - The Story So Far 17.00 EastEnders 17.30 EastEnders 18.00 Child of Our Time 19.00 Egypt 20.00 Lewis Carroll - Curiouser & Curiouser 21.00 I Want My Little Boy Back 22.00 Days that Shook the World 23.00 EastEnders 23.30 EastEnders 0.00 Child of Our Time 1.00 Egypt 2.00 Days that Shook the World 3.00 Lewis Carroll - Curiouser & Curiouser

## DR 1

11.30 SKUM TV 11.45 Flemmings Helte 12.00 Boogie Update 12.30 Hjerteflimmer 13.00 Gudstjeneste i DR Kirken 14.00 Doctor Who 14.45 HåndboldSøndag 16.30 Sigurd og Big Bandet 17.00 Mr. Bean 17.25 OBS 17.30 TV Avisen med Sport og Veiret 18.00 Et mål for livet 18.30 Familien 19.00 Forbrydelsen 20.00 21 Søndag 20.40 Søndagssporten med SAS liga 21.05 Dødens Detektiver 21.30 Intime betærelser 23.10 Clement i Amerika

## NRK1

10.00 Allehelgensgudstjeneste fra Lovisenberg kirke, Oslo 11.20 Piken i den gule blusen 12.20 Arven 14.15 Maria Callas - den siste operadiva 15.55 Lyden av lørdag 17.00 Arild og den usynlige byen 17.25 Wurmli 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.05 Kvitt eller dobbelt 20.05 Crash 22.00 Kveldsnytt 22.15 Dokumentar: Bombenes bakmann 23.15 Uka med Jon Stewart 23.40 Larry Sanders-show 0.00 Alfred Hitchcock presenterer 0.25 Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

12.00 Babben & co 13.00 Svensson, Svensson 13.30 Putins system 14.25 I love språk 15.25 Världen 16.25 Muslim i Europa 16.55 Anslagstavlan 17.00 BoliBompa 17.30 Videokväll hos Luuk 18.30 Rapport 19.00 Andra Avenyn 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Färlig fritid 21.40 Vetenskap - Hjárnans hemligheter 22.10 Rapport 22.20 Levande föda 23.05 Fotbollskväll



RÁÐUR

Nýr geisladiskur  
kominn í verlanir!  
Inniheldur meðal annara frábærra laga:  
**Selfoss er,  
Britney  
o.fl. o.fl**

SLÍM ehf.  
WWW.SNIGLABANDID.IS



„Ég er mjög stolt og mjög ánægð fyrir hennar hönd. Mér finnst ekkert að því að hún taki þátt í þessum keppnum og styð hana alveg. Hún fær mikið út úr þessu og þetta er skemmtilegt líka. Hún hefur kynnst fullt af fólki í gegnum þessar keppnir.“

Kristjana Laufey Ásgeirsdóttir, móðir Fannejar Láru Guðmundsdóttur, sem sigraði í keppninni Miss Scandinavia Baltic Sea í vikunni.

HIN HLIÐIN JÓGVAN HANSEN SÖNGVARI OG HÁRGREIÐSLUMAÐUR

Skerpukjöt í miklu uppáhaldi

**Hvað er að fréttu?** Það er allt rosa gott að fréttu. George Michael-sýningin á Broadway er aðalmálið núna, en ég er alltaf á fullu við að syngja og klippa. Undanfarið hef ég fengið mikið af heimsóknum frá Færeyjum en verið of upptekinn til að sinna gestunum almennilega.  
**Augnlitur:** Blágrænn.  
**Starf:** Söngvari og hárgreiðslumaður.  
**Fjölskylduhagir:** Í sambúð og á hundinn Atlas.  
**Hvaðan ertu?** Frá Klakksvík í Færeyjum.  
**Ertu hjátrúarfullur?** Nei, alls ekki, en mér finnst gaman að látast vera það. Færeyingar eru almennt mjög hjátrúarfullir.  
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** The Shield.  
**Uppáhaldsmatur:** Skerpukjöt er mjög gott, mæli með því.  
**Fallegasti staðurinn:** Cortina á Ítalíu.

**iPod eða geislasplari:** Ég verð að segja geislasplari því ég kann á hann. Ég á iPod en finnst hann svo flókinn og hef ekki nennt að læra á hann.  
**Hvað er skemmtilegast?** Að syngja.  
**Hvað er leiðinlegast?** Að bita í tunguna á sér er ógeðslega leiðinlegt.  
**Helsti veikleiki:** Ég geng alltaf of langt í öllu, kann ekki að stoppa.  
**Helsti kostur:** Hvað ég er jákvæður og barnalegur.  
**Helsta afrek:** Að takast að opna hárgreiðslustofuna mína Unique hár og spa í janúar, einmitt þegar sem mest var að gera í X-factor og ég að flytja á milli íbúða í þökkabót. Svo er ég stoltur af því að hafa komist inn í íslenskt samfélag.

**Mestu vonbrigðin:** Ég verð sjaldan fyrir miklum vonbrigðum. Varð reyndar mjög full um daginn þegar ég ætlaði í heimsókn til Færeyja en ekki tókst að lenda flugvélinni vegna veðurs. Ég þurfti að snúa aftur til Íslands og missti af partíi þar sem allir biðu eftir mér.  
**Hver er draumurinn?** Að Færeyjar öðlist sjálfstæði.  
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Hans Hjalti, frændi minn.  
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Lélegar bækur. Ég klára samt alltaf að lesa þær vegna áður nefnds veikleika.  
**Hvað er mikilvægast?** Að einblína ekki á vandamálin heldur lausnirnar.



Þrjú afmæli sama dag

Hjónin Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson, bústjórar á tilraunabúinu Stóra-Ármóti utan við Selfoss, hafa haft í nægu að snúast undanfarna daga því svo ótrúlega vill til að þrjú af fimm börnunum þeirra áttu afmæli á föstudag, hinn 2. nóvember. Tvíburarnir Hannes og Hólmar urðu 8 ára og systir þeirra, Hallgerður, fagnaði þriggja ára afmæli sínu. „Bræðurnir fengu að halda upp á afmælið sitt á fimmtudag, systirin á föstudag og svo var fjölskylduafmæli í gær,“ segir Hilda en fjölskylduafmælið var fyrir fjögur barnanna þar sem aldursforsetinn í barnahópnum, Helga Margrét, verður tíu ára 8. nóvember.



ÖLL Í NÓVEMBER Tvíburabæðurnir Hólmar og Hannes eiga sama afmælisdag og Hallgerður systir þeirra sem er hér lengst til hægri. Systir þeirra, Helga Margrét, á afmæli sex dögum síðar.

12. október. Öll börnin eiga því afmæli á innan við mánaðartímabili. Hilda segir að það séu bæði kostir og gallar við að afmælisdagarnir raðist svona. „Það þarf náttúrulega bara að halda eina veislu fyrir þessi þrjú, sem er ákveðinn kostur. En ég er ekkert viss um að strákunum finnist gaman að hafa smástelpuafmæli samhliða sínu eftir nokkur ár.“

„Ættingjarnir hafa gert grín að þessu og sagst þurfa að gera ráð fyrir þessum dögum í fjárhagsáætlunum ársins, en það hefur enginn hætt að mæta ennþá,“ segir Hilda og hlær. Fimmta barnið, hin árgamla Hanna Dóra, á afmæli



FATÓ  
 ÚTSÖLUMARKAÐUR  
 LÚXUS MERKJAVARA

9 DAGA ÚTSÖLUMARKAÐUR

LAUGAVEGI 91 - 2. HÆÐ

LÚXUS MERKJAVARA ÚR:

EVA COMPANYS Kultur gs skór CENTRUM Kultur

Á ÓTRÚLEGUM...

80%

AFSLÆTTI

OPIÐ Í DAG kl. 13-17

**FATNAÐUR:** DKNY - GERARD DAREL - NICOLE FARHI - FRENCH CONNECTION - PAUL & JOE - MALENE BIRGER - INWEAR - PART TWO - GREAT PLAINES - SEVEN JEANS - MAVI JEANS - BILL TORNADE - IMPERIAL FASHION - IKKS - S'NOB - SAINT TROPEZ - ACQUAVERDE - JUST IN CASE - **SKÓR OG STÍGVÉL:** SPIRAL - SENDRA - BRONX - BULL BOXER - SANCHO

\*Opíð: 2. - 10. nóvember  
 virka daga 11-18  
 sunnudag (4. nóv.) 13-17

FATÓ

FATÓ - ÚTSÖLUMARKAÐUR - LAUGAVEGI 91 - 2. hæð

FRÍÐRIK OLGEIRSSON: DAVÍÐ FYRSTI FRÆGI ÍSLENDINGURINN

Davíð Stefánssyni markvisst haldið frá Nóbelenum

Davíð Stefánssyni frá Fagraskógi var markvisst haldið fyrir utan tilraunir Íslendinga á fyrri hluta síðustu aldar til að koma íslensku skáldi á framfæri við Nóbelsverðlaunanevndina sökum þess að hann þótti ekki nógu vinstrisinnaður. Þetta kemur fram í ævisögu skáldsins sem sagnfræðingurinn Friðrik Olgeirsson hefur skrifað og kemur út fyrir þessi jól. Þrátt fyrir miklar tilraunir vinstri aflanna til að reyna að fá Davíð yfir til sín heppnaðist það ekki og fyrir vikið var hann eiginlega skilinn út undan. „Bókmenntaelítan á þessum tíma var honum andsnúin sökum þessa og þetta var viðurkennt í blaðgreinum og viðtölum eftir að hann dó.“



ENGIN BRÉF TIL Friðrik segir að skáldinu hafi verið ákaflega annst um sína einkahagi og því brennt öll sín bréf. Til gamans má geta þess að ruggustóllinn sem Friðrik situr í er frá Steingrími Thorsteinssyni og var smíðaður á 19. öld.

Fríðriki kom það nokkuð á óvart þegar hann hófst handa við að við að sér efni fyrir bókina að aðeins eitt bréf var til á Þjóðarbókhöðunni sem stílað var á Davíð. Skáldið geymdi engin bréf sjálft heldur brenndi þau öll enda var honum mjög annst um sína einkahagi. Árið 2005 var hins vegar opnaður pakki á Héraðskjalasafninu á Akureyri þar sem í ljós komu bréf frá Davíð til hinnar sænsku Önnu Z. Osterman en hún var gistikennari við



UTANGÁTTA HJÁ ELÍTUNNI Davíð Stefánsson aðhylltist ekki vinstri stefnu og var því utangarðs hjá bókmenntaelítunni á fyrri hluta síðustu aldar.

Háskóla Íslands. Pakkinn barst safninu annað hvort 1965 eða 1966 og honum fylgdu skýrar leiðbeiningar um að ekki mætti opna hann fyrr en að mörgum árum liðnum. Þar kemur fram að Anna taldi Davíð mesta skáld Íslendinga og lagðist í að þýða skrif hans og reyna að koma honum á framfæri við Nóbelsakademíuna. „En því miður var þetta of mikil vinna hjá Önnu og kom bara ári of seint.“

Að sögn Friðriks var samband þeirra Önnu og Davíðs eingöngu bréflengt en hann lýsti því yfir við bróðurdóttur sína að það færi ekki saman að vera fjölskyldumaður og skáld. Friðrik segir

jafnframt að Davíð hafi verið tvískiptur persónuleiki; hann hafi getað verið hlýr og nærgætinn en einnig hranalegur og hamslaus. Að sögn Friðriks var Davíð lifandi goðsögn og eiginlega fyrsti „frægi“ Íslendingurinn eins og þekktist í dag. Hann var eltur hvert fótmál, fjölmiðlar fylgdust grannt með ástamálum skáldsins og allt sem hann sagði eða skrifaði varð að umfjöllunarefni á kaffistofum og á síðum dagblaðanna. „Hann hafði svo ofboðslega mikla útgeislun og persónutöfra að allt sem hann sagði varð eitt-hvað svo merkilegt.“

freygigja@frettabladid.is

Íslenskt vatn á þekktri hátíð

Íslenska vatnið Iceland Glacial, sem á uppruna sinn í Snæfellsjökli, var opinbert drykkjarvatn á BFI-kvikmyndahátíðinni sem nýverið lauk í London. Hátíðin, sem var haldin í 51. sinn, er með þeim elstu og virðulegustu í heiminum og mætti fjöldi stjarna á svæðið til að sýna sig og sjá

aðra, þar á meðal Halle Berry, Tom Cruise, Robert Redford, John Cusack og Christian Bale.

„Við erum mjög ánægð með að geta boðið upp á Icelandic Glacial á kvikmyndahátíðinni í London. Við kynntum Icelandic Glacial í fyrsta skipti á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 2005. Það er spennandi að tengja vöruna við virta atburði og það hefur gefist vel,“ segir Jón Ólafsson, sem er maðurinn á bak við vatnið. Gerði hann nýverið stóran dreifingarsamning í Bandaríkjunum og var hátíðin í London liður í því að kynna vatnið. Jón var sjálfur viðriðinn kvikmyndabransann í yfir tuttugu ár og þekkir því vel til á þeim bænum.



LAURA LINNEY Leikkonan Laura Linney á blaðamannafundi með íslensku vatnið fyrir framan sig. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



JÓN ÓLAFSSON Jón vinnur að því að kynna Icelandic Glacial á erlendum markaði.

CRONENBERG Leikstjórinn David Cronenberg svalaði sér á íslenska jöklatvatni.

Þótt stjörnur hafi skálað í einhverju sterkara á milli var það algeng sjón að sjá þær svala þorsta sínum á jöklatvatni frá Íslandi. David Cronenberg, leikstjóri Eastern Promises, sást drekka vatnið í viðtali við vefsíðunni Empire, auk þess sem það var í forgrunni blaðamannafunda með Lauru Linney, sem hefur leikið í Mystic River og Love Actually, og leikstjórans Wes Anderson.

STÓRKOSTLEGT VERK

# EIN VÍÐTÆKASTA UMFJÖLLUN UM TILVIST MANNSINS SEM SÉST HEFUR

Bókin, sem er full af fróðleik, snertir á öllu sem viðkemur mannum og eykur skilning okkar á því hver við erum.

Ævintýrlegur leiðangur um öll svið mannegrar tilveru, allt frá því hvernig líkami okkar starfar til þess hvernig við hugsum og framkvæmum. Bókin varpar ljósi á fjölbreytni mannlífsins og veitir sýn á ótrúlega fortíð okkar, heillandi nútíð og undraverða framtíð.

**Jpú**  
JPV ÚTGÁFA  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

Tilboðsverð  
**kr. 9.990**  
til áramóta

Verð frá 1. janúar:  
kr. 12.980



Bókin er 506 blaðsíður og prýdd aragrúa stórfenglegra skýringarmynda og ljósmynda.



**BAKÞANKAR**  
Jóns Arnar  
Marinóssonar

## Billjónsdagbók 4.11.

OMX115 var 8.001,60, þegar síminn vakti mig skelþunna í eksklúsífu svítunni á Hótel Hermitage í Mónakó, og Dow Jones var 13.930,01 þegar ég heyrði í gegnum höfuðkvalirnar að Iwaunt Moore var að hringja frá útrásarstöðinni sem við fengum Össur til að opna í Sungaipakning gegn því að við redduðum samruna á milli Össurar og Susilo Bambang Yudhoyono yfir bolla af tei. Mér leið eins og verðkönnunarkjöti; mér var svo flökurt í símanum.

**IWAUNT** Moore bað mig að skila kveðju til mrsster Skarpjensson frá Susilo Bambang Yudhoyono og þakka fyrir myndirnar sem mrsster tók í partíinu og sendi á meilnum. Susilo segði að mínister Ossur væri talandi dæmi um markaðsvænan hugmyndafræðilegan samruna. Íslenskt privatkapítal þyrfti ekki að hafa áhyggjur út af dsjópörmal proffitt á meðan það hefði orkubolta eins og Skarpjensson til að selja útrásarfélög sem væru ekki til. Mestu skipti að þær væru til, Indónesía og Sudurnesía.

**ÉG** var að fá upp í háls af Bambang og Skarpjensson þegar Iwaunt kom sér loks að efninu: „And... gess vott?!“ hvíslaði hann. Ég missti alkaseltserinn. Var þessi Svandís að hóta einhverju?! Nei – Iwaunt Moore tilkynnti að þotan mín, MÍN PRÆVEIT ÞÓRSÓNAL DSJETT, yrði tilbúin til afhendingar klukkan 11.30 grínítsj mín-tæm á London Sittí Erport 16. díseember. Ég gleymdi strax bæði þynnkunni og Svandísi.

**ÉG** hef ekki fundið svona upphafningu síðan ég náði í Sjálfsmín-banka. Verst að ég þekki engan á Hótel Hermitage til að fagna með mér. Það hefði til dæmis verið munur að hafa Óla og Dorritt til að skála með sér fyrir nýju þotunni í Krug Clos du Mesnil sem er ágætt til heimabruks. En því miður. Óli, sem segir að megi aldrei slaka á í sjálfstæðisbaráttunni og er að berjast fyrir sjálfstæðinu í eksklúsívu svítunni við hliðina á mér, varð að fara út í snekkju að hitta ólígarka. Ég ætla samt að hringja á rúm sórvís.

**ÉG** sad áðan einn í gvölröggrinu údá svulum. Ég er orðin hálffullur av Krú Kló. É var a horfa yvir Skver Bómar sí o immitt a huxa hva mar orðinn gasalega al.. al.. alþjóleur o av háum standard. Skál, þodukall! Ísland evrum skori!! É vill... é fæ... þig...

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er sunnudagurinn  
4. nóvember, 308. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.19	13.11	17.03
Akureyri	9.14	12.56	16.37

Heimild: Almanak Háskólans



## Þú getur bókað að við erum sveigjanleg

Heimurinn er stór og margar leiðir færar. Við erum **sveigjanleg** og bjóðum fjölda bókunarmöguleika.

Þú getur bókað aðra leið ef þú vilt, flogið til eins áfangastaðar og heim frá öðrum - ekkert mál. Þú færð eins mikla þjónustu og þú kýst hverju sinni hjá Iceland Express.

**Iceland Express** með ánægju